# FRÉTTABLAÐIÐ

299. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. DESEMBER 2015




„Æfingin gekk voða vel og kórinn er orðinn svo samstilltur. Ég veit það fyrir víst að fólk úti um allan heim horfir á þessa útsendingu," segir séra Vigfús Þór Árnason, um aftansöng í Grafarvogskirkju sem haldinn er árlega á aðfangadagskvöld. Stöð 2 og Vísir munu sýna beint frá aftansöngnum en myndin er tekin á generalprufu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Greindarskertur umkomulaus um jólin

**Fjórum mönnum sem hafa verið í gæsluvarðhaldi í tólf vikur vegna gruns um fikniefnasmygl verður sleppt í dag. Lögregla hefur ekki lokið rannsókn. 27 ára greindarskertur Hollendingur líklega settur í farbann en á í engin hús að venda. Verjandinn hefur áhyggjur.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það verður farið fram á farbann yfir honum í dag. Ég veit ekkert hvað verður um hann ef dómari fellst á kröfuna," segir Ómar Örn Bjarnþórsson, verjandi 27 ára gamals Hollendings með greindarskerðingu og andlega fötlun sem sætt hefur gæsluvarðhaldi í tólf vikur.

„Það er lögreglan sem er að fara fram á þvingunarráðstöfunina og verður því að finna eitthvert úrræði fyrir hann og útvega honum dagpeninga," segir hann.

Maðurinn, ásamt öðrum Hollendingi og tveimur Íslendingum, er grunaður um að hafa reynt að smygla 23 kílóum af sterkum fíkniefnum til landsins. Mönnunum verður sleppt úr gæsluvarðhaldi í dag og verður farið fram á farbann yfir Hollendingunum. „Hann hefur alla tíð búið hjá móður sinni og býr yfir mjög takmarkaðri enskukunnáttu. Ég hef áhyggjur af því hvernig hann komi til með að bjarga sér einn síns liðs á gistiheimili úti í bæ," segir Ómar.

> Ég hef áhyggjur af því hvernig hann komi til með að bjarga sér einn síns liðs á gistiheimili úti í bæ
>
> Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður



Lögreglunni hefur ekki tekist að ljúka rannsókn málsins og samkvæmt lögum er ekki heimilt að úrskurða menn í gæsluvarðhald lengur en í tólf vikur nema ákæra verði gefin út. Það verður ekki gert í dag og þess vegna er mönnunum sleppt úr haldi. Aldís Hilmarsdóttir, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir málið umfangsmikið en enn til rannsóknar.

Ómar segir manninn ekki eiga í nein hús að venda á Íslandi. „Ég held hann átti sig ekki almennilega á því að nú þurfi hann að vera á gistiheimili í Reykjavík þar til ákæra verður gefin út eða þar til dómur í málinu fellur," segir Ómar og bætir við að það geti tekið fleiri mánuði. – **ngy**

## 14 börn talsetja

**LÍFIÐ** „Ég fór bara í nokkrar prufur, og svo kom í ljós að ég yrði valinn," segir Gunnar Hrafn Kristjánsson sem talar fyrir hinn heimsþekkta Charlie Brown í nýrri mynd um Smáfólkið en myndin er talsett af fjórtán börnum sem öll eru undir tólf ára aldri. – **ga** / sjá síðu 56




## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gætum að hagsmunum Íslands, skrifar Haukur Þór Hauksson. 26-28

**SPORT** Ólympíuleikarnir gulrótin fyrir strákana okkar. 30-32

**MENNING** Ég skapa þess vegna er ég nefnist ný bók Soffíu Auðar Birgisdóttur um verk Þórbergs Þórðarsonar. 42-46

**LÍFIÐ** Manuela Ósk var viðstödd fegurðardrottningarfeil í Las Vegas. 50-56




**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




**Norðlæg átt** og nokkuð bjart norðanlands fyrri hluta dags, en snjókoma eða él fyrir sunnan og austan. Stöku snjókorn gætu fallið suðvestan- og vestanlands og því er ekki útilokað að allir landsmenn verði varir við einhvern snjó. Hiti um frostmark.

SJÁ SÍÐU 36



**Lárus var dæmdur fyrir umboðssvik í Stím-málinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lárus Welding dæmdur í fimm ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir umboðssvik í Stím-málinu svokallaða í Héraðsdómi Reykjavíkur

Þá fékk Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis, tveggja ára fangelsisdóm og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi forstjóri Sögu Capital, átján mánaða dóm.

Í málinu var Lárus ákærður ásamt þeim Jóhannesi og Þorvaldi fyrir lánveitingar Glitnis til hlutabréfakaupa í Glitni og FL Group. Neituðu þeir allir sök. **– ngy**

# Banaslys í Ártúnsbrekku

**LÖGREGLUMÁL** Maður á sextugsaldri sem varð fyrir bíl í Ártúnsbrekkunni í gærmorgun er látinn. Ekið var á manninn sem var á hjóli rétt hjá bensínstöð N1 um hálf sjö í gær og var veginum til austurs lokað í einn og hálfan tíma á meðan lögreglan var að störfum. Lögreglan leitar nú vitna að slysinu og biður þá sem kunna að hafa orðið vitni að hafa samband við sig. **– ngy**

## Jólasveinar einn og átta



**Nú fer hver að verða síðastur að kaupa jólagjöf fyrir sína nánustu. Á Íslandi þykir það góð hefð að gefa góða bók en fjölmargir hafa eflaust lagt leið sína í bókabúðir borgarinnar til að vaða jólabókaflóðið fyrir aðfangadag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Frumherji loks komið í söluferli

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur sett hlut sinn í Frumherja í söluferli. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður fyrirtækið auglýst á næstu dögum.

Áttatíu prósenta hlutur í fyrirtækinu er í eigu bankans en 20 prósent í eigu Orra Hlöðverssonar og Ásgeirs Baldurs. Fyrirtækið er það stærsta á markaðnum sem sinnir bílaskoðun, en það gegnir jafnframt fjölbreyttari starfsemi.

Vísir greindi frá því 12. nóvember að fyrirtækið yrði sett í sölu á allra næstu dögum og er það nú orðið að veruleika.

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra, og fleiri fjárfestar keyptu Frumherja árið 2007 af Óskari Eyjólfssyni. Eftir bankahrunið var fjárhagur fyrirtækisins endurskipulagður og eignaðist Íslandsbanki hlut í fyrirtækinu þegar því ferli lauk í janúar 2014. **– jhh**

# Fyrirspurnum foreldra um tölvuleiki fækkar

**Í Noregi leika 40 prósent 9-16 ára barna tölvuleiki sem ætlaðir eru 18 ára og eldri. Halda þarf málaflokknum vakandi, segir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Hún telur foreldra almennt betur upplýsta.**

**SAMFÉLAG** Fjörutíu prósent norskra barna á aldrinum 9-16 ára leika tölvuleiki sem framleiðendur leikjanna mæla með að séu ekki fyrir yngri en 18 ára. Þetta kemur fram í skýrslu norsku netöryggismiðstöðvarinnar fyrir árið 2014.

Á vef norska ríkisútvarpsins er greint frá því að margir foreldrar kaupi þessa leiki handa börnunum sínum, til dæmis í jólagjöf. Bent er á að ekki sé bannað að kaupa tölvuleikina fyrir yngri börn en 18 ára. Aldurstakmarkið sé hins vegar leiðbeinandi.

Thomas Nordahl, prófessor í uppeldi við Háskólann í Hedmark, segir foreldra verða að gera sér ljóst að það skapist þrýstingur meðal annarra barna láti þeir undan óskum um kaup á ofbeldisfullum tölvuleikjum. Það séu skilaboð til annarra foreldra um að þetta skipti ekki svo miklu máli.

Á Íslandi var gerð könnun árið 2005 á vegum vakningarátaksins SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, á notkun tölvuleikja meðal 9-16 ára barna. Fjórðungur barnanna sagði að foreldrar þeirra þekktu frekar lítið eða mjög lítið til þeirra leikja sem þau spiluðu í leikjatölvum. Um 40 prósent sögðu að foreldrar þeirra þekktu lítið eða mjög lítið til netleikja. Jafnframt kom fram að um þriðjungur barna keypti leiki sem ekki voru ætlaðir þeirra aldurshópi.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir fyrirspurnum frá foreldrum um tölvuleiki hafa fækkað enda hafi verið unnin mikil forvarnavinna á vegum SAFT og Heimilis og skóla.




**Samtökin Heimili og skóli hafa fengið fyrirspurnir vegna tölvuleiksins Grand Theft Auto.**

> **Ef til vill eru yngri foreldrar betur upplýstir um tölvuleikjanotkun þar sem þeir spila jafnvel tölvuleiki sjálfir. En það er með þetta eins og allt forvarnastarf. Það þarf að halda málaflokknum vakandi og ekki slaka á kröfunum.**



Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

„Það er helst að við fáum fyrirspurnir um notkun bannaðra leikja þegar út koma nýir leikir eins og Grand Theft Auto og þess háttar. Þá skapast alltaf umræða um fyrir hvaða aldur slíkir leikir eru og hvað þeir innihalda. Það er þá helst þegar foreldrar vilja sameinast um uppeldisleg viðmið, eins og til dæmis þegar þeir vilja koma í veg fyrir að barnið þeirra spili bannaða leiki í heimsókn hjá vinum."

Það er mat Hrefnu að líklega megi greina minni áhyggjur þar sem foreldrar séu nú almennt betur upplýstir. „Ef til vill eru yngri foreldrar betur upplýstir um tölvuleikjanotkun þar sem þeir spila jafnvel tölvuleiki sjálfir. En það er með þetta eins og allt forvarnastarf. Það þarf að halda málaflokknum vakandi og ekki slaka á kröfunum."

**ibs@frettabladid.is**

Þráðlaus kjöthitamælir
Fyrir grill og ofna



4.990
FULLT VERÐ 7.990
LANDMANN
Er frá Þýskalandi
Stilltu á tegund og steikingu
Mælirinn lætur þig vita þegar maturinn er tilbúinn
Opið alla daga til jóla
www.grillbudin.is
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA TIL 24.12
50% afsláttur
22.12 OPIÐ TIL 22
23.12 OPIÐ TIL 23
Sparið 2000
FLÍSTEPPI
33% afsláttur
SÆNG+KODDI
FULLT VERÐ: 9.995
7.995
høie OF SCANDINAVIA
FULLT VERÐ: 1.495
995
REIDAR LÚFFUR OG HANSKAR
Fást í 4 litum. Með endurskini. Stærð: 3-10 ára.
Vnr. 5887900
FULLT VERÐ: 1.995
995
FLÍSTEPPI
Fást í 2 gerðum. Stærð: 130 x 180 sm. Vnr. 530-15-1006
HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. St. 140 x 200 sm.
Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir.
Vnr. 4117000
20-70% AFSLÁTTUR AF ALLRI JÓLAVÖRU!
Sparið 4000
Allt að 25% afsláttur
ANDY STÓLL
Fallegur stóll með góðri setu og baki.
Fætur úr gegnheilli, lakkaðri eik.
Fáanlegur í hvítum, svörtum, ljósbláum, gráum og rauðum lit.
Vnr. 8880000790
ÖLL BARNA-SÆNGURVER Á FRÁBÆRU TILBOÐI
Fáanlegar stærðir:
140 x 200 sm.
og 50 x 70 sm.
100 x 140 sm.
og 40 x 45 sm.
70 x 100 sm.
og 40 x 45 sm.
FULLT VERÐ: 14.950
10.950
MOLLIE
NÚ VERÐ FRÁ:
1.249
21% afsláttur
TRIAL LEÐURHANSKAR
Nokkrar stærðir og gerðir fáanlegar. Vnr. 5836000
FULLT VERÐ: 1.895
1.495
20-30% afsláttur af öllum handklæðum
33% afsláttur
BYLGJA
Allt að 50% afsláttur
1 SETT NÚ VERÐ FRÁ:
995
FULLT VERÐ: 4.495
2.995
SOLVEIG
FANA HEILSUKODDI
Heilsukoddi með sérhönnuðu efni sem hefur þrýstijafnandi eiginleika. Koddinn styður vel við háls og hnakka og stuðlar að þægilegum og góðum nætursvefni. Ofnæmisvottað áklæði úr 55% polyester/ 45% bambus sem þolir þvott við 40°C. Stærð: 30 x 50 x 10/7 sm. Vnr. 4307100
LAURA
ANDRA
EMILLA
SÆNGURVERASETT
Mikið úrval!
BYLGJA
3.995 nú 2.995
MOLLIE
1.995 nú 995
SOLVEIG
2.495 nú 1.745
EMILLA
2.995 nú 1.995
LAURA
2.495 nú 1.995
ANDRA
2.995 nú 1.495
Vnr.
1031-1010, 1224381, 1340480, 1030-1018, 1337580, 1336580

# Grunur er um tuttugu þolendur mansals hjá lögreglu á árinu

**SAKAMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur skilgreint um tuttugu einstaklinga sem þolendur mansals í viðræðum og athugunum þar sem grunur hefur vaknað á liðnu ári. Þar af leituðu tveir einstaklingar sjálfir til lögreglunnar vegna meints vinnumansals.

„Núna á þessu ári höfum við á höfuðborgarsvæðinu fengið til okkar tvo einstaklinga sem hafa óskað eftir aðstoð sem þolendur mansals, en svo þegar liðið hefur á rannsóknina þá drógu þeir ósk sína til baka,“ segir Snorri Birgisson rannsóknarlögreglumaður hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. „Við erum búin að ræða við um tuttugu manns sem við skilgreinum sem þolendur mansals á árinu vegna þess að þeir sýna öll einkenni þess en hafa ekki óskað eftir aðstoð. Slíkt er algengt og í sumum tilfellum gera þolendur sér ekki grein fyrir stöðu sinni.“

Snorri segir ástæðu til þess að hafa áhyggjur af fjölgun mansalsmála. „Hér á landi er það fyrst og fremst aukinn fjöldi ferðamanna og erlendra verkamanna hingað til lands sem vekur áhyggjur. Hælisleitendur eru líka hópur í viðkvæmri stöðu og því þarf að hafa augun opin gagnvart slíku hér á landi.“

Skortur er á úrræðum handa þolendum mansals. Kvennaathvarfið tekur á móti kvenkyns þolendum. Snorri bendir á að það henti ekki í þeim tilvikum sem þolandi þarf ríka vernd.

„Kvennaathvarfið er virkilega góður staður og þar vinnur traust fagfólk, en athvarfið hentar ekki alltaf. Í sumum tilfellum þarf að færa einstaklinga út fyrir höfuðborgarsvæðið, það þarf jafnvel að færa þá út fyrir landsteinana. Við þurfum strax föst úrræði fyrir karlkynsþolendur og börn og þurfum að þróa verklag, leiðir og úrræði þegar Kvennaathvarfið hentar ekki. Þá þurfum við gott þverfaglegt náið samstarf við fagaðila í þessum málum og ég hef trú á því að það verði í náinni framtíð.“ **– kbg**



**Í Kvennaathvarfinu er unnið gott starf, en það hentar alls ekki öllum þolendum mansals.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Blatter og Platini er gert að hafa misnotað aðstöðu sína.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Úrskurðaðir í átta ára bann

**SVISS** Sepp Blatter, forseti FIFA, og Michel Platini, forseti Evrópska knattspyrnusambandsins, hafa verið úrskurðaðir í átta ára bann við að starfa við knattspyrnu.

Platini er gert að hafa þegið ósiðlega 184 milljóna króna greiðslu frá Blatter og komst rannsóknarnefnd siðamála hjá FIFA að niðurstöðu um bannið. Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að þeir hafi misnotað aðstöðu sína.

Blatter sagði á blaðamannafundi í gær að hann myndi þrátt fyrir úrskurðinn berjast í eigin þágu og þágu FIFA. Hann telur málið allt saman leiksýningu, setta á svið til að sverta mannorð hans. **– srs**

## Tveggja ára fangelsi fyrir frelsissviptingu

**DÓMSMÁL** Gunnar Már Björnsson og Sigurður Brynjar Jensson voru í gær dæmdir til tveggja ára fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir frelsissviptingu, rán og líkamsárás.

Voru þeir báðir ákærðir fyrir frelsissviptingu og rán með því að hafa svipt 22 ára gamlan mann og átján ára kærustu hans frelsi á heimili þeirra. Var Gunnar Már sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás í tengslum við frelsissviptinguna.

Báðir voru þeir dæmdir til að greiða manninum og stúlkunni eina milljón króna hvoru í miskabætur. **– ngy**

# Náungakærleikur dafnar og samkennd er meiri eftir hrun

**Sjálfboðaliðar gáfu ríkulega til Hjálparstarfs kirkjunnar í ár. Fæstir sem hjálpa vilja láta nafns síns getið. Einn sjálfboðaliði kom færandi hendi í bíl fullum af gjöfum handa unglingsstrákum. Vanalega fá tæplega fjögur þúsund manns aðstoð fyrir jólin en umsjónarmaður innanlandsstarfsins telur færri hafa sótt um aðstoð í ár.**

**SAMFÉLAG** „Náungakærleikur hefur aukist mikið eftir hrun, fjöldi einstaklinga og hópa býður fram aðstoð sína til efnalítils fólks,“ segir Vilborg Oddsdóttir, umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar.

Markmið Hjálparstarfsins með sérstakri desemberaðstoð við efnalitlar fjölskyldur er að gera fólki kleift að gleðjast með sínum nánustu yfir hátíðirnar og stuðla að aukinni félagslegri virkni.

Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem styrkt eru með framlagi Pokasjóðs. Í ár afhenti stjórn Pokasjóðs verslunarinnar Hjálparstarfinu tíu milljóna króna styrk í formi inneignarkorta. Að auki koma fjölmargir sjálfboðaliðar færandi hendi.

„Svona var þetta ekki fyrir hrun, þá voru þetta fáir góðir einstaklingar. Eftir hrun varð til náungakærleikur og samkennd sem linnir ekki og heldur bara áfram. Flestir þeirra sem hjálpa vilja ekki láta nafns síns getið. Við höfum rætt það að það vantaði gjafir fyrir unglingsstráka fyrir þessi jól. Kona ein brást við ákallinu, safnaði fyrir gjöfum og keyrði svo hingað með fullan bíl af gjöfum fyrir stráka.“

Vilborg segir gjafmildi fólks hafa verið einstaklega ríkulega í ár hvað varðar fatnað. „Við fengum ótrúlega mikið gefins af fallegum fötum fyrir jólin og fólk gat valið úr flíkum. Það hefur sjaldan verið eins gott. Þá eru margir sem prjóna fyrir okkur.“

Nú rétt fyrir jól er mestri aðstoð lokið hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Vilborg segist halda að færri hafi sótt um aðstoð fyrir jólin en síðustu ár en vanalega fá tæplega fjögur þúsund manns aðstoð.

„Aðeins brot af þeim sem þiggja aðstoð um jólin biður um aðstoð á öðrum tímum ársins. Jólin eru sérstaklega erfiður tími fyrir marga.“

Í dag geta þeir sem hafa sótt um aðstoð sótt sér jólatré. „Skógrækt Reykjavíkur gefur íslensk jólatré í ár. Það eru ekki margir sem sækjast eftir því en alltaf einhverjir, margir í okkar hópi eru með gervitré.“

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



**Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar segir þá sem þáðu aðstoð í ár hafa getað valið úr glæsilegum fatnaði og gjöfum frá sjálfboðaliðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**4.000**

**einstaklingar fengu aðstoð frá Hjálparstofnun kirkjunnar árið 2014.**

> **Við höfum rætt það að það vantaði gjafir fyrir unglingsstráka fyrir þessi jól. Kona ein brást við ákallinu, safnaði fyrir gjöfum og keyrði svo hingað með fullan bíl af gjöfum fyrir stráka.**
>
> Vilborg Oddsdóttir, umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar




# iPhone 6s

## Rauðgyllt jól hjá Nova!

**1 GB**
netnotkun
eða **1.000 kr.**
á mán. í 12 mán.
fylgir




**iPhone 6s Plus** 16GB

**134.990 kr.** stgr.

64GB **154.990 kr.**

**iPhone 6s** 16GB

**124.990 kr.** stgr.

64GB **134.990 kr.**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Vonast til að geta lagt ESÍ niður á næsta ári


Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnendur Seðlabanka Íslands vonast til þess að hægt verði að leggja niður Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) á komandi ári. Starfsemin hafi einungis átt að vera tímabundin.

Þetta kemur fram í greinargerð sem Seðlabankinn hefur birt vegna bréfs sem Umboðsmaður Alþingis sendi Seðlabanka Íslands, bankaráði, fjármála- og efnahagsráðherra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um starfsemi Seðlabankans. Umboðsmaður Alþingis telur vafa leika á hvort skýr lagaheimild hafi verið fyrir stofnun einkahlutafélagsins Eignasafns Seðlabanka Íslands og var þetta meðal þess sem umboðsmaður spurðist fyrir um í bréfi sínu hinn 2. október.

ESÍ heldur um eignir upp á hundruð milljarða króna sem ríkissjóður leysti til sín eftir bankahrunið. Í greinargerð Seðlabankans um bréfið segir meðal annars að mikilvægt sé að efnahagsreikningur Seðlabankans endurspegli lögbundið meginhlutverk bankans. Því hafi verið ákveðið að aðgreina þær eignir sem tengdust bankahruninu og voru ekki tiltækar sem peningalegt stjórntæki frá öðrum eignum á efnahagsreikningi.

„Mikilvægt er að efnahagsreikningur Seðlabankans endurspegli lögbundið meginhlutverk bankans. Því var ákveðið að aðgreina þær eignir sem tengdust bankahruninu og voru ekki tiltækar sem peningalegt stjórntæki frá öðrum eignum á efnahagsreikningi Seðlabankans.“

> Þegar kröfur hafa verið innheimtar og eignir seldar hefur félagið lokið hlutverki sínu og verður slitið.
>
> Úr bréfi umboðsmanns Alþingis

Í bréfinu segir að þessu markmiði hefði ekki verið hægt að ná fram á jafn skýran hátt ef eignir sem færðar voru ESÍ hefðu áfram staðið á efnahagsreikningi Seðlabankans án aðskilnaðar frá öðrum eignum. Síðan segir: „Þegar kröfur hafa verið innheimtar og eignir seldar hefur félagið lokið hlutverki sínu og verður slitið. Jafnvel er vonast til þess að hægt verði að leggja niður ESÍ á komandi ári.“ – þþ / jhh


Skötuhlaðborð og saltfiskur
Þorláksmessu frá kl. 12-21

Hamsatólg - Hangiflot - Hnoðmör
Kartöflur og rófustappa.
Verð kr. 2500
Stúdíó 29 - horni Laugavegs og Snorrabrautar – sími 861 2319







## Jól í Jerúsalem


Kristinn Palestínumaður spígsporar á gömlu virkisveggjum Jerúsalemborgar í fullum skrúða jólasveinsins. Fjöldinn allur af kristnu fólki í Palestínu og Ísrael undirbýr jólahátíðina um þessar mundir. NORDICPHOTOS/AFP

# Borga langt undir Norðurlandaverði

**Thorsil greiðir nærri þriðjungi minna fyrir raforku í Helguvík heldur en meðalverð er á Norðurlöndum og er sátt við samninginn. Samtök iðnaðarins og Verkalýðsfélag Akraness segja raforkuverð ekki hafa lækkað í takt við erlenda markaði.**

**ORKUMÁL** Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Thorsil, segir fyrirtækið mjög sátt við það orkuverð sem þeir fengu í samningum við Landsvirkjun. Á sama tíma fullyrða Samtök iðnaðarins og fleiri að Landsvirkjun bjóði ekki samkeppnishæft verð miðað við verðþróun á öðrum raforkumörkuðum. Þessu hafnar Landsvirkjun alfarið en fyrirtækið stendur nú í erfiðum samningaviðræðum við Norðurál um nýjan raforkusamning.

Samkvæmt skýrslu sem Fréttablaðið hefur undir höndum greiðir Thorsil Landsvirkjun 43 dollara á megavattstund með flutningskostnaði. Í skýrslunni segir að verðið sé allt að helmingi lægra en í öðrum löndum, til samanburðar er raforkuverðið 66 dollarar í Hollandi og 57 dollarar í Skandinavíu.

„Allir sem kaupa vilja sem lægst verð og þeir sem selja vilja sem hæst verð, en við náðum samkomulagi um verð og erum sáttir við þann samning,“ segir Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Thorsil.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélag Akraness, bendir á að raforkuverð sé mun lægra í Skandinavíu um þessar mundir. Raforkuverðið Nordic Power mælist nú milli 17 og 20 evrur. „Það þarf að passa það að samkeppnisskilyrði fyrirtækja hér á landi sé með sambærilegum hætti og í þeim löndum sem við erum að bera okkur saman við. Ef það er ekki, þá eru umtalsverðar líkur á því að við töpum störfum.“

> Þetta virðist þannig að menn horfi ennþá á stöðuna eins og hún var þá, en hún hefur breyst ansi mikið síðan.


Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Í pistli gagnrýndi Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, þróun raforkuverðs á Íslandi. Hann benti á að 2011 og 2012, þegar Landsvirkjun markaði núverandi verðstofn, voru algeng verð á erlendum mörkuðum um 50-60 dollarar á megavattstund. „Þetta virðist þannig að menn horfi ennþá á stöðuna eins og hún var þá, en hún hefur breyst ansi mikið síðan. Landsvirkjun býður lengri tíma samninga eftir því sem ég kemst næst en almennt tíðkast í Evrópu. Hins vegar er verðið í Evrópu orðið það lágt að við teljum eðlilegt að ef menn ætla að bjóða samkeppnishæf kjör eins og Landsvirkjun boðar, þá hljóti þeir að þurfa að taka bæði tillit til hratt lækkandi verðs og annarra sjónarmiða,“ segir Almar.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segist telja að verið sé að bjóða samkeppnisfæra raforkusamninga, það endurspeglist í mikilli eftirspurn. „Það er í raun meiri eftirspurn heldur en við ráðum við,“ segir hann.

Hörður segir Landsvirkjun fylgjast mjög grannt með því hvernig raforkumarkaður þróast erlendis. „Það sem hefur verið að breytast erlendis er fyrst og fremst skammtímamarkaðurinn, en við teljum að verð á langtímasamningum sé ekki að breytast mjög mikið. Með langtímasamningum þarf verðið að duga fyrir nýbyggingakostnaði virkjanna. Hann er umtalsvert hærri erlendis en við erum að bjóða.“

saeunn@frettabladid.is

# NÚ SKAL SPILA!

# 30% AFSLÁTTUR




**Minnisleikur - H.C. Andersen**
TILBOÐSVERÐ: 1.441.-
Verð áður: 2.059.-







**Ludo - Frozen eða Planes**
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-




**Nefndu 3**
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

**Snákaspilið - Frozen eða Princess**
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-




**Ludo - Barbarpapa eða Strumpa**
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-




**Fótboltaspil - Viðarborð (50 cm)**
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-




**Músin í tunnunni**
TILBOÐSVERÐ: 2.099.-
Verð áður: 2.999.-




**Domnio - Frozen**
TILBOÐSVERÐ: 2.099.-
Verð áður: 2.999.-



**Bridgemotta**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 5.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON
5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum




**NÝ VERSLUN Í MJÓDDINNI**

**VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG!**

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda frá 22. desember, til og með 31. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Stefnt á stofnun einkarekins grunnskóla í Hafnarfirði næsta haust

**SKÓLAMÁL** Stefnt er að því að opna nýjan einkarekinn grunnskóla í Hafnarfirði næsta haust.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti umsókn Framsýnar skólafélags ehf. um stofnun skólans fyrir sitt leyti á fundi sínum á föstudaginn. Kristján Ómar Björnsson, eigandi Framsýnar, segir að nú taki við viðræður við menntamálaráðuneytið um öll tilskilin leyfi. Gangi það eftir þarf félagið að gera þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ.

Stefnt er að því að 120 nemendur verði í skólanum innan þriggja ára. Fyrsta skólaárið verði allt að 45 nemendur í 9. bekk. Á öðru skólaárinu bætist við 10. bekkur og 8. bekkur á því þriðja.

Skólinn mun byggja á vendikennslu, þar sem nemendur tileinka sér námsefnið á eigin spýtur en nýta tímann með kennara til að leysa vanda sem kemur upp í náminu. Kristján segir að áhersla verði lögð á að nýta sér kosti upplýsingatækninnar sem og íþróttaiðkun nemenda. „Við ætlum að nýta tæknina til fulls til þess að einstaklingsmiða nám meira en hefur verið gert hingað til.“

> **Við ætlum að nýta tæknina til fulls til þess að einstaklingsmiða nám meira en hefur verið gert hingað til.**
>
> Kristján Ómar Björnsson, eigandi Framsýnar

Í bókun frá meirihluta fræðslunefndar er áætlað að aukinn kostnaður fyrir Hafnarfjarðarbæ muni í mesta lagi nema 25 til 33 milljónum króna á næsta ári komi nemendurnir allir úr almennum grunnskólum í Hafnarfirði.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í fræðsluráði greiddu atkvæði gegn tillögunni. Þeir töldu ekki forsvaranlegt að leggja í aukin útgjöld til einkarekins skóla á meðan skorið væri niður í almennum grunnskólum Hafnarfjarðar. Ljóst væri að kostnaðurinn myndi aukast á næstu árum gengju áform um fjölgun nemenda eftir.

Ekki liggur fyrir í hvaða húsnæði skólinn verður en Kristján segir að það verði tekið til skoðunar nú í kjölfar jákvæðra viðbragða fræðsluráðs. – ih



Kristján Ómar Björnsson, eigandi Framsýnar, vonast til að skólinn taki til starfa næsta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Tilboðsverð gilda frá 22. desember, til og með 24. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Reykjavík, 22. desember 2015**

Kvika banki hf. hefur gefið út víkjandi skuldabréf fyrir 550 milljónir króna. Um er að ræða fyrstu útgáfu í skuldabréfaflokknum KVB 15 01 en heildarheimild flokksins er 750 m.kr.

Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna útgáfunnar í gær, þann 21. desember, og sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda *https://www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar.*

KVIKA

kvika.is




Gott gengi Podemos þykir merki um það að Spánverjar hafi fært sig mikið til vinstri á hinu pólitíska litrófi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gordíonshnútur myndast í spænskum stjórnmálum

**Tveggja flokka kerfið á Spáni er hrunið. Mariano Rajoy forsætisráðherra telur flokk sinn eiga tilkall til valda. Stjórnmálaflokkarnir hafa tvo mánuði til að mynda ríkisstjórn. Sósíalistar líklega í lykilstöðu í flestum mögulegum stjórnarmynstrum.**

**SPÁNN** Í fyrsta sinn frá falli einveldisins á Spáni er enginn einn stjórnmálaflokkur með hreinan meirihluta á spænska þinginu. Spánverjar gengu að kjörborðinu og höfnuðu því tveggja flokka kerfi sem hefur ríkt hér um þrjá áratugi.

Hingað til hafa Sósíalistaflokkurinn og Þjóðarflokkurinn skipst á að stjórna landinu en í þetta sinn sýndu kjósendur að þeir vildu breytingar og breytingarnar komu fram í tveimur nýjum flokkum: róttæka vinstriflokknum Podemos og frjálslynda vinstriflokknum Ciudadanos.

Nú er komið fram á sjónarsviðið fjögurra flokka kerfi. Þjóðarflokkurinn, flokkur Marianos Rajoy forsætisráðherra, er enn sem fyrr stærsti flokkurinn með 123 þingsæti sem er ekki nóg til að mynda ríkisstjórn þar sem 176 þingsæti þarf til í 350 manna þjóðþinginu.

Sósíalistaflokkurinn fékk 90 þingsæti, Podemos 69 og Ciudadanos 40. Aðrir smáflokkar fengu samtals 28 þingsæti.

Rajoy forsætisráðherra sagði á kosninganótt að flokkur sinn væri stærstur og ætti því tilkall til áframhaldandi valda. Pedro Sanchez, leiðtogi Sósíalista, viðurkenndi tilkall Rajoys til að verða fyrstur til að fá stjórnarmyndunarumboð en hafnaði því að styðja ríkisstjórn sem væri leidd af Rajoy.

## Niðurstaða kosninganna




| | Sæti | Hlutfall | | Sæti | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðarflokkurinn | 123 | 28,7% | Ciudadanos | 40 | 13,93% |
| Sósíalistaflokkurinn | 90 | 22,0% | Aðrir | 28 | 14,68% |
| Podemos | 69 | 20,7% | | | |

> **Sósíalistar útiloka stjórn undir forystu Rajoys og Podemos vill halda Þjóðarflokknum frá völdum með öllum ráðum.**

Sömuleiðis hefur Pablo Iglesias, leiðtogi Podemos, þvertekið fyrir það að leyfa Þjóðarflokknum að halda í stjórnartaumana.

Ljóst er að stjórnarmyndunarviðræður munu reynast erfiðar en Filippus Spánarkonungur mun funda með öllum flokksleiðtogunum og útnefna nýjan forsætisráðherra um þær mundir sem nýtt þing kemur saman 13. janúar. Sá forsætisráðherra og ríkisstjórn hans þarf að fá traustsyfirlýsingu þingsins til að geta starfað. Ef engin ríkisstjórn tryggir sér traustsyfirlýsingu þingsins fyrir 20. febrúar verður boðað til kosninga að nýju.

stefanrafn@frettabladid.is

## Nokkrir möguleikar á stjórnarmyndun

**Rauðblá stjórn**
Sósíalistaflokkurinn gæti leitað á náðir Þjóðarflokksins og myndað meirihlutastjórn þrátt fyrir að sósíalistar vilji ekki stjórn undir forystu Rajoys.

**Vinstristjórn**
Sósíalistaflokkurinn og Podemos gætu myndað meirihlutastjórn ásamt vinstrisinnuðum smáflokkum eða treyst á hlutleysi þeirra.

**Stjórn stjórnarandstöðunnar**
Sósíalistaflokkurinn, Podemos og Ciudadanos gætu myndað meirihlutastjórn stjórnarandstöðuflokkanna eða einhverjir flokkanna gætu treyst á hlutleysi hinna.

Nú er tækifærið

# NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á TILBOÐI

Við bjóðum nokkra nýja Nissan sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.

## 100% RAFBÍLL

Allir Nissan Leaf eru búnir 6,6 kW hleðslubúnaði sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimahleðslustöðvum, einnig tímastilltum forhitara sem hitar bílinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum símabúnaði og ESP skriðvörn. Nánari upplýsingar á www.nissan.is



## NISSAN LEAF RAFBÍLL
### Á VEGLEGU SÝNINGARTILBOÐI

Nú er tækifærið að tryggja sér rafbíl á einstöku verði. Komdu og fáðu upplýsingar um verð á tilboðsbílunum hjá sölumönnum Nissan.

## NISSAN NOTE
### RÚMGÓÐUR OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

ACENTA, BENSÍN, BEINSK./SJÁLFSK., EYÐSLA 4,7–5,1 L/100 KM*



## NISSAN PULSAR
### HLAÐINN SKEMMTILEGUM NÝJUNGUM

ACENTA, DÍSIL, EYÐSLA 3,7 L/100 KM*



## STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA

Leðurinnrétting og rafdrifin sæti, 180° myndavélabúnaður, sóllúga, BOSE hljómkerfi, 20" álfelgur, bakkmyndavél, rafdrifin opnun á afturhlera.



## NISSAN MURANO
### FULLBÚINN JEPPI - HLAÐINN BÚNAÐI

ACENTA/TEKNA, DÍSIL, SJÁLFSK., 190 HESTÖFL, EYÐSLA 8,0 L/100 KM*

**AÐEINS TVEIR MURANO TIL Á LAGER!**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM72006



## REYNSLUAKSTURSLEIKUR BL
## ÞÚ GETUR UNNIÐ 55" SAMSUNG SJÓNVARP

Allir sem fara í reynsluakstur á nýjum bíl til jóla verða skráðir í lukkupott og eiga möguleika á að vinna glæsilegt 55" Samsung Smart sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ samsungsetrid.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Snortin af vinalegu fólki

Þau Phillip Mason og Camilla Jessatova segjast hafa orðið mjög snortin yfir því hvað fólkið hér á Íslandi er vinalegt. Gærdagurinn var fjórði dagurinn þeirra á Íslandi og voru þau bæði búin að fara í Bláa lónið og gullna hringinn og voru að spóka sig um í miðbænum. „Fólkið hérna er mjög vinalegt,“ sagði Mason, aðspurður um það hver hefði verið sterkasta upplifun hans af Íslandi. Þau nutu sín vel í Reykjavík. „Ég kunni rosalega vel við það að fara á söfnin,“ sagði Camilla aðspurð um það hvað hefði hrifið hana mest við Reykjavík. Phillip bætti því við að Þjóðminjasafnið hefði sérstaklega vakið athygli sína.



**Camilla Jessatova og Phillip Mason.**

# Í fyrsta skipti á Íslandi

Tom og Glenda Barber eru frá Englandi. Þau komu hingað til lands á föstudagsmorguninn og ætla að vera fram á Þorláksmessu.

Þau verða því hér í fimm daga. „Við fórum gullna hringinn í gær (á sunnudag) og fórum svo að skoða norðurljósin,“ segir Glenda. Og Tom bætir því við að þau hafi líka skellt sér í Bláa lónið og farið í fjórhjólaferð fyrsta daginn sinn hérna. „Nú ætlum við að fara í skoðunarferð um borgina,“ segir Tom. „Já, við ætlum bara að ganga um borgina og skoða,“ segir Glenda. Þetta er fyrsta skipti þeirra beggja á Íslandi. „Þetta er frábært. Við elskum þetta,“ segir Tom.



**Tom og Glenda Barber.**

# Gengu á Snæfellsjökul

Þeir Daniel O'Donnell og Tom Hard eru báðir frá Englandi og eru í sinni fyrstu ferð til Íslands. „Við höfum séð norðurljósin og gengum á jökul í gær,“ segir Daniel við Fréttablaðið. „Núna erum við bara á göngu um miðborgina og að skoða söfn,“ segir Daniel.

Þeir ætla að vera hér í þrjá daga. Þeir hafa ekki í hyggju að fara gullna hringinn en fóru í gær á Snæfellsjökul og sögðust sig á því að bera fram nafn jökulsins við blaðamann. Þeir Daniel og Tom halda heim í dag.



**Daniel O'Donnell og Tom Hard.**

# Í Reykjavík á aðfangadag

„Við ætlum að vera hér í tíu daga. Ég kom hérna 17. desember og verð til 26.,“ sagði frú Rachmaninoff þegar Fréttablaðið hitti hana við styttu Leifs Eiríkssonar á Skólavörðuholtinu í gær.

Rachmaninoff er upprunalega frá Grikklandi en býr í Frankfurt og átti því tiltölulega hægt um vik með að fljúga til Íslands. Hún ætlar að vera á hóteli í Reykjavík á aðfangadagskvöld og segist hlakka mikið til að borða hér hátíðarkvöldverð. „Það verður einhver frábær matur á hótelinu,“ sagði hún við blaðamann.



**Frú Rachmaninoff.**

# Íshellirinn bestur

„Við erum búin að fara gullna hringinn og um Mýrdalssand og í Íshellinn. Þetta eru rosalega fínir staðir,“ segir Christine Wou.

Hún kunni best við sig í Íshellinum, en var ekki búin að sjá norðurljósin. „Nei, veðrið bauð ekki upp á það,“ segir hún. Christine er námsmaður í Bretlandi og hefur aldrei komið hingað áður. „Ég býst við að koma hingað aftur,“ segir hún og segir hlæjandi að hún gæti vel hugsað sér að búa hér.

Christine segir að ísinn heilli sig sérstaklega mikið og kuldinn fari ekkert illa með sig. „Ég óttast kuldann ekki neitt,“ segir hún.



**Christine Wou.**



**Ferðamönnum þótti jólalegt um að litast á Skólavörðuholtinu. Hallgrímskirkja fangaði athygli þeirra allra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Koma til Íslands að njóta aðventunnar

**Bókunarstaða hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum í desember er góð að sögn ferðamálastjóra. Brennur og flugeldar á gamlárskvöld heilla. Útlit er fyrir að aðstæður til norðurljósaskoðunar verði góðar víða um land yfir jólin.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Eins og undanfarin ár er fjöldi ferðamanna á Íslandi samankominn í miðbæ Reykjavíkur þessa dagana að njóta aðventunnar. Fjölgun ferðamanna í nóvembermánuði var um 34 prósent á milli ára, en rétt innan við 50 prósent í októbermánuði.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segist ekki treysta sér til þess að segja hver hlutfallsleg fjölgun í desember verður. „Við vitum að samkvæmt okkar upplýsingum frá ferðaþjónustufyrirtækjum þá líta bókanir í desember vel út. En við vitum ekki hverju það skilar okkur í prósentum,“ segir Ólöf.

Samkvæmt upplýsingum frá Hótel Sögu verður herbergjanýtingin á hótelinu um 75 prósent á aðfangadag og jóladag, en eykst svo verulega um áramótin.

Hildur Ómarsdóttir, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Icelandair hótela, sagði við Vísi á dögunum að allt liti út fyrir að fullbókað yrði á hótelunum Hilton Nordica, Reykjavík Marina og Reykjavík Natura um áramótin. Þá væri einnig mjög mikið búið að bóka um jólin.

**Þá ætti að vera flennibjart og ískalt.**

Birta Líf Kristinsdóttir veðurfræðingur á Veðurstofunni



Gamlárskvöld nýtur ekki síst mikilla vinsælda vegna flugeldanna og brennanna. Fréttablaðið ræddi við nokkra ferðamenn sem staddir voru á Skólavörðuholtinu í gær, sem hingað eru komnir til að njóta vetrarríkisins. Þeir ætla flestir að vera löngu farnir fyrir jól og áramót, en hafa margir séð norðurljósin eða dreymir um að sjá þau.

Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofunni, segir að víða hafi verið skýjað undanfarin kvöld og ekki kjöraðstæður til þess að skoða norðurljósin.

Hún hafi hins vegar séð nokkrar norðurljósamyndir á Twitter sem bendi til þess að hér hafi myndast glufur til norðurljósaskoðunar. Hún telur mögulegt að hér skapist kjöraðstæður til að skoða norðurljósin yfir hátíðisdagana, einkum suðvestan- og vestanlands.

Birta Líf segir að í kvöld verði mestar líkur á að sjá norðurljósin sunnanlands, jafnvel vestanlands. „En samt er það ekkert gulltryggt,“ bætir hún við.

Á morgun, Þorláksmessu, er gert ráð fyrir norðanátt og það verður skýjað um Norðurlandið. „Það kvöld er helst á Vesturlandi sem ég gæti ímyndað mér að væru aðstæður. Þá á að haldast þurrt og það gætu orðið einhverjar glufur,“ segir Birta.

Þá er gert ráð fyrir prýðisaðstæðum suðvestan- og vestanlands á aðfangadagskvöld og jafnvel suðaustan- og austanlands. Miðað við spána sé þó gert ráð fyrir bestu aðstæðunum á jóladag, ef spáin helst óbreytt. „Þá ætti að vera flennibjart og ískalt,“ segir Birta og aðspurð segir hún að hér verði hugsanlega norðurljósajól. „Það gæti verið,“ segir hún.

# Langar í jöklagöngu

Þau Avy og Tak Chen eru frá Kína en eru námsmenn í Þýskalandi og komu þaðan. Þau höfðu verið hér í þrjá daga þegar Fréttablaðið hitti þau í gær og ætluðu að fara af landi brott aftur á aðfangadag. „Við viljum sjá norðurljósin og fara í jöklagöngu,“ segir Avy en bætir því við að veðrið sé svo vont að þau fari varla í göngu. „Við ætlum að fara í kirkjuna, fara upp í turninn og sjá útsýnið yfir alla Reykjavík,“ sagði Avy, en þau voru líka búin að sjá Hörpuna. Tak hafði mikinn áhuga á að sjá norðurljósin. „Heldurðu að það sé mögulegt í kvöld?“ spurði hann, en blaðamaður þorði engu að lofa.



**Þau Tak (lengst til vinstri) og Avy Chen (önnur frá hægri) eru hér með vinafólki.**

# Vinsælar jólagjafir




Ástartré 140x200
360 þráða Pima bómull
13.490 kr

Blóðberg 140x200
300 þráða Pima bómull
10.490 kr

SENDUM FRÍTT
ÚR VEFVERSLUN



Snyrtibudda
1.990 kr



Hnífaparaveski
1.690 kr



Bókapúði / Fiður fylling
11.840 kr / Púðar frá 4.990 kr



Skautbúninga-, herrra-, upphluts, og hátíðarsvunta
5.990 kr / Svuntur frá 2.990 kr

100% DÚNN
790 G DÚNN / EKKERT FIÐUR



Dúnsæng 140x200
33.990 kr Áður ~~39.990~~ kr

JÓLA TILBOÐ




Gjafabréf
Ávísun á gjöf sem gleður

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Mikilvægasta niðurstaða frá stofnun WTO

**UTANRÍKISVIÐSKIPTI** Samþykkt var bann við útflutningsbótum fyrir landbúnaðarafurðir á ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem lauk fyrir helgi í Kenía.

Bannið er sagt marka tímamót og lýsti Roberto Azavêdo, framkvæmdastjóri WTO, því svo að ákvörðunin væri mikilvægasta niðurstaða stofnunarinnar á sviði landbúnaðar frá stofnun hennar fyrir 20 árum. „Útflutningsbætur skulu að fullu afnumdar árið 2020 fyrir iðnríki og 2023 fyrir þróunarríkin. Ísland hefur þegar afnumið slíkar bætur,“ segir á vef utanríkisráðuneytisins.

Þá var á fundinum staðfest niðurstaða um endurskoðun samnings um upplýsingatæknivörur. Hún er sögð fela í sér að þátttökuríki felli niður tolla á rúmlega 200 upplýsingatæknivöruflokkum. Rúmlega 50 ríki eru sögð aðilar að samkomulaginu, þar á meðal ríki Evrópusambandsins, Bandaríkin, Kína, Kanada, Japan, Sviss, Noregur og Ísland.

„Á árunum 2012 og 2013 fluttu íslensk fyrirtæki út vörur, svo sem rafeindavogir, röntgentæki og ýmis fjarskiptatæki, að verðmæti samtals 9 milljarða króna sem njóta munu tollfríðinda samkvæmt samningnum.“

> **Útflutningsbæturskulu að fullu afnumdar árið 2020 fyrir iðnríki og 2023 fyrir þróunarríkin. Ísland hefur þegar afnumið slíkar bætur**

Fyrir sendinefnd Íslands fór Martin Eyjólfsson, fastafulltrúi í Genf. Hann er í ávarpi sínu sagður hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að WTO sýndi meiri sveigjanleika í störfum sínum og léti þrátefli í Doha-viðræðunum ekki koma í veg fyrir að unnið yrði að málum sem meiri samstaða ríkti um. Hann hafi jafnframt lagt áherslu á mikilvægi þess að setja frekari skorður við ríkisstyrkjum sem renna til veiða á ofveiddum fiskistofnum eða ólöglegra fiskveiða náðist ekki samstaða um tillöguna.“ **– óká**






**Hrávöruverð á olíu hefur ekki verið lægra í rúman áratug.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Olíuverð ekki lægra í áratug

**VIÐSKIPTI** Hrávöruverð á olíu heldur áfram að falla. Verð á Brent-hráolíu er nú komið niður í 36 dollara, 4.700 íslenskar krónur, á tunnu. Þetta er lægsta verð á tunnu síðan árið 2004. Hrávöruverð er að ná lægstum lægðum og er orðið lægra en það var í efnahagskreppunni árið 2008.

Offramboð á olíu hefur valdið verðhruni undanfarin misseri. Fyrir ári kostaða tunnan af Brent sextíu dollara, tæplega 8.000 krónur. Það er tæplega þriðjungur af verðinu í júní 2014 sem var 115 dollarar, eða 15 þúsund krónur. Hrávöruverð á olíu í Bandaríkjunum féll einnig í gær og kostar tunnan nú 34,4 dollara, 4.500 krónur, sem er lægsta talan frá 2009. **– sg**



**Þórunn Sveinbjarnardóttir er formaður BHM, sem hefur kært íslenska ríkið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## BHM kærir ríkið

**DÓMSMÁL** BHM hefur kært íslenska ríkið fyrir hönd átján aðildarfélaga sinna til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá BHM. Kæran lýtur aðallega að setningu laga frá 13. júní síðastliðnum þar sem verkfall átján stéttarfélaga innan BHM var bannað með lögum. Þá mun reyna á það fyrir dómstólnum hvort íslensk stjórnvöld hafi brotið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu með inngripi sínu í samningsfrelsi stéttarfélaga. Uppfylla þarf nokkur skilyrði til þess að kæra fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu teljist tæk til efnismeðferðar. Á næstu mánuðum mun koma fram hvort dómstóllinn telur kæruna tæka. **- ngy**



**Torfi Ingólfsson við veiðar í Elliðaánum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ekki framlengt strax í Elliðaám

**STANGVEIÐI** Ákvörðun um framlengingu samstarfssamnings Orkuveitu Reykjavíkur og Stangaveiðifélags Reykjavíkur um stangveiði í Elliðaánum var frestað á fundi stjórnar OR í nóvember. Til stóð að framlengja samninginn til ársloka 2018 en stjórn OR taldi rétt að bíða eftir niðurstöðu starfshóps um framtíð Elliðaárdals.

Hins vegar samþykkti Orkuveitan breytingar á verði veiðileyfa fyrir sumarið 2016 með fyrirvara um samþykki Reykjavíkurborgar. Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur haft Elliðaár á leigu frá stofnun félagsins árið 1939. **– gar**

## NORÐURLÖNDIN




### Vann einni og hálfri stund of mikið

**1 DANMÖRK** Háskólinn í Árósum flýtti þremur prófum fyrir verkfræðinema frá Kamerún sem áttu að fara fram í janúar. Neminn, Marius Youbi, sem hafði verið með toppeinkunnir, má ekki vera lengur í Danmörku en til 8. janúar. Honum var vísað úr landi þar sem hann hafði unnið 16,5 klukkustundir á viku meðfram náminu en kvótinn fyrir erlenda nema er 15 klukkustundir.

### Umboðsmaður vill meira fé til barnahúsa

**2 NOREGUR** Umboðsmaður barna í Noregi fer fram á meiri peninga vegna starfsemi barnahúsanna í landinu. Í kjölfar reglubreytingar í haust, þegar ákveðið var að yfirheyrslur gætu farið fram án nærveru dómara, hefur komum barna sem beitt hafa verið ofbeldi fjölgað mjög. Umboðsmaður barna óttast að það gleymist að fylgja börnunum eftir.



### Stöðva lestarferðir yfir Eyrarsund

**3 SVÍÞJÓÐ** Sænsku járnbrautirnar stöðva allar lestarferðir sínar yfir Eyrarsund þann 4. janúar næstkomandi vegna erfiðleika við eftirlit með skilríkjum farþega. Fyrirtækið segist þurfa eigið spor við aðaljárnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn vegna eftirlitsins en enn hefur ekki náðst samkomulag við stjórnendur þar.



**Fækkað hefur í þeim hópi Íslendinga sem ætlar að hafa lifandi jólatré um jólin.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Flestir eru með gervitré í ár

**KÖNNUN** Vinsældir gervitrjáa eru meiri en lifandi trjáa í ár og er það svipað og árið 2014. Þetta eru niðurstaða könnunar MMR um hvort það yrði jólatré á heimilum fólks þessi jólin. 1.010 einstaklingar á aldrinum 18 ára og eldri tóku þátt í könnuninni.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 54,9 prósent ætla að vera með gervitré í ár sem er um fimm prósentustigum meira en var fyrir fimm árum. Þá kemur fram að eldra fólk er ólíklegra til að hafa jólatré borið saman við aðra aldurshópa. Svarendur 68 ára og eldri voru líklegri en aðrir til að segjast ekki ætla að hafa jólatré. Af þeim sem tóku afstöðu og voru á aldrinum 30 til 49 ára sögðust 33,5 prósent ætla að vera með lifandi jólatré og 56,5 prósent með gervitré. **– ngy**

## Aron og Margrét vinsælust

**SAMFÉLAG** Aron og Margrét voru vinsælustu eiginnöfn nýfæddra barna á síðasta ári. Þar á eftir komu nöfnin Alexander og Viktor fyrir drengi og Anna og Emma fyrir stúlkur. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Þór var langvinsælasta annað nafn drengja og María hjá stúlkum. Nöfnin Hrafn og Freyr voru líka vinsæl sem og Rós og Ósk.

Tíu algengustu nöfn á Íslandi voru þau sömu á síðasta ári og árið 2010. Hjá körlum var það Jón, svo Sigurður og Guðmundur en hjá konum Guðrún, svo Anna og Kristín. Flestir Íslendingar eru með fleiri en eitt nafn, algengustu samsetningarnar eru Jón Þór og Anna María. 565 Íslendingar heita einstökum íslenskum nöfnum; það er nöfnum sem aðeins þeir og enginn annar heitir. **– sg**

Guð auðsýnir ♥ sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur.
www.versdagsins.is



# Ástand heimsins


1


2

1. Hermenn á Filippseyjum héldu upp á áttræðisafmæli Clark-flugstöðvarinnar í Angeles-borg í gær, meðal annars með því að kasta rifflum sínum á loft. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Mengunin í Peking er ekkert á undanhaldi. Í gær var hættuástand í gildi þriðja daginn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. Félagar í rússneska Kommúnistaflokknum hittust á Rauða torginu í Moskvu í gær til að minnast þess að 136 ár voru liðin frá fæðingu einræðisherrans Jósefs Stalín. NORDICPHOTOS/AFP

4. Kona grætur í Siwo á eyjunni Suður-Sulawesi á Indónesíu, þar sem hún skoðar lista yfir farþega sem fórust með ferju út af ströndum eyjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



4


3

# OPNUNARTÍMI

## UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Þriðjudagur 22. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 19.00<br>10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 23. desember | 10.00 -22.00 |
| Fimmtudagur 24. desember | 10.00 - 13.00 |
| Föstudagur 25. desember – jóladagur | Lokað |
| Laugardagur 26. desember – annar í jólum | Lokað |
| Sunnudagur 27. desember | Lokað |
| Mánudagur 28. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |

| | |
|---|---|
| Þriðjudagur 29. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 30. desember | 10.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur 31. desember | 10.00 - 14.00 |
| Föstudagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |
| Laugardagur 2. janúar<br>*Reykjanesbær og Selfoss* | 11.00 - 18.00<br>11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 3. janúar | Lokað |
| Mánudagur 4. janúar<br>**Sjá nánar um opnun einstakra búða þennan dag á vinbudin.is** | Talning |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

# Grunn umræða um geðheilbrigði fanga

Fagfólk í fangelsis- og heilbrigðiskerfi sammælist um að þörfin á raunverulegum lausnum í þjónustu við geðveika fanga sé brýn. Yfirlæknir á réttargeðdeild segir þó ekki hægt að setja alla fanga sem glími við geðrænan vanda undir sama hatt. Mikilvægast sé að fá geðheilbrigðisteymi inn í fangelsin. Fangavörður á Litla-Hrauni segist upplifa fangelsið sem geymslu fyrir fólk sem rúmast ekki í kerfinu.

**Fangelsismál**

## Refsing eða betrun?

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



**» Umboðsmaður Alþingis benti á í drögum að skýrslu um fangelsið á Litla-Hrauni að vistun geðsjúks einstaklings í fangelsi kunni að fara nærri því að teljast brot á fyrirmælum stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu, a.m.k. ef fanga er ekki tryggð viðeigandi læknisþjónusta.**

## Vinnuhópur að störfum

Samkvæmt innanríkisráðuneytinu starfar nú sérstakur vinnuhópur að geðheilbrigði fanga. María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, segir að ekki hafi verið leitað til fagfólks af geðsviðinu til að taka sæti í hópnum.



Í vinnuhópnum sem innanríkisráðuneytið leiðir sitja m.a. tveir frá velferðarráðuneyti, einn frá Fangavarðafélaginu og tveir frá Fangelsismálastofnun. Markmið vinnuhópsins er að tryggja viðeigandi þjónustu fyrir fanga sem glíma við andlega vanheilsu.

„Við teljum afar mikilvægt að efla geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum landsins. Til þess að það sé hægt þarf að ráða þangað geðlækni og fleira fagfólk. Það kostar, en þeim fjármunum væri mjög vel varið,“ segir María. „Landspítali sinnir föngum eins og öðrum borgurum ef þeir eru í bráðavanda.“

**» Þegar vafi leikur á sakhæfi fólks er farið fram á geðrannsókn. Dómari er ekki bundinn við geðrannsókn og metur sjálfur hvort hann telji viðkomandi hafa verið sekan á þeirri stundu sem afbrot er framið. Yfirleitt eru ósakhæfir einstaklingar dæmdir til vistunar á réttargeðdeildinni á Kleppi þar sem þeir fá meðferð. Sakhæfir eru dæmdir til fangelsisvistunar þar sem mjög takmarkaða meðferð er að fá.**

## Í einangrun í tvo mánuði

Í Kastljósi var fjallað um mál geðsjúks fanga sem sat í einangrun í tvo mánuði. Maðurinn hafði verið vistaður árum saman á geðdeild Landspítalans en var úrskurðaður sakhæfur fyrir brot sem hann framdi og sendur til afplánunar á Litla-Hrauni þrátt fyrir að læknir teldi hann siðblindan, haldinn persónuleikaröskun og hættulegan umhverfi sínu. Maðurinn var sviptur sjálfræði meðan hann var á Litla-Hrauni en fékk svo aftur sjálfræði um ári síðar. Eftir það neitaði hann lyfjagjöf og var talinn hættulegur fangavörðum og öðrum föngum.



Enginn af geðsviði Landspítalans hefur verið fenginn í vinnuhóp um geðheilbrigði fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Engin raunhæf áætlun liggur fyrir

**Valdimar Sigurður Þórisson fangavörður segir skort á úrræðum valda því að geðsjúkir fangar fái oft ekki viðunandi meðferð. Fangelsi sé ekki staður fyrir þá.**

Úrræði vantar fyrir geðsjúka fanga sem dæmdir hafa verið sakhæfir. Þetta hefur skapað erfitt ástand í fangelsum þar sem ekki er hægt að sinna þeim. Þá sér í lagi á Litla-Hrauni þar sem þurft hefur að vista geðsjúka fanga í einangrun.

„Við viljum sem starfandi stétt að það verði hægt að skoða vinnubrögð okkar eftir 10-15 ár og segja að þau séu viðunandi. Það má ekki vera þannig að kerfi sem tímir ekki að eyða peningum í þessa málaflokka dæmi svo starfsmennina seinna meir,“ segir Valdimar Sigurður Þórisson, fangavörður á Litla-Hrauni.

Hann segir vandamálið m.a. liggja í því að enginn geðlæknir sé að vinna í fangelsinu. Í rúmt ár hefur enginn geðlæknir starfað þar en áður var geðlæknir í 20 prósenta starfi. Reynt hefur verið að auglýsa eftir geðlækni í fangelsið en enginn sótt um. „Þeim er lítið sinnt og það er engin raunhæf áætlun í gangi um hvað eigi að gera við þessa menn þegar þeir eru komnir inn í fangelsin. Ábyrgðinni er varpað á fangelsin. Þetta eru sannarlega veikir menn en dæmdir sakhæfir. Fangelsi eins og Litla-Hraun og önnur eru ekki rétti staðurinn fyrir þá.“

Þegar þessir fangar eru í afplánun getur það þýtt mikið álag fyrir starfsmenn fangelsisins. „Einn maður í svona ástandi getur tekið allar vinnustundir tveggja manna yfir daginn, þá er lítill tími eftir til að sinna hinum.“

**Einangrun í fangelsi er ekki rétti vettvangurinn til að lækna.**

Valdimar Sigurður Þórisson, fangavörður á Litla-Hrauni



### Geymsla fyrir fólk

Þessir fangar eiga oft erfitt með að samlagast öðrum föngum. „Það kemur upp reglulega að það þurfi að einangra menn vegna þess að það er ekki hægt að vista þá með öðrum, þeir funkera ekki í kerfinu. Það er ekki hegðunarvandamál sem slíkt heldur bara veiki þeirra sem gerir það að verkum. Einangrun í fangelsi er ekki rétti vettvangurinn til að lækna.“

### Veikir fangar láta illa

Komið hafa upp tilvik þar sem veikir fangar í einangrun láta illa og hefur það mikil áhrif líka fyrir þá sem eru í nærliggjandi gæsluvarðhaldsklefum.

Valdimar telur að finna þurfi varanlega lausn. „Heilbrigðisyfirvöld og fangelsin þurfa að geta unnið meira saman. Það er vilji til þess en úrræðin skortir og fjármagn.Það eru allir í þessu kerfi að reyna að gera sitt besta. Reyna að vinna eins skynsamlega og hægt er í þessum aðstæðum en ég held það sé öllum ljóst að við þurfum betri úrræði,“ segir Valdimar. Upplifun starfsmanna á Litla-Hrauni sé sú að þessir fangar ættu sannarlega að vera vistaðir annars staðar. Enginn viti hvar það eigi að vera. Þess vegna séu þeir í fangelsi.

„Það er okkar upplifun á ástandinu að við séum geymsla fyrir fólk sem rúmast ekki í því kerfi sem er til. Það hlýtur að liggja í augum uppi ef hann er ekki meðhöndlaður við því sem hrjáir hann að hann er ekki að koma út betri maður.“

## Umræðan toppótt og á yfirborðinu

**Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á öryggis- og réttargeðdeild Landspítalans, segir nefndir og ályktanir skila litlu nema fagfólk og fjármunir fylgi með.**

„Við höfum heyrt þetta sama í mörg ár. Stærsti vandinn felst í því að fangelsunum er svo þröngur stakkur sniðinn að þau eru ófær um að greina fólk og flokka það í þágu meðferðar, eftir því hvers kyns þjónustu hver og einn þarf á að halda. Þau hafa ekki mannskapinn. Það er ekki svo að allir sem eiga við geðræn vandamál að stríða þurfi innlögn á geðdeild eða að afplána á réttargeðdeild,“ segir Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á öryggis- og réttargeðdeild Landspítalans.

„Þegar talað er um geðveika fanga er það ekki einhver einn hópur þar sem allir þurfa það sama. Það liggur í hlutarins eðli, menn eru með alls konar greiningar, misalvarlegar, í fangelsum.“

**Það er ekki svo að allir sem eiga við einhver geðræn vandamál að stríða þurfi innlögn á geðdeild.**

Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á réttargeðdeild



### Neyslan flækir málin

Hann segir greiningar taka lengri tíma þegar menn eru að koma úr mikilli neyslu. „Þá þarf að taka það með í reikninginn. Menn geta farið í tilfallandi geðrof vegna neyslu, svo kemur síðar í ljós hvert hið eiginlega ástand er. Ákvarðanir um sakhæfi eða ósakhæfi eru síðan dómstólanna,“ útskýrir hann,

Sigurður segir umræðu um geðheilbrigði fanga oft hafa skotið upp kollinum. „Árið 1999 voru til dæmis þrjú sjálfsvíg á Litla-Hrauni. Þá var lagt upp með mikla vinnu í nefndum og ályktun um hvernig skuli taka á þessum málum. En þetta er alltaf toppótt umræða um einn og einn einstakling. Við erum að tala um hundruð einstaklinga sem þurfa á mismikilli þjónustu að halda. Það þarf að átta sig á hver þörfin er í hverju og einu tilviki. Ég stend í þeirri trú að það séu ekki margir á Litla-Hrauni sem þurfi bráðaþjónustu og innlögn. Hins vegar eiga þar mjög margir um sárt að binda, eru í neyslu, að glíma við þungar byrðar vegna þess sem þeir hafa gert. Svo eru aðrir sem við þurfum að útiloka að hafi geðrofssjúkdóma. En það er ekki rétt, eins og manni finnst stundum á umræðunni, að það hafi verið margir slíkir í fangelsunum.“

### Ekki staðið á geðkerfinu

Hann segir að ef grunur leiki á að menn séu alvarlega veikir á geði hafi ekki staðið á geðkerfinu. Menn í bráðavanda séu teknir inn á réttargeðdeild úr gæsluvarðhaldi, á sérstökum undanþágum. Til þess þurfi læknir að skrifa upp á. Hann hafi sjálfur gert það nokkrum sinnum.

„En það þarf teymi af geðheilbrigðisfólki í vinnu inn í fangelsin. Það vantar alla dýpt í þessa umræðu. Það vantar samfellda stefnu, hvað við viljum gera og hvað þarf. Ég held að allir séu að gera sitt besta en hlutlæg úttekt mun aldrei verða meðan það er ekki einu sinni hægt að splæsa í mannahald til þess að greina vandann. Þar stendur á stjórnvöldum.“

Sigurður Páll furðar sig á þeirri staðreynd að ekki sé búið að ráða geðlækni á Litla-Hraun. „Það er skömm að þessu. Og af hverju eru þarna svona fáir sálfræðingar? Það þarf að byrja á þessari grunnþörf.“

# -14 kr.

## HJÁ OLÍS OG ÓB




**Kæru viðskiptavinir. Takk fyrir að styðja góð málefni með okkur. Í dag ætlum við að gleðja ykkur!**

# 14 KR. AFSLÁTTUR Í DAG

**af eldsneytislítranum með lykli eða korti hjá Olís og ÓB**

**Sæktu um lykil eða kort á olis.is**

GEFUM & GLEÐJUM

## Takk fyrir að styðja góð málefni með okkur!

Síðustu föstudaga hefur Olís gefið 5 kr. af hverjum lítra til góðgerðarsamtaka. Samhjálp, Styrktarfélag einhverfra barna, Neistinn, Mæðrastyrksnefnd og Geðhjálp hafa nú hvert um sig fengið styrk upp á 1.500.000 krónur. Slysavarnafélagið Landsbjörg munum við svo styrkja með sama hætti á milli jóla og nýárs.

**Við þökkum ómetanleg viðbrögð viðskiptavina sem hafa gert okkur kleift að styrkja þessi góðu málefni með svo myndarlegum hætti!**

Styrktarfélag barna með einhverfu · Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur · Neistinn Styrktarfélag hjartveikra barna · GEÐHJÁLP · SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

olís
Vinur við veginn

PIPAR\TBWA • SÍA • 156086



Helstu möguleikar Íslendinga til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda liggja í endurheimt votlendis. Tæknilega er sú aðgerð einföld, og ódýrari en flestar aðrar sem lúta að þessu markmiði – en stjórnvöld hafa samt lítið sem ekkert gert. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNGUÐMUNDSSON

# Þarf byltingu ef ná skal áfangastað

**Að ná markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum þýðir breytta ráðstöfun á milljarðatugum árlega. Varfærin aðlögun á neyslu almennings og hagkerfa dugar ekki til. Heilu atvinnugreinarnar gætu lagst af en aðrar risið upp í þeirra stað og skapað fleiri störf – ekki færri.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Íslensk stjórnvöld, sem og allir aðrir, þurfa að grípa til markvissra aðgerða ef á að ná yfirlýstum markmiðum í loftslagsmálum. Til þess þarf að færa fórnir, og skilning allra á þeirri staðreynd að staðan í loftslagsmálum kallar á byltingu en ekki einungis varfærna aðlögun á neyslu almennings.

### Háleit markmið en lítið gert

„Mér finnst hafa gætt tilhneigingar hjá íslenskum stjórnvöldum til að tala fjálglega um eigin frammistöðu og háleit markmið. En þau aðhafast minna þegar kemur að því að ráðast í þau verk sem þarf að vinna til að ná markmiðunum. Sóknaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er ágæt. Hún hefur þó lítið gildi ein og sér, enda mun vera ætlunin að fylgja henni eftir með nákvæmari aðgerðaáætlun á næsta ári. Ég bíð spenntur eftir þeirri áætlun. Það er nefnilega ekki nóg að segjast vilja stefna að t.d. rafvæðingu samgangna en aðhafast svo ekkert umfram það sem framtakssömum einkaaðilum dettur í hug að gera að eigin frumkvæði og á eigin reikning,“ segir Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Environice og formaður verkefnastjórnar rammaáætlunar.

### Engu má hagga

„Mér finnst umræðan á Íslandi um loftslagsmál, og reyndar um umhverfismál almennt, vera lituð af því að ekki megi hagga því sem fyrir er. Þannig megi grænt hagkerfi t.d. ekki vera á kostnað brúna hagkerfisins. Enginn megi líða fyrir breytingarnar, heldur eigi allir að hafa rétt til að halda sínu striki. Nýjungarnar séu bara viðbót. Enginn eigi að þurfa að færa neinar fórnir. Aðeins megi nota gulrætur en ekki vendi, eins og það er stundum orðað,“ segir Stefán. Hann segir að í þessu sé að finna grundvallarmisskilning. Hvorki við né aðrir eigum val um að taka bara bestu bitana. Enginn komist hjá því að færa fórnir – sem verða sársaukafullar.

„Heilu atvinnugreinarnar geta lagst af en í þeirra stað munu nýjar byggjast upp. Þegar upp er staðið verður þetta öllum til heilla, það er að segja þegar nýju jafnvægi er náð. Þeir sem hafa atvinnu af því að leita að olíu, flytja hana eða selja munu smátt og smátt missa vinnuna. Í staðinn verða til önnur, og fleiri, störf sem þetta sama fólk veit ekki hver verða. Og þetta sama fólk mun kannski ekki hafa þekkingu til að sinna þessum nýju störfum. Í því liggur sársaukinn. Þetta er svipuð staða eins og getur komið upp í skák. Eina leiðin til að vinna skákina er að fórna manni. Það lítur kannski illa út á því augnabliki sem það er gert, en án fórnarinnar er skákin töpuð.“

### Huglægur vandi

Stefán telur að ljónin í veginum séu ekki tæknileg, ef við ætlum að ná þeim háleitu markmiðum sem við höldum gjarnan á lofti. Þau séu huglæg og pólitísk.

„Menn verða að horfast í augu við að staðan í loftslagsmálum kallar ekki á minniháttar lagfæringar á neyslu eða á hagkerfinu almennt. Hún kallar á byltingu. Þeir sem standa fastir í þeirri afneitun að smáskammtalækningar dugi munu sitja eftir. Valið stendur um að hrökkva eða stökkva, nema hvað þeir sem hrökkva komast ekki inn í framtíðina. Það sem þarf að gera núna snýst ekki um að flokka nokkrar mjólkurfernur, draga úr matarsóun um 5% eða fara á hjóli í vinnuna einu sinni á ári til að spara bílinn. Allt er þetta gott og gilt og nauðsynlegt en skiptir samt skelfilega litlu máli í stóru myndinni. Miklu, miklu stærri breytingar eru óhjákvæmilegar,“ segir Stefán.

## Hálfkaraður leiðarvísir

- Sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum til næstu þriggja ára var kynnt til í lok nóvember, og var sett fram í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP21) í París sem lauk með því að nýr loftslagssamningur var undirritaður af 195 þjóðum. Á sama tíma og samningnum er fagnað sem risaskrefi í rétt átt viðurkenna allir að vinnan sé öll eftir.
- Í viðtali við Fréttablaðið líkti Halldór Björnsson, sérfræðingur í loftslagsmálum á Veðurstofu Íslands, samningnum við að allir séu búnir að skilgreina hvert skal haldið en eftir sé að finna leiðina þangað.
- Að stofni til eru í sóknaráætluninni 16 verkefni sem sett verða af stað – átta þeirra snúa að því að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi; í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun.
- Gagnrýni á sóknaráætlunina hefur verið áberandi en fátt nýtt er þar að finna. Kostnaðarmat fyrir sóknaráætlunina hefur heldur ekki verið gert.

### Bönn

Stjórnvöld hafa, almennt talað, þrenns konar tæki til að hafa áhrif á hegðun markaðarins. Boð og bönn, hagræn stjórntæki og upplýsingar. Um þetta segist Stefán hafa það á tilfinningunni að stjórnvöld vilji gjarnan upplýsa almenning og atvinnulífið um mikilvægi þess að sporna gegn loftslagsbreytingum. En það eitt dugi hins vegar skammt. Það sé ekki nóg að beita boðum – það þurfi líka að beita bönnum.

„Gulrótin dugar ekki. Það þarf að grípa til vandarins ef kerfið lætur ekki að stjórn. Hagræn stjórntæki eru notuð í einhverjum mæli, en að mínu mati í allt of litlum mæli. Það þyrfti t.d. að ganga miklu lengra í að skattleggja mengun, bæði til að draga úr henni og til þess að fjármagna nýsköpun í hreinni starfsemi,“ segir Stefán.

Eins og fleiri viðmælendur Fréttablaðsins í umfjöllun um loftslagsmál segir Stefán að hætta verði við öll áform um olíuleit og olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Eins þurfi að afnema skaðlegar greiðslur og styrki sem ýta undir notkun jarðefnaeldsneytis. Þá sé hægt að innleiða viðauka við Marpol-samninginn, sem er rammasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, en með því væri hægt að setja strangari kröfur um mengunarvarnir innan landhelginnar. Möguleikar liggja einnig í banni við urðun lífræns úrgangs og í því að stjórnvöld standi við yfirlýsingar um að byggja upp innviði fyrir rafbíla. Þá liggi beint við að ráðast í stórátak til að stöðva losun kolefnis úr framræstu votlendi og nýta mengunarskatta til að fjármagna breytingar í anda græns hagkerfis.

> Menn verða að horfast í augu við að staðan í loftslagsmálum kallar ekki á minniháttar lagfæringar á neyslu eða á hagkerfinu almennt. Hún kallar á byltingu.
>
> Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur



Í þessu samhengi rifjar Stefán upp að Alþingi samþykkti einróma að efla grænt hagkerfi fyrir ekki svo löngu, en ítarleg vinna verkefnastjórnar lá fyrir í janúar 2013. Þar sveif yfir vötnum sá metnaður þingsins að efling græna hagkerfisins yrði forgangsverkefni í atvinnustefnu íslenskra stjórnvalda.

„Hér erum við ekki að tala um að setja 50 milljónir í eitthvert eitt tilraunaverkefni í eitt ár. Við erum að tala um breytta ráðstöfun á milljörðum eða tugum milljarða króna á hverju ári um ókomna framtíð. Auðvitað eru slíkar breytingar sársaukafullar, en sársaukinn verður fyrst raunverulegur ef ekkert verður aðhafst,“ segir Stefán.




Ellingsen býður mikið úrval af hinum eina sanna norska **Devold** ullarfatnaði sem heldur á þér hita í rammíslenskum aðstæðum.



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir S–XXL | KK
**10.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir S–XXL | KK
**10.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir XS–XL | KVK
**11.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir XS–XL | KVK
**10.890 KR.**



**DEVOLD** EXPEDITION M. HETTU
Stærðir S–XL | KK OG KVK
**14.790 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE JUNIOR
Stærðir 10–16
**6.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE KID
Stærðir 2–8
**7.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE KID
Stærðir 2–8
**6.890 KR.**



**DEVOLD** ACTIVE SAMFELLA
Stærðir 74–98
**5.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir 74–98
**4.930 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA







# Netið slær ekki gamla góða jólakortinu við

Hápunktur starfsárs Póstsins er í desember þegar jólaösin gengur í garð. Fjöldi fólks sendir ástvinum jólagjafir innan sem utan landsteinanna auk þess sem jólakortahefðin er enn í heiðri höfð. Samkvæmt upplýsingum frá Póstinum er staða jólakortanna enn sterk þrátt fyrir innreið rafrænna jólakveðja. Pósturinn þarf að auka við sig mannafla á þessum tíma árs en um 250 til 300 starfsmenn bætast við starfsliðið yfir jólin. **Ernir Eyjólfsson** ljósmyndari Fréttablaðsins kíkti í heimsókn á annatíma.





HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

## TVÖFALT TAX FREE*
## AF SERÍUM OG JÓLASKRAUTI

OPIÐ TIL 22:00 Í SKÚTUVOGI

## GERIÐ FRÁBÆR KAUP Á JÓLAGJÖFUM OG JÓLAVÖRUM

jólatré • verkfæri • smáraftæki • búsáhöld • gjafavara • kerti • blóm
fatnaður • jólaskraut • jólaseríur • þvottavélar • þurrkarar • ofnar
málning • ljós • perur • parket • flísar • blöndunartæki og margt fleira!

NOKKUR VERÐDÆMI




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" Tax Free tilboð jafngildir 19.35% afslætti. Tvöfalt Tax Free jafngildir 38.7% afslætti.

HELSTU ERLENDU FRÉTTIR ÁRSINS 2015

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

# Flóttafólk, hryðjuverk og stríð

Flóttamannastraumurinn til Evrópu hefur verið áberandi í erlendum fréttum allt árið, ekki síður en hryðjuverkin í París, Kaupmannahöfn, Bandaríkjunum, Egyptalandi og víðar, sem framin hafa verið í nafni vígasamtaka á borð við Íslamska ríkið. Hér er stiklað á stóru um nokkrar helstu fréttir ársins.



**Hópur flóttamanna á gangi yfir landamærin frá Grikklandi til Makedóníu í október.** NORDICPHOTOS/AFP

## Flóttamannastraumur til Evrópu

**Á árinu** hafa líklega um milljón flóttamenn komið til Evrópu, fleiri en nokkru sinni áður.

**Meira en 920 þúsund** þeirra hafa komið sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið en flestir koma þeir frá Sýrlandi, Afganistan og Írak.

**3.400**

**hafa látist** á leiðinni yfir hafið, eða heldur fleiri en árið áður þegar 3.280 manns létust á leiðinni.

**980**

**þúsund manns** hafa sótt um hæli í Evrópuríkjum, þar af um 350 þúsund í Þýskalandi, um 100 þúsund í Svíþjóð og um 100 þúsund í Ungverjalandi.

**Evrópusambandsríkin** hafa samþykkt að taka við samtals 160 þúsund flóttamönnum og skipta þeim á milli sín, þannig að Grikkland, Ítalía og Ungverjaland þurfi ekki að taka við öllum sem þangað koma fyrst.



**Fjármálaráðherrar Þýskalands og Grikklands, þeir Wolfgang Schäuble og Jannis Varúfakis, deildu oft hart. Varúfakis sagði á endanum af sér.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Grikkland – kosningar og skuldakreppa

**24. janúar** vinnur SYRIZA, bandalag grískra vinstrimanna, sigur í þingkosningum í Grikklandi út á kosningaloforð um að standa gegn kröfum ESB og AGS um aðhaldsaðgerðir. Alexis Tsipras verður forsætisráðherra.

**20. febrúar** semur nýja stjórnin við evruríkin um framhald á fjárhagsaðstoð til að Grikkir ráði við skuldabyrði sína.

**5. júlí** fella Grikkir í þjóðaratkvæðagreiðslu samninginn við evruríkin. Tsipras hafði hvatt þjóðina til að fella samninginn, sem hann sjálfur hafði gert. Daginn eftir segir Jannis Varúfakis fjármálaráðherra af sér.

**13. júlí** samþykkir leiðtogafundur evruríkjanna að bjóða Grikkjum nýjan samning gegn því að gríska stjórnin ráðist í efnahagsumbætur

**20. september** vinnur Tsipras aftur sigur í þingkosningum.

## Árið 2015

**27. febrúar Boris Nemtsov skotinn í Moskvu**
Boris Nemtsov, harður andstæðingur Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta, var myrtur á götu í Moskvu.

**19. mars Stríðið í Jemen**
Borgarastyrjöld hófst í Jemen, þar sem uppreisnarsveitir Houthi-manna berjast gegn stjórnarhernum. Sádi-Arabía styður stjórnarherinn með loftárásum en Íran styðjur Houthimenn. Vígasveitir Íslamska ríkisins og al-Kaída hafa einnig blandað sér í átökin. Stríðið hefur kostað nærri sex þúsund manns lífið.

**25. apríl Jarðskjálftinn í Nepal**
Mikill jarðskjálfti varð í Nepal, sem mældist 8,1 stig og kostaði nærri tíu þúsund manns lífið. Skjálftinn hratt jafnframt af stað skriðu í hlíðum fjallsins Everest, sem kostaði 19 fjallgöngumenn lífið.

**7. maí Kosningar í Bretlandi**
Íhaldsflokkur Davids Cameron vann frekar óvæntan sigur í þingkosningum. Cameron hét því meðal annars að breyta aðildarsamningi Bretlands við Evrópusambandið og bera síðan aðildina undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Skoski þjóðarflokkurinn vann, með Nicola Sturgeon í forystu, stórsigur og er nú þriðji stærsti flokkur landsins.



**26. júní Hæstiréttur Bandaríkjanna um réttindi samkynhneigðra**
Hæstiréttur Bandaríkjanna kvað hinn 26. júní upp þann úrskurð að stjórnarskrá landsins tryggði samkynhneigðum pörum rétt til þess að ganga í hjónaband til jafns við gagnkynhneigð pör.



**30. júní Sættir Bandaríkjanna og Kúbu**
Stjórnvöld Bandaríkjanna og Kúbu samþykktu að taka upp stjórnmálasamband eftir meira en hálfrar aldar fjandskap.



**14. júlí Kjarnorkusamningur Írans og Bandaríkjanna**
Fulltrúar Írans, Bandaríkjanna, Kína, Rússlands, Frakklands, Bretlands, Þýskalands og Evrópusambandsins undirrituðu í Genf samning um kjarnorkuvinnslu Írans, þar sem Íranar féllust á að draga úr kjarnorkuumsvifum sínum og hétu því formlega að koma sér ekki upp kjarnorkuvopnum. Í staðinn á að aflétta refsiaðgerðum. ➡

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG

# 10-21

# LÁGT VERÐ

## ALLA DAGA



## VERIÐ VELKOMIN

STARFSFÓLK BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

HELSTU ERLENDU FRÉTTIR ÁRSINS 2015



Íbúi í Dúma í Sýrlandi með ungt barn í fanginu rétt eftir að sprengja frá stjórnarhernum féll á yfirráðasvæði uppreisnarmanna í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

# Stríðið í Sýrlandi og Írak

Ekkert lát er á átökunum í Sýrlandi, sem hófust vorið 2011. Stjórnarher Bashar al Assads forseta varpar stöðugt sprengjum á yfirráðasvæði uppreisnarmanna. Daish-samtökin svonefndu, sem kalla sig Íslamska ríkið, hafa síðan á sínu valdi stórt svæði bæði í Sýrlandi og Írak.

**12. mars** lýsa nígerísku vígasamtökin Boko Haram yfir stuðningi við Íslamska ríkið.

**31. mars** ná íraskir hermenn borginni Tíkrít í norðurhluta Íraks úr höndum Íslamska ríkisins.

**20. maí** nær Íslamska ríkið borginni Palmýra í Sýrlandi á sitt vald. Vígamennirnir hefjast fljótlega handa við að eyðileggja ómetanlegar fornminjar þar í borg.

**30. september** hefja Rússar loftárásir á uppreisnarhópa í Sýrlandi, þar á meðal á bækistöðvar Íslamska ríkisins. Rússar segja árásirnar gerðar til stuðnings Bashar al Assad Sýrlandsforseta.

**13. nóvember** hrekja hersveitir Kúrda vígamenn Íslamska ríkisins frá bænum Sindsjar í norðanverðu Írak.

**19. desember** samþykkir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun um að halda eigi friðarráðstefnu um Sýrland í janúar og samið verði um vopnahlé.




Stuðningsmenn Pegida-hreyfingarinnar á mótmælafundi í Dresden. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hræðsla í Þýskalandi

Pegida-hreyfingin í Þýskalandi, sem stofnuð var í október 2014, hefur sótt í sig veðrið að nýju undanfarna mánuði, eftir að flóttamannastraumurinn til Evrópu náði nýjum hæðum og voðaverkin í París 13. nóvember kyntu undir ótta við hryðjuverk. Regluleg mótmæli hafa verið í Dresden og fleiri borgum Þýskalands flest mánudagskvöld allt árið. Hreyfingin segist berjast gegn „íslamsvæðingu Vesturlanda“.

# Hryðjuverk

Voðaverk herskárra íslamista, sem tengjast samtökunum Íslamska ríkinu mismikið, hafa sett svip sinn á fréttir ársins.

**7. janúar** ráðast tveir grímuklæddir menn, vopnaðir rifflum, inn á ritstjórnarskrifstofur franska skoptímaritsins Charlie Hebdo í París. Mennirnir myrða þar 12 manns. Þeir láta sjálfir lífið í skotbardaga við lögreglu norðaustur af París nálægt bænum Dammartin-en-Goele.

**9. janúar** ræðst þriðji árásarmaðurinn í París svo til atlögu, tekur fólk í gíslingu í matvöruverslun og verður á endanum fjórum að bana. Hann fellur sjálfur í bardaga við lögreglu.

**3. febrúar** birtir Íslamska ríkið myndband af því þegar jórdanskur flugmaður, sem vígamennirnir höfðu í haldi, er myrtur með því að kveikja í honum þar sem hann er í búri.

**14. febrúar** gerir ungur maður, Omar Abdel Hamid El Hussein, skotárás á menningarmiðstöðina Krudttønden í Kaupmannahöfn, myrðir þar einn mann og særir þrjá lögreglumenn. Síðar um kvöldið, stuttu eftir miðnætti, gerir hann svo skotárás á samkunduhús gyðinga í Krystalgade, myrðir þar einn mann og særir tvo. Daginn eftir lést árásarmaðurinn í skotbardaga við lögreglu.

**11. október** myrða tveir sjálfsvígsárásarmenn meira en 100 manns á mótmælafundi til stuðnings Kúrdum í Ankara, höfuðborg Tyrklands.



Leiðtogar og framámenn víða að úr heiminum komu saman í París 11. janúar, fáeinum dögum eftir morðin á ritstjórnarskrifstofum skoptímaritsins Charlie Hebdo. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**31. október** hrapar rússnesk farþegaþota á Sínaískaga í Egyptalandi. Allir farþegar og áhöfn vélarinnar látast, alls 224 manns.

**13. nóvember** gera svo átta manns skot- og sjálfsvígssprengjuárásir á sjö stöðum í París. 130 manns láta lífið, þar af 89 í Bataclan-leikhúsinu. Þetta eru mannskæðustu hryðjuverk í Evrópu frá sprengjuárásunum í Madríd 11. mars, 2004.

**2. desember** myrða hjónin Syed Farook og Tashfeen Malik 14 manns í San Bernardino í Kaliforníu í Bandaríkjunum.



**19. október**
**Trudeau kosinn í Kanada**
Justin Trudeau, leiðtogi frjálslyndra, vann þingmeirihluta í Kanada og felldi þar með íhaldsstjórn Stephens Harper, sem hafði stjórnað landinu í níu ár. Trudeau dró þjóð sína ekki á stefnubreytingum í mörgum stórum málum, sagðist meðal annars ekki ætla að taka lengur þátt í loftárásum á Sýrland, hætti við að banna múslimakonum að bera andlitsblæju, tekur á móti hundruðum flóttamanna daglega og þrýsti á leiðtoga heims að samþykkja rausnarlegri loftslagsaðgerðir en áður voru taldar í boði.



**8. nóvember**
**Kosningar í Mjanmar**
Lýðræðisbandalagið, flokkur Aung San Suu Kyi, vann yfirburðasigur í þingkosningum í Mjanmar (Búrma). Suu Kyi, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels fyrir baráttu sína gegn herforingjastjórninni, fékk þar með langþráð tækifæri til þess að hrinda lýðræði í framkvæmd, þótt herinn hafi ekki alveg sleppt hendinni af stjórn landsins.

**24. nóvember**
**Deila Tyrkja og Rússa**
Tyrkir skutu niður rússneska herþotu, sem var á sveimi yfir Sýrlandi og skaust stundarkorn inn í lofthelgi Tyrklands. Rússar brugðust ókvæða við og hóta efnahagslegum refsiaðgerðum.




**12. desember**
**Loftslagssamningur í París**
Í París var nýr loftslagssamningur undirritaður, þar sem ríki heims lofuðu að sjá til þess að andrúmsloftið muni ekki hlýna af mannavöldum um meira en tvær gráður, frá því sem var fyrir iðnvæðingu. Og gáfu jafnframt fyrirheit um að helst ætti hlýnunin ekki að verða meiri en 1,5 gráður.

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®



STÆRÐ 6"

16.900 m/vsk



3.900 m/vsk



6.900 m/vsk

TILBOÐ



14.900 m/vsk



5.900 m/vsk



8.900 m/vsk

## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" toppar 8 - 32mm
Skrall. framlengingar, liður
Framlenging m/ LED ljósi

CAI2802

**8.900 m/vsk**

Fullt verð 11.955



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**16.900 m/vsk**

Fullt verð 22.073



## 7 SKÚFFUR

283 verkfæri 177.750 m/vsk



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

I9601

**21.900 m/vsk**

Fullt verð 35.909



TILBOÐ

## 5 SKÚFFUR

157 verkfæri 129.900 m/vsk





## VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI151R

**29.900 m/vsk**

Fullt verð 39.688



## VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI106B

**20.900 m/vsk**

Fullt verð 32.535

TILBOÐ



## Opnunartími um jólin

21. desember 08:00 - 20:00
22. desember 08:00 - 20:00
23. desember 08:00 - 20:00
24. desember 08:00 - 12:00





## NÝ VERSLUN

Skútuvogi 1, Reykjavík

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

# Of fáar leiðir



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Mál fjölskyldnanna tveggja frá Albaníu, sem farið hefur hátt undanfarið, fékk farsælan endi um helgina þegar þær fengu ríkisborgararétt hér á landi.

Fjölskyldurnar sóttu upphaflega um hæli hér en fengu synjun og var vísað úr landi. Í báðum fjölskyldum voru langveik börn.

Veikindi barnanna og myndir af þeim þegar lögregla sótti þau og foreldra þeirra í rútu um miðja nótt til að vísa þeim úr landi vakti hörð viðbrögð. Undantekningarlaust fannst fólki sárt að horfa á börnin halda út í óvissuna, veik í þokkabót, vegna þess eins að mál þeirra uppfylltu ekki ákveðin skilyrði.

Ekki bætti úr skák að öðru barninu var ekki hugað líf vegna ástands heilbrigðiskerfis Albaníu. Útlendingastofnun var því ekki bara að senda lítið barn úr landi – heldur út í opinn dauðann. Í augum margra var það grímulausa kaldlyndi kornið sem fyllti mælinn.

Þrátt fyrir farsælan endi fyrir fjölskyldurnar tvær er mikið eftir ógert í þessum málaflokki. Með þeim í rútunni þessa nótt voru nefnilega fleiri útlendingar. Útlendingar sem hingað koma með von í brjósti um betra líf en var vísað burt af því þeir uppfylltu ekki formskilyrði. Og rútufarmarnir af einstaklingum sem hefur verið vísað héðan úr landi eru margir.

Hælisleitendakerfið var búið til fyrir fólk í neyð. Flestum umsóknum Albana um hæli hér á landi hefur verið hafnað, þar sem mat á aðstæðum hefur verið slíkt að þær séu þess eðlis að þær uppfylli ekki viðeigandi skilyrði. Ástæða þess að fólk sem sækir um hæli á Íslandi, án þess að uppfylla skilyrðin, er sú að enginn annar raunhæfur kostur er í stöðunni.

Útlendingar sem vilja setjast hér að geta vissulega óskað eftir dvalarleyfi. En lagaákvæði um slík leyfi eru þröng. Atvinnuleyfi fást til að mynda aðeins vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar, fyrir íþróttafólk eða vegna skorts á vinnuafli, en slík leyfi eru aðeins tímabundin. Leiðin að slíkum leyfum er flókin og erfið í framkvæmd fyrir fjölskyldur. Og of margir fá sömu synjun þar og í hælismálunum.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um að fjölga þeim leiðum sem hægt er að fara til að sækja um þessi leyfi. Næsti vetur á þingi verður kosningavetur. Þá verða stjórnmálamenn oft hræddir um eigin hag og þeim hættir til að leiðast út í popúlisma. Aukast þá líkurnar á því að óvandaðir stjórnmálamenn sjái sér leik á borði og hoppi á vagn þeirra sem ala á fáfræði, fordómum og hræðslu gagnvart fólki af erlendum uppruna.

Það er því brýnt að frumvarpið fari fyrir þingið tafarlaust og afgreiðslu þess ljúki áður en einhverjir flokkar fara að daðra við þjóðernishyggju og rasisma. Ekki bara vegna þess að tillögur frumvarpsins eru skynsamlegar út frá þjóðarhag. Líka vegna þess að við þurfum sárlega sem þjóð að geta staðið á því – hvert gagnvart öðru jafnt sem þeim sem deila þessari plánetu með okkur – að allsnægtasamfélagið sem við búum í hafi ekki gjörsneytt okkur allri samvisku, samúð og mennsku. Eitthvað sem hefur sárlega vantað eftir að Útlendingastofnun sendi lítinn veikan dreng út í opinn dauðann núna í jólamánuðinum.

**Aukast þá líkurnar á því að óvandaðir stjórnmálamenn sjái sér leik á borði og hoppi á vagn þeirra sem ala á fáfræði, fordómum og hræðslu gagnvart fólki af erlendum uppruna.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hið hefðbundna í henglum**

**Á sunnudagskvöldið var ljóst að róttækur stjórnmálaflokkur hefði skekið stoðir hins hefðbundna stjórnmálakerfis á Spáni. Róttæki vinstriflokkurinn Podemos hefur á örfáum mánuðum gerbylt spænskum stjórnmálum. Kjósendur hafa fengið sig fullsadda af hefðbundnum stjórnmálaflokkum. Sömu sögu mátti segja með Syriza í Grikklandi, sigur Jeremys Corbyn í Verkamannaflokknum og uppgang Bernie Sanders í Bandaríkjunum. Það stefnir í að enn eitt vígið falli árið 2017 en allt bendir til þess að Píratar muni gera út af við hið hefðbundna stjórnmálakerfi í næstu þingkosningum.**

**Yfirsjón Alþingis**

**Fjölmiðlanefnd hefur gert athugasemd við setu Marðar Árnasonar og Kristins Dags Gissurarsonar í stjórn RÚV. Báðir eru þeir varamenn, Mörður varaþingmaður Samfylkingarinnar og Kristinn varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins. Í lögum um RÚV segir að kjörnir fulltrúar til Alþingis og sveitarstjórna séu ekki kjörgengir í stjórn RÚV. Ný stjórn RÚV var kosin af Alþingi í ár samkvæmt tilnefningu valnefndar sem skipuð var af menntamálaráðherra. Ef Mörður og Kristinn eru ekki kjörgengir er ábyrgðin því Alþingis og ráðherra.**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Gjaldþrot ekki að renna úr greipum



**Ásta S. Helgadóttir**
umboðsmaður skuldara

Frá 1. febrúar 2014 hefur umboðsmaður skuldara greitt dómstólum tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta 229 einstaklinga. Að auki hefur embættið veitt 50 einstaklingum vilyrði fyrir að greiða þennan kostnað óski þeir eftir gjaldþrotaskiptum hjá hlutaðeigandi héraðsdómstól. Aðstoðin byggist á lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014. Líkt og við árslok 2014 hafa þeir sem leita til embættisins lýst yfir áhyggjum yfir því að þetta úrræði og tveggja ára fyrningarfrestur krafna við gjaldþrotaskipti muni falla niður um næstkomandi áramót. Virðist vera um útbreiddan misskilning að ræða.

Embættið vill vekja athygli á því að engin umræða hefur farið fram hjá stjórnvöldum um að fella framangreind lög úr gildi. Til að lengja fyrningarfrest krafna í kjölfar gjaldþrotaskipta þarf að breyta lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 en ekkert slíkt frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi. Það er því ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að nokkuð muni breytast er snýr að aðgengi einstaklinga að fjárhagsaðstoð vegna gjaldþrotaskipta eða fyrningu krafna.

Innifalið í aðstoð umboðsmanns skuldara er mat á skuldastöðu þeirra sem til embættisins leita, öflun gagna sem þarf að leggja fyrir dómstóla og leiðbeiningar fyrir þá sem embættið telur að geti komist úr skuldavanda með öðrum hætti en með gjaldþrotaskiptum. Það er stór ákvörðun að óska eftir að verða gjaldþrota og mikilvægt að vera vel upplýst/ur um hvað það getur haft í för með sér. Það eru hagsmunir allra að skoða fyrst hvort önnur vægari úrræði geti hentað. Hlutverk embættisins felst í því að veita leiðbeiningar um úrræðið og er kappkostað að veita þeim sem til þess leita sem besta þjónustu. Er því óþarfi fyrir einstaklinga að leita sér kostnaðarsamrar aðstoðar til að sækja um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar.

Það er jákvætt að einstaklingar leiti lausna á sínum skuldamálum og óski sem fyrst eftir gjaldfrjálsri aðstoð umboðsmanns skuldara. Þeir þurfa þó ekki að hafa áhyggjur af því að gjaldþrot eða tveggja ára fyrningarfrestur krafna í kjölfar gjaldþrots sé að renna þeim úr greipum.

**Óþarfi er fyrir einstaklinga að leita sér kostnaðarsamrar aðstoðar til að sækja um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar.**

**Mikael** með magnaða bók

★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Stundin






2 BÓKSÖLULISTINN Ævisögur 01.11.-22.11.2015

3. Sæti METSÖLULISTI EYMUNDSSON Vikan 28.10-3.11.

sögur útgáfa

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Stærsta kosningaloforðið óuppfyllt!



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Það er algengt, að stjórnmálamenn gefi mikil loforð í kosningum en standi síðan ekki við þau. En það er hins vegar sjaldgæft, að ráðamenn, sem rofið hafa kosningaloforðin, tali eins og þeir hafi efnt þau! En það hefur gerst hjá ráðamönnum núverandi stjórnarflokka.

### Ætluðu að leiðrétta kjaragliðnun

Stjórnarflokkarnir lofuðu því í alþingiskosningunum 2013 að afturkalla alla kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja frá 2009. Jafnframt lofuðu þeir að leiðrétta alla kjaragliðnun tímabilsins 2009-2013 (krepputímans). Mesta kjaraskerðingin fólst í kjaragliðnuninni. Á umræddu tímabili var lífeyrir frystur langtímum saman þó laun hækkuðu. Það kallast kjaragliðnun. Hún var mikil þá. Og nú hefur orðið ný kjaragliðnun á tímabilinu 2013-2015. Mest hefur kjaragliðnunin orðið á yfirstandandi ári. Ekkert hefur verið gert í því að leiðrétta kjaragliðnun krepputímans. Og ekkert hefur heldur verið gert í því að leiðrétta kjaragliðnun tímabilsins 2013-2015. Hækka þarf lífeyri um 15% til þess að leiðrétta hana.

### Aðeins lítið afturkallað ennþá

Kjaraskerðingin 2009 hefur verið afturkölluð að hluta. Þar var um 6 atriði að ræða og sumarið 2013 afturkallaði núverandi stjórn tvö þeirra. Hún afturkallaði skerðingu á frítekjumarki vegna atvinnutekna aldraðra og færði til fyrra horfs. Það gagnaðist þeim, sem voru á vinnumarkaðnum. Og hún afturkallaði það, að greiðslur úr lífeyrissjóði væru taldar með tekjum við útreikning grunnlífeyris. Sú ráðstöfun hafði skert grunnlífeyri hjá þeim, sem höfðu háar greiðslur úr lífeyrissjóði. Þriðja atriðið, sem hefur hlotið leiðréttingu, féll úr gildi af sjálfu sér, þar eð það var tímabundið. Það var skerðing tekjutryggingar, sem féll úr gildi í árslok 2013.

Meðal skerðinga frá 2009, sem eftir er að leiðrétta, er eftirfarandi: Skerðing á frítekjumarki vegna fjármagnstekna. Og skerðing á aldurstengdri örorkuuppbót en hún var skert með tekjutengingu. Oddvitar stjórnarflokkanna segja alltaf: Við erum búnir að afturkalla kjaraskerðinguna frá 2009! En það er ekki rétt.

### Hækka þarf lífeyri um 20-25% vegna loforðs

Kjaragliðnunin á krepputímanum er langmesta kjaraskerðingin sem fyrr segir. Hún er óleiðrétt. Það þarf að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja um 20-25% til þess að leiðrétta hana. Talnakönnun Benedikts Jóhannessonar kannaði fyrir Öryrkjabandalag Íslands hvað kjaragliðnunin væri mikil. Niðurstaðan var þessi: Heildartekjur öryrkja (fjármagnstekjur innifaldar) hækkuðu um 4,7% á tímabilinu 2009-2013 en á sama tímabili hækkaði launavísitalan um 23,5%. Kjaragliðnun var 18,8%. Kjaranefnd Félags eldri borgara í Rvk fær út 23% kjaragliðnun hjá öldruðum á sama tímabili. Borin var saman breyting á lágmarkslaunum og hækkun lágmarkslífeyris einhleypra eldri borgara frá TR, sem einungis höfðu tekjur frá almannatryggingum á tímabilinu 2009-2013.

### Óvirðing við kjósendur!

Stjórnarflokkarnir minnast aldrei á kjaragliðnunina. Það er þó skjalfest, að þeir lofuðu að leiðrétta hana ásamt annarri kjaraskerðingu krepputímans. Talsmenn stjórnarflokkanna tala eins og búið sé að leiðrétta alla umrædda kjaraskerðingu en það er langur vegur þar frá. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lofaði því einnig fyrir þingkosningarnar 2013 að afnema allar tekjutengingar almannatrygginga. Hann hefur ekki staðið við það. Það er óvirðing við kjósendur að svíkja kosningaloforð. En það er jafnvel enn alvarlegra að rjúfa kosningafyrirheitin og segja síðan við kjósendur að búið sé að efna kosningaloforðin! Hvað kallast slík framkoma?

**Stjórnarflokkarnir minnast aldrei á kjaragliðnunina. Það er þó skjalfest, að þeir lofuðu að leiðrétta hana ásamt annarri kjaraskerðingu krepputímans. Talsmenn stjórnarflokkanna tala eins og búið sé að leiðrétta alla umrædda kjaraskerðingu.**






# Gætum að hagsmunum Íslands



**Haukur Þór Hauksson**
aðstoðarframkvæmdastjóri SFS

Nú liggur fyrir að Evrópusambandið mun framlengja viðskiptaþvinganir sínar gegn Rússlandi í 6 mánuði en viðskiptaþvinganirnar hefðu ella fallið niður í lok janúar 2016.

Ísland er ekki bundið af ákvörðun ESB. Engar skuldbindingar knýja Ísland til að vera þátttakandi í viðskiptaþvingununum heldur tökum við sjálfstæða ákvörðun í málinu.

Til upprifjunar þá fela viðskiptaþvinganir „bandalagsþjóða“ (ESB, USA, Kanada auk nokkurra annarra þjóða) gagnvart Rússlandi í grunninn í sér eftirfarandi:

- Fyrirtæki mega ekki eiga í vopnaviðskiptum við Rússa.
- Fyrirtæki mega ekki selja tæknivörur til hernaðarnotkunar í Rússlandi.
- Fjármálastofnanir mega ekki fjármagna tiltekna rússneska banka til lengri tíma en 30 daga í senn.
- Ekki er heimilt að fjármagna tiltekin orkufyrirtæki í Rússlandi.
- Ferðabann gildir fyrir tiltekna rússneska og úkraínska einstaklinga til bandalagsþjóða.
- Frysting eigna gildir gagnvart tilteknum rússneskum og úkraínskum einstaklingum hjá bandalagsþjóðum.
- Fyrirtæki mega ekki veita ferðamannaþjónustu á Krímskaga.

Ef einhver hélt að viðskiptaþvinganir bandalagsþjóða væru eitthvað í ætt við viðskiptabann Bandaríkjanna á Kúbu og Íran þá er sá hinn sami að misskilja málið í grundvallaratriðum.

Áðurnefnd atriði breyta engu um að hefðbundin viðskipti fara enn fram á degi hverjum í miklum mæli á milli Rússa og hinna svokölluðu bandalagsþjóða. Til að mynda selja Þjóðverjar iðnaðarframleiðslu sína til Rússlands á sama tíma og þeir eru stórkaupendur að olíu og gasi frá Rússlandi. Stórmarkaðir í Rússlandi eru fullir af vörum bandalagsþjóða, hvort sem um er að ræða fatnað, vín, leikföng eða sælgæti. Götur Moskvu iða af nýjum þýskum, bandarískum og frönskum bifreiðum og enn eru gerðir risasamningar á milli fyrirtækja bandalagsþjóða og rússneskra fyrirtækja og stofnana.

Rússar svöruðu fyrrgreindum viðskiptaþvingunum gegn sér með banni á innflutningi matvæla sem fól í sér að nær allur innflutningur á fiski og algengum tegundum kjöts frá bandalagsþjóðum er bannaður til Rússlands.

Samfara mjög aukinni matvælaframleiðslu í Rússlandi í kjölfar viðskiptaþvingana eykst eftirspurn mjög ört eftir framleiðslutækjum og öðrum iðnaðarvörum til landbúnaðarframleiðslu í Rússlandi. Hvaðan skyldu Rússar kaupa þær iðnaðarvörur? Það stendur ekki á stóru bandalagsþjóðunum að svara þeirri eftirspurn. Svona getur heimurinn verið skrýtinn!

**Grunnt á samstöðunni**

Þátttaka Íslands í viðskiptaþvingunum gegn Rússlandi er í reynd einungis táknræn. Hún hefur enga raunverulega þýðingu eða afleiðingar fyrir Rússa. Íslendingar eiga ekki í vopnaviðskiptum, rússnesk stórfyrirtæki fjármagna sig ekki á Íslandi og tilteknir rússneskir einstaklingar geta lifað ágætu lífi án þess að fara gullna hringinn á Íslandi.

Þegar íslensk stjórnvöld leituðu eftir niðurfellingu eða lækkun tolla (20%) á frystum makríl til ríkja ESB á grundvelli þess að stuðningurinn (táknræni) í „Rússamálinu“ þýddi lokun stærsta markaðar uppsjávartegunda Íslendinga var svar Evrópusambandsins einfalt. Ísland fengi enga lækkun á tollum inn á svæði ESB.

Færeyingar taka ekki þátt í viðskiptaþvingunum gegn Rússum og selja þangað uppsjávartegundir sínar á góðu verði sem aldrei fyrr. Þeir átta sig á þeirri staðreynd að þátttaka þeirra væri einungis táknræn á sama tíma og hún myndi kosta þá mikið. Stuðningsleysi Færeyinga í Rússamálinu virðist ekki trufla samskipti ESB og Færeyja á fundum strandríkja í Norður-Atlantshafi þegar kemur að því að mynda teymi gegn Íslendingum um veiðiheimildir í kolmunna og makríl.

**Afleiðingarnar fyrir Ísland**

Afleiðingar þess fyrir Ísland að vera táknrænn þátttakandi í viðskiptaþvingunum gegn Rússum eru þær að stærsti markaður uppsjávarafurða Íslendinga er lokaður. Hér er um að ræða markað sem hefur vaxið ört undanfarin ár og nemur um 30 milljörðum króna á ársgrundvelli.

Lokun Rússlandsmarkaðar gerir það að verkum að íslenskar uppsjávarafurðir eru seldar á lægri verði en ella, mun meira magn fer í bræðslu í stað manneldis, gjaldeyristekjur dragast saman, atvinna dregst saman, laun lækka og útsvar til sveitarfélaga lækkar. Því lengur sem bannið gildir því meiri hætta er á að viðskiptasambönd sem tekið hefur áratugi að rækta, í gegnum súrt og sætt, tapist til lengri tíma.

Lengi getur vont versnað. Styðji Íslendingar framlengingu viðskiptaþvingana þá aukast líkurnar verulega á því að lokað verði inn á markaði tollabandalags Rússlands, Hvíta-Rússlands, Kasakstans, Armeníu og Kirgistan (e. Eurasian Customs Union). Gerist það lokast mikilvægur loðnumarkaður Íslendinga í Hvíta-Rússlandi.

Þá gáfu Rússar það í skyn fyrr í þessum mánuði að svokallaður Smugusamningur færi í uppnám vegna málsins en Íslendingar hafa

**Ísland getur komið skoðun sinni á deilunni á Krímskaga á framfæri með öðrum hætti en að taka gagnrýnislaust þátt í viðskiptaþvingunum sem leiddar eru af Bandaríkjunum. Þvinganirnar hafa einungis táknrænt gildi en mikinn skaða fyrir íslenskan efnahag.**

veitt um 8.000 tonn af þorski í Barentshafi á grundvelli umrædds samnings og losa tekjur af þeim veiðum 2 milljarða króna á ári.

Ísland er fiskveiðiþjóð. Af þeim sökum vega gagnaðgerðir Rússa miklu þyngra í efnahag Íslands en nær allra annarra bandalagsþjóða. Það væri áhugavert að vita hver viðbrögð Þjóðverja yrðu ef innflutningur þýskra bifreiða og álíka iðnaðarvara yrði bannaður til Rússlands.

Ísland getur komið skoðun sinni á deilunni á Krímskaga á framfæri með öðrum hætti en að taka gagnrýnislaust þátt í viðskiptaþvingungunum sem leiddar eru af Bandaríkjunum. Þvinganirnar hafa einungis táknrænt gildi en mikinn skaða fyrir íslenskan efnahag.

# Furðuverk



**Magnús Baldursson**
áhugamaður um góða vegagerð

**Deilan um veginn gegnum Gálgahraun skipti máli. Nokkurs konar táknrænt míkrókosmos um baráttu náttúruverndarsinna á Íslandi.**

Þetta kallast víst að koma heldur seint til leiks.

Google route map sýnir að ég er þremur mínútum lengur niður í miðbæ nú eftir að nýr Álftanesvegur komst í gagnið. Þetta kemur manni svo sem ekki á óvart þar sem vegurinn liggur í stórum boga út í Gálgahraunið kringum hið fína Prýðishverfi.

Ekki var það þá tímasparnaðurinn sem atti mönnum út í þetta.

Ég var nýr á nesinu þegar mótmælin hófust og kannski ekki fyllilega að skilja um hvað málið snerist. En það var eitthvað fallegt við að horfa á þetta staðfasta og ástríðufulla fólk koma saman við hraunjaðarinn í öllum veðrum. Hvernig það hópaði sig saman í vetrargöllunum til að skeggræða hvað væri til ráða, og sjá gamla manninn sí og æ að þaufast þetta að hrauninu á smábílnum með skráningarnúmerinu ÁST. Svona var þetta fyrir og eftir vinnu, í rökkrinu snemma morguns og síðla dags. Skammt frá voru vinnubúðir að rísa og búið að raða upp vélunum á planið. Eftir á hugsar maður, þarna hefði ég átt að vera. Andófið var umborið um hríð. Svo kom að því að yfirvaldinu varð nóg boðið. Þeim tókst að handsama tónskáldið, þann gamla og fáeina aðra meinlausa náttúruvini. Einhverjir vonuðust eftir því að ef heilladís friðlandsins yrði sett í járn hlyti taflið að snúast við, en þeim tókst því miður ekki að hremma hana í hrauninu.

Þá var þetta komið. Íslenska framkvæmdafrekjan lét ekki að sér hæða.

Heiðríkt haustsíðdegi fyrir rúmum tveimur árum er minnisstætt. Fjölmenni var við Gálgahraun og samsafn lögreglu til að verja misgerðina. Stóreflis jarðýtur voru komnar upp á hraunið og fóru þar hratt um. Reykspúandi, háværar og hræðilegar, eins og sturlaðir tröll að helga sér svæði. Eitthvað lá í loftinu sem bar keim af yfirgangi sem ég ímynda mér að menn finni fyrir í stríðsástandi.

Þetta var „statement“. Eyðileggingin hafin og skaðinn skeður. Nú skyldi sko enginn ganga um með þá grillu í höfðinu að aftur yrði snúið.

Síðar komu dómar og sektir. Kannski koma orðurnar seinna.

Aldrei gat ég annað séð en gamla vegstæðið sem liggur utan hraunsins væri ágætt, þótt vafalaust hefði eitthvað mátt lappa upp á veginn sjálfan. Þetta lyktaði meira af því að fulltrúar bæjarfélags hefðu talið sig þurfa að ná plássi fyrir mannabyggð í friðlandi, og tekist það með dyggum stuðningi meðvirkrar vegagerðar.

Er ekki nóg til af andskotans hrauninu? sagði vinkona mín, frúin í Garðabænum. Nóg er til, satt er það. En að eiga ósnert í borgarlandinu þetta úfna og myndríka hraun sem rann í sjó fram var eitthvað einstakt, á pari við Elliðaárnar og Esjuna. Þetta var „million dollar view“, augnakonfekt. Þarna eru sögulega minjar við hvert fótmál. Hér féll listmálarinn okkar í stafi.

Og er það ekki túristinn sem á að forða okkur frá því að steyta á skerjum þessa dagana?

Á meðan lúinn húsvörðurinn tæmir fleytifullar lekabyttur og Lækna-Tómas hnerrar og bölvar húsasóttinni og hleypur eftir löngum spítalaganginum og bunulækir renna eftir holóttum stofnbrautum Reykjavíkur, beygi ég út á nes í þungri vetrarrigningu, tek ljúflegan snúninginn kringum mikilfengleg hringtorgin og fer einn um rennisléttan, breiðan og vel upplýstan veginn gegnum hraunið og keyri heim í þessa fámennu byggð.

Eitthvað hefur veislan kostað.

Deilan um veginn gegnum Gálgahraun skipti máli. Nokkurs konar táknrænt míkrókosmos um baráttu náttúruverndarsinna á Íslandi. Manni verður hugsað til hálendisins. Það er ekki búið að flauta þennan leik af.



# Við erum „bestust“



**Margrét Jónsdóttir**
eftirlaunaþegi á Akranesi

Ekki man ég hversu oft ég hef legið á bæn til Guðs, í gegnum tíðina og beðið hann um betra veður. Bara svona örlítið hlýrra og notalegra. Og nú þegar hann virðist vera í þann veginn að bænheyra mig, tryllist öll heimsbyggðin.

Mér dettur þetta í hug, nú að lokinni loftslagsráðstefnu í París. En eftir fréttum að dæma virðast fulltrúar okkar helst hafa notað tækifærið til að hæla framgöngu okkar í uppgræðslu lands. Við værum til og með svo frábær að vera með landgræðsluskóla til að kenna óvitunum í útlöndum að græða upp sínar heimaeyðimerkur, enda með 100 ára reynslu að baki í þessum efnum.

Hvergi hef ég séð á prenti eftir þessa ráðstefnu að fulltrúar okkar hafi bent á, að við landnám hafi landið hér verið vafið gróðri frá fjöru til fjalls, né um stærð núverandi gróðurhulu. (25% af landinu.) Hvergi hef ég heldur séð á prenti, eftir þessa ráðstefnu, að fulltrúarnir hafi minnst á ástæðu þess að við erum hér með stærstu manngerðu eyðimörk í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Að við berum mikla ábyrgð á þessari svokölluðu hlýnun jarðar með hjarðbúskap í yfir 1100 ár svo og samgöngutækjum og verksmiðjum í heila öld. Nei, ekki orð, við segjum bara frá því sem kemur okkur vel en sleppum hinu. Við erum alltaf mest og best og nú höfum við líka slegið heimsmet í landgræðslu!

Fyrirbærið Landgræðsla ríkisins á vissulega heiður skilinn fyrir að hafa náð því að græða upp rúmlega 1% af eyðimörkinni á rúmlega 100 árum. ( Munið að landið er 75% eyðimörk.) Það er ekki við hana að sakast að ekki hefur tekist að græða upp stærra land. Það eru allar ríkisstjórnir landsins sem bera ábyrgð á því að ekki er meira gert.

**Viðurkenna ekki ástæðurnar**

Ríkisstjórnirnar vilja fyrir það fyrsta hvorki viðurkenna ástæður gróður- og jarðvegseyðingar né vilja til að takast á við vandann og hafa auk þess svo rosalega mikið að gera við peningana í önnur verkefni, að Landgræðslan og reyndar skógræktin líka mæta alltaf afgangi. Nú er t.d. enn á ný verið að gera búvörusamninga við bændur sem árlega kosta okkur marga milljarða.

**Ég veit til þess að í sumum löndum er bannað að skilja eftir opna skurði við framræslu lands, þar þarf að setja dren í þá og loka þeim svo aftur. Í Svíþjóð eru yfir 100 ár síðan þessari reglu var komið á.**

Og talandi um bændur, minnir mig á skurðina sem þeir hafa látið grafa, svo langa og marga að samanlögð lengd þeirra mundi ná utan um allan hnöttinn. Reyndar kom það fram á loftslagsráðstefnunni í París hversu hættulegt það er loftslaginu að hleypa út svona miklum koltvísýringi með skurðgreftrinum. Ég veit til þess að í sumum löndum er bannað að skilja eftir opna skurði við framræslu lands, þar þarf að setja dren í þá og loka þeim svo aftur. Í Svíþjóð eru yfir 100 ár síðan þessari reglu var komið á.

Megi svo nýtt ár færa okkur hagstætt veður til landgræðslu og skógræktar og einnig færa okkur marga dásamlega daga til útivistar, í hlýju og góðu veðri, án þess að það komi niður á himni og jörð.




## Miðlungsbrennt malað kaffi
úr 100% Arabica baunum

Rautt Merrild er miðlungsbrennt sígillt kaffi, fullkomið og bragðmikið. Miðlungsbrennsla þýðir að baunir eru ristaðar þar til þær fá ljósbrúnana lit, ljúfan og jafnan keim og notalegan ilm.

**HÆG UPPÁHELLING BÝR TIL GÓÐAR STUNDIR** – *svona gerirðu betra kaffi*

1  Settu kaffipoka í trektina.

2  Mældu sléttfulla matskeið í pokann fyrir hvern bolla eða 6-7 g á 1,5 dl. Örlítið meira ef þú vilt hafa kaffið sterkt.

3  Bíddu augnablik eftir að vatnið er búið að sjóða – best er að hitastigið sé u.þ.b. 93°C. Helltu dálitlu vatni yfir kaffið, rétt til að bleyta upp í því.

4  Haltu áfram að hella vatninu smám saman þar til kaffið er tilbúið.

ENNEMM / SÍA • NM67254

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Arsenal búið að vinna bæði Manchester-liðin á heimavelli




2-0 Oliver Giroud, franski framherjinn í liði Arsenal, skorar hér annað mark Arsenal gegn Manchester City í stórleiknum í ensku úrvalsdeildinni fótbolta í gærkvöldi. Theo Walcott skoraði fyrra markið fyrir Skytturnar sem héldu öðru sætinu með sigrinum og náði fjögurra stiga forskoti á Man. City um leið. Leicester er sem fyrr á toppnum tveimur stigum á undan Arsenal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ólympíuleikarnir okkar gulrót

**Aron Kristjánsson hefur valið 21 leikmann og munu þeir berjast um að fara með Íslandi á EM í Póllandi. 14 leikmenn skipa endurvakið B-landslið sem er ætlað að styðja við A-liðið í undirbúningnum fyrir EM.**

**HANDBOLTI** Það styttist í Evrópumeistaramótið í Póllandi og í gær tilkynnti Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari hvaða 21 leikmaður væri í æfingahópi Íslands fyrir mótið. Hverju liði á EM er heimilt að vera með sextán manna leikmannahóp en ekki er útilokað að Aron taki sautjánda manninn með út sem yrði þá til taks.

EM í Póllandi hefst 15. janúar og er Ísland í riðli með Króatíu, Hvíta-Rússlandi og Noregi. Liðið þarf að komast áfram í milliriðla til að eiga möguleika á að komast í forkeppnina fyrir Ólympíuleikana í Ríó en það er aðalmarkmið Íslands á mótinu.

Ef strákarnir verða Evrópumeistarar fara þeir vitanlega á Ólympíuleikana án þess að taka þátt í forkeppninni. Að öðrum kosti þarf Ísland að vera efsta eða næstefsta liðið af þeim sem ekki eru búin að tryggja sér sæti í forkeppninni. Sex Evrópuþjóðir gerðu það á HM í fyrra – Pólland, Spánn, Danmörk, Króatía, Þýskaland og Slóvenía – og má því Ísland enda neðar en þau lið í forkeppninni.

Helstu keppinautar Íslands um sæti í henni verða að öllum líkindum Svíþjóð, Noregur, Makedónía, Serbía, Rússland og Ungverjaland og má Ísland aðeins hleypa einu þeirra upp fyrir sig á EM.

### Staðan á hópnum góð

„Þetta er okkar gulrót – að komast í forkeppni Ólympíuleikanna," sagði Aron Kristjánsson við Fréttablaðið í




**Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari, á blaðamannafundinum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

gær. Hann segist sáttur við stöðuna á sínu liði en allir lykilmenn gátu gefið kost á sér í hópinn að þessu sinni. Aðeins Ólafur Bjarki Ragnarsson og Theodór Sigurbjörnsson komu ekki til greina en þeir hafa verið að glíma við meiðsli og nota janúarmánuð til að ná sér af þeim.

Að auki var B-landsliðið endurvakið en það mun æfa samhliða A-liðinu frá 29. desember til 7. janúar. Þá heldur EM-hópurinn til Þýskalands en þar spilar Ísland tvo æfingaleiki við lærisveina Dags Sigurðssonar í þýska liðinu, sem verða þeir síðustu fyrir EM í Póllandi.

Ísland mætir fyrst Portúgal tvívegis í Kaplakrika. Í fyrri leiknum verða leikmenn A-liðsins í aðalhlutverki en B-liðið mun að mestum hluta spila í þeim síðari. Þar að auki mun B-liðið leika æfingaleik gegn U-20 liði Íslands í sömu viku.

### Kærkomið tækifæri

Aron segir að B-liðið, sem mun æfa undir stjórn Ólafs Stefánssonar, muni styrkja A-landsliðið. „Þetta gerir það að verkum að við getum komið með fleiri leikmenn inn í okkar umhverfi og aukið breiddina í landsliðinu. Það getur vel verið að leikmenn úr B-liðinu verði kallaðir inn í EM-hópinn gerist þess þörf," segir Aron.

„Þar að auki gefur þetta okkur tækifæri til að skoða leikmenn sem spila erlendis og hafa staðið fyrir utan landsliðið. Þetta er tækifæri fyrir leikmenn sem vilja sýna okkur að þeir eigi heima í landsliðinu," bætir þjálfarinn við.

eirikur@frettabladid.is

## Landsliðshóparnir fyrir EM í Póllandi

### A-lið Íslands

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Álaborg |
| Björgvin Páll Gústavsson | Bergischer |
| Hreiðar L. Guðmundsson | Akureyri |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Alexander Petersson | RN Löwen |
| Arnór Atlason | St. Raphael |
| Arnór Þór Gunnarsson | Bergischer |
| Aron Pálmarsson | Veszprem |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Nimes |
| Bjarki Már Elísson | Füchse Berlin |
| Bjarki Már Gunnarsson | Aue |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Barcelona |
| Guðmundur H. Helgason | Valur |
| Guðmundur Á. Ólafsson | Mors Thy |
| Kári Kristján Kristjánsson | ÍBV |
| Ólafur Guðmundsson | Kristianstad |
| Róbert Gunnarsson | PSG |
| Rúnar Kárason | Hannover-B. |
| Snorri Steinn Guðjónsson | Nimes |
| Stefán R. Sigurmannsson | RN Löwen |
| Tandri Konráðsson | Ricoh |
| Vignir Svavarsson | Midtjylland |

### B-lið Íslands

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Kristófer F. Guðmundsson | Fram |
| Stephen Nielsen | ÍBV |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Adam Haukur Baumruk | Haukar |
| Arnar Freyr Arnarsson | Fram |
| Árni Bragi Eyjólfsson | Afturelding |
| Árni S. Steinþórsson | SönderjyskE |
| Böðvar Páll Ásgeirsson | Afturelding |
| Einar Rafn Eiðsson | FH |
| Geir Guðmundsson | Val |
| Heimir Óli Heimisson | Haukar |
| Janus Daði Smárason | Haukar |
| Pétur Júníusson | Afturelding |
| Róbert Aron Hostert | Mors Thy |
| Sigurbergur Sveinsson | Tvis Holsebro |

**Leikir Íslands fram að EM**

6. jan.: Ísland - Portúgal (Kaplakrika)
7. jan.: Ísland - Portúgal (Kaplakrika)
9. jan.: Þýskaland - Ísland (Kassel)
10. jan.: Þýskal. - Ísland (Hannover)

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | |
|---|---|
| Arsenal - Man. City | 2-1 |

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 38 | Stoke | 23 |
| Arsenal | 36 | Southampt. | 21 |
| Man. City. | 32 | WBA | 20 |
| Tottenham | 29 | Bournem. | 19 |
| Man. Utd | 29 | Chelsea | 18 |
| C. Palace | 29 | Norwich | 17 |
| Watford | 28 | Newcastle | 17 |
| West Ham | 25 | Swansea | 15 |
| Liverpool | 24 | Sunderland | 12 |
| Everton | 23 | Aston Villa | 7 |

HAUKAR MEÐ NÝJAN KANA
Haukar, sem eru í sjötta sæti Domino's-deildar karla í körfubolta eftir fyrri umferðina, sömdu í gær við nýjan bandarískan leikmann. Sá er framherji og heitir Brandon Mobley en hann kemur til með að leysa Stephen Madison af hólmi. Mobley spilaði í þrjú ár með Seton Hall-skólanum í Big East-deildinni í bandarísku háskólakörfunni en það er ein af sterkustu deildunum. Hann var með 9,8 stig og 5 fráköst að meðaltali á síðasta tímabili. Haukar fá þarna stóran og sterkan strák í baráttuna undir körfuna en það var það sem liðið vantaði.

**Gaman að sjá B-hóp. Finn hópur þar á ferð. Hefði þó verið gaman að sjá Bergvin í Akureyri detta inn í B-hópinn líka. #handbolti**

Davíð Már
**@DavidMarKrist**

GUÐBJÖRG TIL DJURGÅRDEN
Guðbjörg Gunnarsdóttir, landsliðsmarkvörður í fótbolta, samdi í gær við sænska úrvalsdeildarliðið Djurgården en hún kemur til þess frá Lilleström í Noregi þar sem Guðbjörg varð Noregs- og bikarmeistari á síðustu leiktíð. Þetta er mikill hvalreki fyrir lið Djurgården sem verður nýliði í úrvalsdeildinni á næstu leiktíð eftir að hafa hafnað í öðru sæti B-deildarinnar í ár. Sænska félagið virðist ætla sér stóra hluti á næstu leiktíð en auk Guðbjargar er Djurgården búið að fá til sín tvo öfluga miðjumenn. Guðbjörg þekkir vel til hjá Djurgården en hún spilaði í fjögur ár fyrir liðið frá 2009-2012 á fyrstu árum sínum í atvinnumennsku. Þarna fær hún samkeppni frá serbneska landsliðsmarkverðinum Susanne Nilsson.



ÁTTA ÁRA BANN
Sepp Blatter, forseti FIFA, og Michel Platini, forseti UEFA, hafa báðir verið dæmdir í átta ára bann frá knattspyrnu en siðanefnd Alþjóðaknattspyrnusambandsins hefur lokið rannsókn á mútumáli tengdum þeim báðum. Sepp Blatter hefur verið forseti FIFA frá árinu 1998 og var endurkjörinn í maí en var búinn að tilkynna það að hann muni hætta í febrúar á næsta ári. Það benti allt til þess að hinn sextugi Michel Platini yrði framtíðarleiðtogi fótboltans og hafði sjálfur stefnt á það að taka við forsetastólnum af Blatter. Þeir félagar eru dæmdir fyrir það að Blatter greiddi Platini 1,3 milljóna punda eingreiðslu árið 2011 rétt áður en Blatter var endurkjörinn forseti FIFA í þriðja sinn.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Rannsaka heilbrigðisþjónustu í 30 Evrópulöndum**
**Þrír Íslendingar taka þátt í samevrópskri rannsókn á heilbrigðisþjónustu. Íslendingar geta bæði lært af og kennt öðrum.**
**BLS. 2**






# MELTINGARENSÍM EÐA ASÍDÓFÍLUS?

*GENGUR VEL kynnir Prógastró og Digestive enzyme complex. Prógastró stuðlar að heilbrigðri meltingarflóru en Digestive enzyme auðveldar meltingu.*

Heilbrigð melting og meltingarflóra er ein af undirstöðum góðrar heilsu. Þegar maginn kvartar getur verið erfitt að átta sig á hvað það er sem hentar manni best. Prógastró er asídófílus sem stuðlar að heilbrigðri þarmaflóru en heilbrigð þarmaflóra er mikilvæg fyrir alla. Sumir þurfa hins vegar einnig hjálp við að melta vissan mat, s.s. mjólkurvörur, feitar sósur og fleira. Þá getur Digestive enzyme complex komið að góðum notum," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi.



**PRÓGASTRÓ FÆST** í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Digestive enzyme complex fæst í flestum apótekum, Hagkaupi, Heilsutorgi Blómavals og Fjarðarkaupum.

## PRÓGASTRÓ

**HEILBRIGÐUR RISTILL**

- Heilbrigð þarmaflóra
- Betri upptaka næringarefna
- Getur haft jákvæð áhrif á svefn
- Getur haft jákvæð áhrif á líkamsþyngd
- Dregur úr og getur komið í veg fyrir bólgusjúkdóma

**Prógastró inniheldur** fjórar tegundir af góðgerlum:
L acidophilus DDS-1, B longum, B bifidum og B lactis




Er laust við *mjólk, glúten, soja og rotvarnarefni.*

Prógastrógerlarnir eru bæði gall- og sýruþolnir en allajafna eiga svona gerlar mjög erfitt með að lifa af í háu sýrustigi eins og er í maganum okkar. Þeir komast því heilir gegnum magann og í smáþarmana þar sem þeir margfalda sig og „vinna vinnuna sína".

**VINNA VEL** Prógastrógerlarnir margfalda sig í smáþörmunum og vinna vel.

## DIGESTIVE ENZYME COMPLEX

**GÓÐ MELTING**

- Auðveldar meltingu á þungum mat
- Minnkar líkur á uppþembu og óþægindum
- Brýtur niður laktósa

**Innihaldsefni:**
**Amylase** – ensím sem hjálpa til við niðurbrot á kolvetnum.
**Lipase** – ensím sem sjá um meltingu/niðurbrot á fitu.
**Protease** – ensím sem hjálpa til við meltingu/niðurbrot á próteinum.
**Cellulase** - hjálpar til við niðurbrot á jurtatrefjum og breytir þeim í glúkósa.
**Lactase** – brýtur niður laktósa í mjólkurvörum. Sérstaklega hjálplegt þeim sem þjást af laktósa-/mjólkuróþoli.
**Betaine hydrochloride** – nauðsynlegt hjálparefni við niðurbrot á próteini.




**GOTT VIÐ UPPÞEMBU** Sumir þurfa hjálp við að melta vissan mat, s.s. mjólkurvörur, feitar sósur og fleira. Þá getur Digestive enzyme complex komið að góðum notum.














# GETUM LÆRT OG KENNT ÖÐRUM

**RANNSÓKN** *Þrír Íslendingar taka þátt í samstarfsverkefninu MOCHA þar sem heilbrigðisþjónusta er til skoðunar í þrjátíu löndum innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Íslendingar geta lært margt en hafa einnig margt fram að færa.*

Í rannsóknarverkefninu MOCHA (Models of Child Health Appraised) er til skoðunar heilbrigðisþjónusta fyrir börn í 30 löndum en ætlunin er að skoða hvernig hægt sé að veita börnum og fjölskyldum þeirra sem besta þjónustu," segir Geir Gunnlaugsson, barnalæknir og lektor í hnattrænni heilsu við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Verkefnið hlaut nýlega styrk í gegnum Horizon 2020 rannsóknaráætlun Evrópusambandsins fyrir árin 2014-2020. Fyrir hópnum fer dr. Mitch Blair, prófessor í heilsuvernd barna við Imperial College London en hann leiðir rannsóknarhóp sem samanstendur af 19 rannsóknarstofnunum í 11 Evrópulöndum auk fræðimanna frá Ástralíu og Bandaríkjunum.

### GRUNNUR GÓÐRAR HEILSU

„Grundvallarhugmyndin sem við gefum okkur í verkefninu er að þroski barna fyrstu æviárin leggi grunn að góðri heilsu til lengri tíma litið, og grunn að því að búa til heilsteypta einstaklinga sem búi til öflugan mannauð í samfélaginu," segir Geir og telur því að miklu að keppa fyrir öll lönd innan Evrópu að heilbrigðisþjónusta barna sé sem allra best.

Staða heilbrigðisþjónustu og ólíkra þátta innan hennar er afar misjöfn á milli landa en kannaðir verða nokkrir lykilþættir í hverju landi. Til dæmis mismunandi þjónustuform í heilsugæslu fyrir börn, þjónustukerfi vegna flókinna heilbrigðisvandamála, heilsuvernd skólabarna, ungbarnamóttökur, hagkvæmni, jafnræði barna og notkun rafrænna sjúkraskráa. „Við söfnum saman gögnunum frá hverju landi og reynum síðan að meta hvað einkennir öfluga og góða þjónustu," útskýrir Geir.

### ÍSLAND Í GÓÐRI STÖÐU

Geir segir Íslendinga standa vel. „Við erum þeirra gæða aðnjótandi að eiga mjög þétt og gott netverk og vinnulag fyrir börn og fjölskyldur. Það byrjar í mæðravernd þar sem er nánast 100 prósent þátttaka. Góðir verkferlar taka við ef vandamál koma upp á meðgöngu, við fæðingu og áfram út barnæskuna," segir Geir en telur þó alltaf mega gera betur og Íslendingar geti vafalaust lært margt af nágrönnum sínum í Evrópu.

### ÍSLENDINGAR Í RÁÐGJAFARHÓPNUM

Tólf manna ráðgjafarhópur hefur yfirumsjón með starfinu en í honum eru tveir Íslendingar. „Þetta eru Katrín Fjeldsted, heimilislæknir og forseti CPME, evrópsku læknasamtakanna, og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sviðsstjóri skólaheilsugæslu á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins," segir Geir sem sjálfur er þátttakandi í einum vinnuhóp verkefnisins og auk þess landsfulltrúi Íslands.

### NIÐURSTÖÐUR Í LOK ÁRS 2018

Fyrsti fundur alls hópsins var í lok október en auk þess eru vinnuhópar innan verkefnisins sem hittast oftar yfir tímabilið sem nær yfir þrjú ár en lokaskýrslu verður skilað í lok árs 2018.

En hvað verður gert við niðurstöðurnar?



**TAKA ÞÁTT** Á myndinni er Geir ásamt Ragnheiði Ósk og Katrínu Fjeldsted sem eru í ráðgjafarhóp MOCHA en á milli þeirra stendur Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs.

„Fjárfestingin í þessu verkefni er gríðarleg. Ég vonast því til þess að ein afurð vinnu okkar verði betri sameiginlegur skilningur á mikilvægi heildstæðrar og góðrar heilbrigðisþjónustu fyrir börn í Evrópu og hvernig hægt sé að bæta heilsu barna og fjölskyldna í álfunni með markvissum aðgerðum. Síðan er það verkefni hvers lands að skoða hvernig megi innleiða jákvæðar breytingar og styrkja þá þjónustu sem nú þegar er í boði," svarar Geir

En hvað geta Íslendingar lært? „Skipulagi heilsuverndar barna á Íslandi svipar mest til þess sem er í Svíþjóð. En við vitum að það er öðruvísi í Danmörku og Noregi þar sem árangur er einnig mjög góður, svo dæmi séu tekin. Kannski má læra eitthvað af því að bera þessi kerfi saman? Þá er því oft haldið fram að Hollendingar séu með besta heilbrigðiskerfið, kannski getum við lært eitthvað af þeim og jafnvel þeir af okkur," segir Geir. Sem dæmi nefnir hann að ungbarnadauði sé afar lágur á Íslandi og enn engar marktækar breytingar á honum þrátt fyrir djúpa efnahagskreppu. „Kannski geta aðrar þjóðir í Evrópu dregið einhvern lærdóm af okkur hvað það varðar."

solveig@365.is



# TRI Suðurlandsbraut 32

Hjólreiðar * Hlaup * Sund

**TRI VERSLUN** býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við **BORGUN**

BORGUN

***Gjafabréf frá TRI VERSLUN er tilvalin jólagjöf!**

Hjólaskór frá Louis Garneau frá 19.990kr



RACE

Louis Garneau



Louis Garneau
Louis Garneau
Louis Garneau

WINTER



RACE

Louis Garneau



Mavic Aksium Disc
*Shimano Ultegra

#Cyclocross

## CROSS RACE SL

**359.990kr**

#cube_your_life

Tacx



ZWIFT



CROSS RACE PRO
279.990kr



CROSS RACE
239.990kr



SL ROAD RACE
229.990kr

*Schwalbe Marathon Winter - Mikið úrval!





**Louis Garneau**
Stage - Winter
**9.990kr**



100% waterproof breathable hipora membrane

**Louis Garneau**
Super Shield - Winter
**10.990kr**

SHIMANO

ParkTool

# Gleðileg jól!

www.tri.is

SHIMANO

ParkTool






**SKEMMTILEGT** Gleðin er við völd hjá hlaupurum í síðasta hlaupi ársins.

# KYNJAVERUR Á HLAUPUM

**FERTUGASTA GAMLÁRSHLAUP ÍR** *Unnur Þorkelsdóttir leikskólakennari ætlar að demba sér í Gamlárshlaup ÍR sem fram fer á gamlársdag. Þetta verður í þriðja sinn sem hún tekur þátt og að sjálfsögðu í búningi.*

Ég hljóp í Mjallhvítarbúningi í fyrra en það er leyndarmál hver búningurinn verður í ár," segir Unnur Þorkelsdóttir leikskólakennari en hún tekur þátt í Gamlárshlaupi ÍR í þriðja sinn í ár.

Þetta verður í fertugasta sinn sem Gamlárshlaup ÍR fer fram en hlaupið er jafnan einn af stærstu hlaupaviðburðum á landinu. Venja er að hlauparar klæði sig upp í grímubúninga og segir Unnur það skapa skemmtilega stemningu.

„Það er alltaf ótrúlega gaman að sjá alla búningana og hugmyndaflugið hjá fólki. Ég æfi með hlaupahóp Stjörnunnar og hljóp með þeim í fyrra. Í þeim hópi voru nokkrar klæddar sem reggíhljómsveit með dreddlokka og röndóttar húfur. Einhverjir voru klæddir eins og strumpar. Blái liturinn þykir dálítið einkennandi fyrir sjálfstæðisbæinn Garðabæ og þær voru aðeins að gera grín að því. Ég ákvað að hlaupa sem Mjallhvít og kærastinn minn hljóp í víkingabúningi. Einn var jólasveinn. Þetta er alveg frábært hlaup og frábært að enda árið á þessum nótum. Ég náði þarna mínum besta tíma í fyrra. Það var svo gott veður."

Unnur segir hefð fyrir því að hlaupahópurinn fari saman í sund og heita pottinn eftir hlaupið og fái sér eitthvað gott að borða. Þá gefist tækifæri til að rifja upp árið og eiga notalega stund með félögunum. Félagsskapinn í hlaupunum segir hún einstakan og nefnir hann sérstaklega þegar hún er spurð hvað það sé sem togi hana út að hlaupa.

„Fyrst og fremst er það félagsskapurinn en þar að auki veita hlaupin mér vellíðan, bæði líkamlega og andlega. Ég byrjaði seint að hlaupa, Laugavegurinn í fyrra var mitt fyrsta hlaup. Síðan þá hef ég hlaupið þrjú maraþon, í París, Kaupmannahöfn og Berlín. Ég var valin hlaupakona ársins hjá Stjörnunni og er ákaflega stolt af þeim árangri. Nú langar mig að taka þátt í Landvættunum á næsta ári sem er mikil áskorun."

Ræst verður í Gamlárshlaupið klukkan 12 á gamlársdag frá Hörpunni.



**FLOTT PAR** Unnur Þorkelsdóttir hljóp sem Mjallhvít í fyrra. MYND/ÚR EINKASAFNI



**JÓLAGLEÐI** Jólasveinninn í flottum félagsskap.



**STEMMING** Fólk hleypur í allavega búningum á gamlársdag sér til skemmtunar. MYNDIR/ÍR



**KÓNGURINN** Elvis lét sig ekki vanta í hlaupið í fyrra.







Flott fyrir jólin
40%
afsláttur
af öllum vörum
Nú þarf engin
að fara í jólaköttinn :-)
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook

# VILJA EFLA FAGLEGA RÁÐGJÖF

**SKYNDILEGUR MAKAMISSIR** *Ljónshjarta, samtök til stuðnings yngra fólki sem hefur misst maka og börnum þeirra, fengu nýverið myndarlegan styrk sem stendur til að nota til að efla faglega ráðgjöf til þeirra sem missa maka skyndilega.*

Samtökin Ljónshjarta fengu nýverið styrk frá Creditinfo sem stendur til að nota til að efla faglega ráðgjöf til þeirra sem missa maka skyndilega en hana hefur töluvert skort.

Samtökin voru stofnuð árið 2013 en þau eru hugsuð fyrir yngra fólk sem missir maka í blóma lífsins. „Við miðum við fólk á aldrinum 20 til 50 ára en þeir sem eru yngri eða eldri með ung börn eru líka velkomnir,“ segir Karen Björk Guðjónsdóttir, varaformaður samtakanna. Hún missti manninn sinn úr krabbameini og segir það svolítið ólíkt því að missa maka skyndilega. „Hann dó á líknardeild og þar er ágætis stuðningur við maka og aðstandendur fyrir hendi. Ég fékk afhenta upplýsingamöppu um það helsta sem stendur aðstandendum til boða. Það sama á ekki endilega við um þá sem missa maka af slysförum eða öðrum skyndilegum orsökum. Í samtökunum hefur verið talað um að þeir standi svolítið ráðþrota og er vilji til þess að reyna að bæta úr því. Endanleg ákvörðun um framkvæmdina verður þó ekki tekin fyrr en á stjórnarfundi í byrjun næsta árs,“ útskýrir Karen.

Samtökin eru ung að árum og segir Karen styrkinn hafa komið ánægjulega á óvart. „Það var líka svo skemmtilegt hvernig Creditinfo stóð að þessu. Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið sent jólagjafir til viðskiptavina en í fyrra var ákveðið að láta féð heldur renna til góðgerðarmála og það ár fékk Mæðrastyrksnefnd um fjögurhundruð þúsund krónur. Í ár var ákveðið að ganga skrefinu lengra og fá starfsmenn til að taka virkari þátt. Efnt var til keppni á milli deilda og stóð hvert svið fyrir fjáröflun innanhúss. Það var haldið bingó, útbúinn dögurður sem selt var inn á, haldin bootcamp-keppni og hjólaáskorun. Sú deild sem safnaði mestu fékk að velja líknarfélag til að styrkja og varð Ljónshjarta fyrir valinu. Við fengum samanlagða upphæð allra deilda sem hljóðaði upp á 650 þúsund krónur og bætti fyrirtækið sömu upphæð við,“ upplýsir Karen.

Hún fór ásamt Söru Óskarsdóttur, vefstjóra Ljónshjarta, og tók við styrknum.

„Þegar við spurðum af hverju okkar samtök urðu fyrir valinu fengum við þau svör að meðalaldur starfsmanna væri lágur og þó enginn vilji lenda í okkar sporum þykir þeim gott að starfsemi sem þessi sé fyrir hendi,“ segir Karen. Hún segir samtökin fyrst og fremst ganga út á jafningjafræðslu og jafningjastuðning enda finnst flestum hjálplegt að komast í kynni við fólk með svipaða reynslu.

„Markmið okkar er að styðja við bakið á yngra fólki eftir makamissi og vera vettvangur þar sem fólk getur hjálpað hvert öðru í sorg. Starfið felst meðal annars í því að halda úti heimasíðu með ýmiss konar fræðsluefni. Þar getur fólk meðal annars nálgast upplýsingar um réttindi sín í kerfinu og sorgarferli barna og fullorðinna. Þar bendum við sömuleiðis á fagfólk sem hefur reynst vel. Þá efnum við til fyrirlestra og samverustunda þar sem fullorðnir, unglingar og yngri börn hittast og eiga góða stund.“

Karen bendir á að hægt er að sækja um aðgang að LJÓNSHJARTA á Facebook. Það er lokaður hópur fyrir þá sem hafa misst maka en auk þess er opin síða undir heitinu Ljónshjarta sem hægt er að líka við. Karen segir fólk ekki endilega þurfa að leggja eitthvað til málanna í lokaða hópnum. „Sumum þykir nóg fylgjast með og upplifa stuðning og styrk í frásögnum annarra og er það í góðu lagi.“

■ **vera@365.is**



**VAXANDI SAMTÖK** „Í Ljónshjarta hefur verið talað um að þeir sem missa maka sinn skyndilega standi svolítið ráðþrota. Við viljum reyna að bæta úr því,“ segir Karen.




# FLJÓTLEG OG HOLL

*Köld grænmetissúpa sem gott er að eiga í ísskápnum og grípa til á milli jólakræsinganna.*

**FLJÓTLEG OG HOLL GRÆNMETISSÚPA**



**1 kg tómatar**
**500 g gúrka**
**300 g rauð paprika**
**1-2 hvítlauksrif**
**50 ml hvítvínsedik**
**150-200 ml jómfrúarolía**
**100-150 g dagsgamalt brauð án skorpu**
**Sjávarsalt og hvítur pipar**

Skrælið gúrkurnar og fræhreinsið paprikurnar. Skerið allt grænmetið í bita og setjið í skál með brauðinu. Hluta af ediki og olíu bætt út í ásamt salti og pipar. Látið standa við stofuhita í 30 mínútur. Maukið þá með töfrasprota og bætið restinni af olíunni og edikinu út í. Smakkið til með salti og pipar. Kælt áður en borið er fram.

***Uppskriftin er fengin af www.islenskt.is. Höfundur er Sigurveig Káradóttir.***




CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.119.990.-
SHELBURN
kr.129.990.-
KENSINGTON
kr.129.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
HYBRIDGE
kr.89.990.-
LODGE
kr.99.990.-
CITADEL
kr.129.990.-
CANADA GOOSE
VETRARLÍNAN 2015 ER MÆTT Í HÚS!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# SÚKKULAÐIÁST Í GENUNUM

**SÆTINDI** *Jólin nálgast óðfluga. Þeim fylgir óneitanlega mikið af súkkulaði og sætindum. Samkvæmt nýrri rannsókn á börnum er misjafnt hvað súkkulaði hefur mikið aðdráttarafl, það virðist nefnilega liggja í ættum.*

Sumir geta alls ekki neitað sér um súkkulaði eða annað góðgæti þegar gengið er fram hjá því í búðinni. Aðrir taka ekki einu sinni eftir því. Þeir síðarnefndu geta haft fulla skál af súkkulaði á borði án þess að taka svo mikið sem einn mola. Vísindamenn hafa velt þessu fyrir sér en nýlega birtist ný rannsókn frá Monell Chemical Senses Centre í Bandaríkjunum um genetísk áhrif sætinda. Rannsóknin birtist í Journal of Nursing Research.

Þátttakendur voru börn á aldrinum 7-14 ára. Fljótlega kom í ljós að sum barnanna þurftu meiri sykur til að upplifa sætt bragð en önnur. Upplifun þeirra á sætindum var því ekki sú sama. Niðurstöður gefa til kynna að næmi okkar fyrir sætindum geti verið mjög mismunandi og greinilega arfgengt. „Sum börnin skynjuðu sæta bragðið 20 sinnum sterkar en önnur,“ segir Danielle Reed, talsmaður rannsóknarinnar. Frá þessu er sagt í netmiðlinum The Indian Express.

Rannsóknin var gerð á 216 heilbrigðum börnum. Hvert barn prófaði mismunandi sæta drykki. DNA-rannsókn var síðan gerð til að finna út erfðaþátt, skynjun og næmi barnsins fyrir sætu.

Niðurstöðurnar komu á óvart. Rannsóknin sýndi að börn sem eru viðkvæm fyrir beisku bragði eru næmari á sykur. Þá kom í ljós að mikið næmi fyrir sætu bragði tengist aukinni líkamsfitu sem kemur kannski ekki á óvart.

Bandaríski prófessorinn Robert Lustig heldur því fram að börn sem hætta öllu sykuráti verði fljótlega mun heilbrigðari en hin sem borða sykur, sérstaklega á þetta við um ávaxtasykur (frúktósa) sem er í ávöxtum, venjulegum sykri og maíssírópi. Frúktósi hefur mikil áhrif á þyngd barna, að sögn prófessorsins sem hefur fengið yfir sex milljónir manna til að horfa á fyrirlestur sinn á YouTube: Sugar: the bitter truth sem fjallar um áhrif sykurs á líkamann. Lustig vill meina að sykur, sérstaklega frúktósi, sé orsök fyrir aukinni ofþyngd barna í heimalandi sínu. Venjulegur sykur er sambland af frúktósa og glúkósa en misjafnt er hvernig líkaminn vinnur á þessum tveimur efnum. Frúktósinn fer beint í lifrina á meðan glúkósi fer um líkamann sem orka.

Robert þróaði mataræði fyrir 43 börn á aldrinum 9-18 ára sem öll voru of þung og með einhvers konar kvilla því samfara. Sykurinnihald var minnkað til muna, ekkert gos eða sætindi, né falinn sykur í mat. Börnin máttu þó borða ávöxt. Fylgst var með börnunum á þeim tíma sem rannsóknin fór fram. Engin líkamsrækt var stunduð þar sem einungis var verið að meta áhrif sykurs á þyngdina. Fljótlega fór börnunum að líða betur, þau léttust, kólesteról varð eðlilegt og sömuleiðis lifrarstarfsemi. Rannsóknin þótti sýna að líkamsfita af völdum sykurs er sú versta fyrir kroppinn og eykur áhættu á sykursýki, hjarta- og lifrarsjúkdómum.



**SYKUR OG MEIRI SYKUR** Það hafa ekki allir sömu sykurþörfina. Sumir hafa 20 sinnum meiri sykurþörf en aðrir. Það mun vera genetískt.






## TREFJARNAR ERU NAUÐSYNLEGAR

*Trefjar eru góðar fyrir meltinguna og geta minnkað líkur á ýmsum sjúkdómum. Þær má fá úr fjölda fæðutegunda.*

Trefjar eru okkur nauðsynlegar, ekki einungis eru þær góðar fyrir meltinguna heldur getur trefjaríkt mataræði minnkað líkur á heilablóðfalli, háþrýstingi og hjartasjúkdómum. Neysla trefja hefur sjaldan verið jafn lítil, að minnsta kosti innbyrða aðeins um þrjú prósent Bandaríkjamanna ráðlegan dagskammt af trefjum að sögn vefsíðunnar Greatist.

Ráðlagður dagskammtur af trefjum er um 38 grömm fyrir karla og 25 grömm fyrir konur. Fólk sem er komið yfir fimmtíu ára þarf minna af trefjunum. Til að setja þetta í samhengi ætti ungur karlmaður að innbyrða jafnmikið af trefjum á hverjum degi og fimmtán heilhveitibrauðsneiðar innihalda.

Heilhveiti er þó ekki endilega það sem helst ætti að leggja sér til munns til að auka trefjainntöku. Hvers kyns baunir, ætiþistlar, spergilkál, rósakál, hindber, brómber, avókadó og perur eru allt dæmi um trefjaríkar fæðutegundir.



# SNJALLAR JÓLAGJAFIR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)

1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

2 LITIR

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 8.6mm OG 320gr

250% ÖFLUGRI Í NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL BAYTRAIL ÖRGJÖRVA

ICONIA

### B1-750

**STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA**

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 7" IPS HD fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.900**

FÆST Í 2 LITUM

4 LITIR

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 6.990

KOSS

### UR23i

**FISLÉTT HEYRNARTÓL**

- Hágæða lokuð heyrnartól frá KOSS
- Kristaltær hljómur og þéttur bassi
- Stórir lokaðir og "ultra" mjúkir púðar
- Einstaklega þægileg D-laga hönnun
- Svarhnappur og hljóðnemi í snúru
- Einstaklega létt fyrir langtíma notkun
- 1.2 metra flöt flækjulaus snúra

**4.990**

FÆST Í 4 LITUM

TYTAN

Trust DIGITAL LIFESTYLE ACCESSORIES

### TYTAN 2.1

**2.1 HLJÓÐKERFI**

- Hágæða 2.1 hljóðkerfi frá Trust
- 60W RMS skila öflugum hljóm
- Djúpur bassi með viðarbassaboxi
- Nákvæmur og vandaður tweeter
- Góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
- AUX og heyrnartóla tengi í styrkstilli
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

**14.900**

BLASTAÐU JÓLALÖGIN :)

22. Desember 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng

ÁBRENNT OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

MEST SELDA LEIKJALYKLABORÐIÐ OKKAR

### FORCE K7

**OFUR ÖFLUGT LEIKJALYKLABORÐ**

- Ný kynslóð Membrane leikjalyklaborða
- LED baklýst lyklaborð með ljósrofa
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Dynamic stillir fyrir hljóðstyrk og baklýsingu
- Anti-Ghosting tækni á leikjatökkum
- Hot-link flýtihnappar fyrir helstu aðgerðir
- Scissor-Key tækni veitir minna viðnám
- Þéttvafin snúra og gullhúðað USB tengi

**9.990**

ÞRÁÐLAUST AÐEINS 12.900

3 STÆRÐIR

HÁRNÁKVÆM EINN NÁKVÆMASTI OPTICAL SENSOR SEM VÖL ER Á!

100% KEPPNIS ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

### ZA SERIES

**FYRIR ATVINNUSPILARA**

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- Virkar jafnt fyrir rétthenta og örvhenta
- 7 forritanlegir Macro hnappar
- Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
- Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip

**14.900**

FÆST Í 3 STÆRÐUM!

4 LITIR

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 14.900

SEAGATE

BACKUP PLUS

### 1TB Slim

**STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI**

Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**12.900**

2TB AÐEINS 19.900

ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)

VERÐ FRÁ **4.990**

Trust DIGITAL LIFESTYLE ACCESSORIES

**SPJALDTÖLVUHLÍF**

GOOGLE CHROMECAST 2

Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2, þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er ;)

2nd GEN **6.990**

**CHROMECAST 2**

RASPBERRY PI 2 MODEL B

ÓTRÚLEG TÖLVA MEÐ FJÖLDA STÝRIKERFA Í BOÐI. FULL HD HDMI STUÐNINGUR EIN BESTA MEDIA CENTER LAUSNIN Í DAG!

VERÐ FRÁ **9.990**

FALLEGAR HÝSINGAR VERÐ AÐEINS 4.990

**RASPBERRY PI 2**

Verð frá: **990**

satzuma

**USB GLINGUR**

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**

Opið alla daga til jóla :)

14-23.des 10-19

Aðfangadag Lokað

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

acer • Lenovo • hp • KOSS • BenQ • THONET & VANDER state.of.the.art.sound • Microsoft • intel Security

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



VOLVO S60 turbo 20v. Árgerð 2007, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.991515.



MERCEDES BENZ ML 350 4 matic. Árgerð 2008, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.270117.



Kia Carens. Árgerð 2014, ekinn 11 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.290.000. Rnr.991588. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



BMW X5 4,8i sport. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.790.000. Rnr.210656.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### 250-499 þús.



**TILBOÐ 490 ÞÚS - VÍSALÁN Í BOÐI**

VW BORA 1,6 HIGHLINE árg'02 ek. aðeins 130 þús nýleg tímareim, vetrardekk, sk.16 , topplúga, álfelgur ofl ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleii á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



**SPARIBAUKUR TILBOÐ 490ÞÚS**

SKODA FABIA COMFORT árg 2003 ek.138 þús, 5 dyra beinskiptur, heilsársdekk sk.16 Toppbíll sem eyðir mjög litlu, Tilboð 490 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

### 500-999 þús.



**TURBO TURBO TILBOÐ 990 ÞÚS!**

Dodge Neon SRT-4 Turbo árg 2005 ek.52 þús m. álfelgur á nýlegum heilsársdekkjum, breyttur bíll mjög sprækur. áætlaður um 280-300 hö ásett verð 1450 þús TILBOÐ 990 ÞÚS skoða skipti á ódyrari 100% vísalán í boði, skoða skipti s.691 9374

### Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**INNIMÁLUN**

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

**REGNBOGALITIR**

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

### Húsaviðhald




**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**

JÁ IÐNAÐARMENN

Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.

Tímavinna eða tilboð.

Sími 544-4444 / 777-3600

www.jáiðnaðarmenn.is

### Nudd

Kínverska Nuddstofan í Hamraborg 20A Getum hjálpað þér að losna við ýmsa verki og kvilla. S. 5646969

Glæsileg nuddstofa í 101 opið alla daga s. 787-7481

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

**VASAPÉSI PARTÝLJÓNSINS**

Ódýr viðbót í pakkann. Sendum heim. flokiforlag@internet.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

# Hvammsvirkjun

## Endurskoðun matsskýrslu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að endurskoða þurfi að hluta matsskýrslu um Hvammsvirkjun samkvæmt 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

Samkvæmt 14. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. **Kærufrestur er til 23. janúar 2016.**

## fasteignir

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Lundur - Kópavogi**



**Til leigu í 4-5 mánuði.**

Til leigu glæsileg 3ja herb. íbúð í nýju lyfthúsi. Íbúðin er laus 15. janúar 2016. Íbúðin leigist með húsgögnum. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi og þvottahús. Sér inngangur af svölum. Bílastæði í bílageymslu fylgir með íbúðinni. Aðeins traust og reglusamt fólk kemur til greina. **Leiguverð 220.000 með hússjóði.** Nánari upplýsingar eru veittar á Eignamiðlun fasteignasölu í síma 588 9090 eða anna@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## tapað / fundið

# STOLINN BÍLL



Aðfaranótt 1. des. sl. var þessum bíl, JTH93, stolið fyrir utan Klapparhlíð 1, Mos. Þeir sem vita hvar bílinn er, eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Lögregluna í síma 444-1000 eða Ingólf Árnason í síma 892-1133.

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

212fm m. bílskúr. 3 svefnh. Laus frá 01. jan Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu góð sérhæð í Mosfellsbæ,

### Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

### Bílskúr

25 fm. bílskúr með hita, á Háaleitisbraut til leigu. 30þús. á mán. án vatns. - sillah_6@hotmail.com uppl í s. 849 8411.




## ATVINNA

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál




**ERT ÞÚ DJÖRF KONA?**
Viltu skemmta þér í góðra vina hóp hjá Íslendingum.eu? Sláðu inn "djarfarkonur.eu"

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr og frjálslyndur íslenskur samskiptavefur: "live" spjall, stefnumót, blogg,. o.fl. Líttu við!

### atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**
Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu.
**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

VESTURBYGGÐ

**Vesturbyggð auglýsir eftir skólastjóra og tónlistar-kennara við Tónlistarskóla Vesturbyggðar**

Vesturbyggð auglýsir eftir skólastjóra og tónlistarkennara við Tónlistarskóla Vesturbyggðar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Húsnæði í boði. Nánari upplýsingar veitir: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, asthildur@vesturbyggd.is og í síma 864-2261.

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# FRÉTTABLAÐIÐ




**61,1%**

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...




1) Kay Bojensen api. 2 stærðir, verð frá 19.900kr.- 2) Rosendahl sett, karafla & tvö glös, verð 4.995kr.- 3) Rosendahl skálar á fæti 4 stk. Verð 4.990kr
4) Georg Jensen Cobra lampi. Hvítur eða svartur, 2 stærðir. Verð frá 74.900kr.- 5) Georg Jensen Copenhagen Masterpiece kertastjaki 44 cm. Verð 84.900kr. –
6) Georg Jensen Copra matarstell 7) Rosendahl skálar 4stk í pk. Verð 4.220kr.- 8) Rosendahl Bourgogne rauðvínsglös 2 í kassa. Verð 3.490kr.-
9) Rosendahl bjórglös 2stk í kassa. Verð 3.490kr.- 10) Royal Copenhagen Star Fluted diskur 27cm . Verð 7.120kr.- 11) Holmegaard Jólastaup 2015 2 stk . Verð 3.600kr.- / ölglas 1 stk 2.990 kr
12) Georg Jensen Skóhorn Voyage. Verð 12.990kr.- 13) Georg Jensen upptakari fíll. Verð 5.990kr.- 14) Rosendahl Irish coofee glös 2 stk í kassa. Verð 4.295kr.-
15) Georg Jensen Bloom sósuausa. Verð 4.490kr.- 16) Silit pottasett 4stk. Verð 59.995kr.- Georg Jensen jólaórói. Verð frá 3.370kr. / Holmegaard jólaórói. Verð frá 2.760kr.

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur – Kringlan – Vefverslun

www.kunigund.is




# Litlu liða jólin í enska

Þetta hefur verið haust óvæntra úrslita í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og lið Leicester City hefur heldur betur stolið senunni með því að vera í toppsætinu um jólin. Það eru samt fleiri „lítil“ lið að bíta frá sér þessa dagana. Leicester hefur unnið hvern leikinn á fætur öðrum og var búið að tryggja sér efsta sætið um jólin áður en liðin í næstu sætum spiluðu sinn leik í umferð síðustu helgar. Nýliðarnir Watford og Bournemouth hafa líka komið skemmtilega á óvart með kraftmikilli og skemmtilegri spilamennsku en þessi lið sýna að rómantíkin lifir enn.









## Leicester City

**3** SIGURLEIKIR Í RÖÐ | **10** LEIKIR Í RÖÐ ÁN TAPS

**3-0** SIGUR Á SWANSEA | **2-1** SIGUR Á CHELSEA | **3-2** SIGUR Á EVERTON

**Staða mála um jólin**
**Leicester er í efsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar og hefur aðeins tapað einum leik á öllu tímabilinu.**

**Tímabilið í fyrra**
Leicester City var í fallsæti frá 10. til 33. umferðar á síðasta tímabili en vann sjö af síðustu átta leikjum sínum og endaði í 14. sæti.

### Þróun tímabilsins

**67%** stiga í ágúst (8 af 12)
**44%** stiga í september (4 af 9)
**83%** stiga í október (10 af 12)
**78%** stiga í nóvember (7 af 9)
**100%** stiga í desember (9 af 9)

**Síðasti tapleikur liðsins**
Eina tap Leicester City í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili kom á móti *Arsenal 26. september eða fyrir 88 dögum.*

**Framhaldið**
Það mun reyna á Leicester-liðið milli jóla og nýárs. Liðið heimsækir fyrst Liverpool á Anfield á annan í jólum og tekur síðan á móti Manchester City þremur dögum síðar. Eftir heimaleik á móti Bournemouth kemur síðan leikur á móti Tottenham á White Hart Lane.

**Knattspyrnustjórinn**
**Claudio Ranieri** er á sínu fyrsta tímabili með liðið en hann tók við í sumar eftir að samstarfserfiðleikar urðu til þess að Nigel Pearson var látinn fara þrátt fyrir gott gengi á síðustu leiktíð. Ranieri var ekki í miklum metum hjá mörgum eftir vandræðalega slæmt gengi gríska landsliðsins undir hans stjórn en hefur sýnt að það var ekki tilviljun að þessi 64 ára Ítali hafi þjálfað lið eins og Chelsea, Valencia, Napoli, Juventus, Roma og Internazionale.

**Hetjurnar**
**Jamie Vardy og Riyad Mahrez** eru markssæknasta framherjapar deildarinnar. Vardy er markahæsti maður deildarinnar með 15 mörk og hefur alls komið að 19 mörkum liðsins. Mahrez hefur komið að 20 mörkum, skorað fjórtán mörk sjálfur og lagt upp sex.

## Watford

**4** SIGURLEIKIR Í RÖÐ | **4** LEIKIR Í RÖÐ ÁN TAPS

**3-2** SIGUR Á ASTON VILLA | **2-0** SIGUR Á NORWICH | **1-0** SIGUR Á SUNDERLAND | **3-0** SIGUR Á LIVERPOOL

**Staða mála um jólin**
**Í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar og aðeins einu stigi frá síðasta Meistaradeildarsætinu.**

**Tímabilið í fyrra**
Watford tryggði sér sæti í ensku úrvalsdeildinni með því að ná 2. sætinu í b-deildinni í fyrra. Liðið var á toppnum fyrir lokaumferðina en það spilaði mjög vel eftir áramót.

### Þróun tímabilsins

**25%** stiga í ágúst (3 af 12)
**67%** stiga í september (6 af 9)
**58%** stiga í október (7 af 12)
**33%** stiga í nóvember (3 af 9)
**100%** stiga í desember (9 af 9)

**Síðasti tapleikur**
Watford tapaði síðast á móti Manchester United á heimavelli sínum 21. nóvember eða fyrir 32 dögum. Sigurmark United var sjálfsmark á lokamínútunni.

**Framhaldið**
Næstu þrír leikir Watford verða örugglega mjög erfiðir, fyrst útileikur á móti Chelsea á öðrum degi jóla og svo heimaleikir á móti Tottenham og Manchester City. Næsti leikur á eftir þessum þremur er síðan heimaleikur á móti Newcastle United.

**Knattspyrnustjórinn**
**Quique Sánchez Flores**, fimmtugur Spánverji, tók við liði Watford í sumar af Slavisa Jokanović sem hafði komið Watford-liðinu upp en samið við ísraelska liðinu Maccabi Tel Aviv sem hann kom í Meistaradeildina.

**Hetjan**
**Odion Ighalo** hefur verið öflugur fyrir framan markið og er búinn að skora 12 mörk í 17 leikjum. Hann hefur skorað 57 prósent marka liðsins á tímabilinu þar af sjö mörk af ellefu í síðustu fimm sigurleikjum. Ighalo skoraði tvö mörk í 3-0 sigri á Liverpool. Þessi 26 ára Nígeríumaður hóf ferillinn í Evrópu í norsku deildinni, kom fyrst til Watford á láni frá ítalska félaginu Udinese en var svo keyptur. Skoraði 20 mörk í b-deildinni í fyrra og er líklegur til að skora meira í vetur.

## Bournemouth

**3** SIGURLEIKIR Í RÖÐ | **5** LEIKIR Í RÖÐ ÁN TAPS

**1-0** SIGUR Á CHELSEA | **2-1** SIGUR Á MANCHESTER UNITED | **2-1** SIGUR Á WEST BROM

**Staða mála um jólin**
**Í 14. sæti ensku úrvalsdeildarinnar, einu stigi fyrir ofan Englandsmeistara Chelsea.**

**Tímabilið í fyrra**
Bournemouth vann ensku b-deildina á síðasta tímabili en liðið komst upp fyrir Watford eftir 3-0 sigur á Charlton Athletic í lokaumferðinni. Bournemouth tapaði ekki í síðustu þrettán leikjum sínum.

### Þróun tímabilsins

**33%** stiga í ágúst (4 af 12)
**33%** stiga í september (3 af 9)
**11%** stiga í október (1 af 9)
**17%** stiga í nóvember (2 af 12)
**100%** stiga í desember (9 af 9)

**Síðasti tapleikur**
Bournemouth tapaði síðast á móti Newcastle á heimavelli sínum 7. nóvember eða fyrir 46 dögum.

**Framhaldið**
Bournemouth fær krefjandi leiki milli jóla og nýárs, fyrst heimaleik á móti Crystal Palace á öðrum degi jóla og svo útileik á móti Arsenal aðeins tveimur dögum síðar. Liðið mætir síðan Leicester á útivelli áður en það fær West Ham í heimsókn.

**Knattspyrnustjórinn**
**Eddie Howe** er bara 38 ára og var yngsti knattspyrnustjórinn í ensku deildakeppninni þegar hann var ráðinn fyrst til Bournemouth 2009. Hann fór í stuttan tíma til Burnley en sneri síðan aftur til Bournemouth, fór með liðið upp um tvær deildir á þremur árum og kom Bournemouth í ensku úrvalsdeildina í fyrsta sinn.

**Hetjan**
**Junior Stanislas** hefur slegið í gegn í síðustu leikjum og er gott dæmi um leikmann sem Eddie Howe er fá það besta frá. Þessi 26 ára gamli kantmaður komst ekki í liðið í b-deildinni í fyrra en hefur blómstrað í úrvalsdeildinni í vetur. Stanislas skoraði tvö mörk í dramatísku 3-3 jafntefli á móti Everton og annað marka liðsins í 2-1 sigri á Manchester United.

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# VINSÆLAR Í JÓLAPAKKANN!



QUAD CORE ÖRGJÖRVI

nextbook8

## 8" SPJALDTÖLVA FYRIR BÖRNIN

**14.995**

NEX-NX785QC8G

Vinsælasta spjaldtölvan okkar og mikið tekin fyrir börnin í jólapakkann. Fjögurra kjarna örgjörvi og aðgangur að þúsundum ókeypis leikja í Android KitKat stýrikerfinu.



INTEL i3 OG SSD

ASUS

**99.995**

ASU-P2520LAX0022H

## KRAFTMIKIL MEÐ SSD

Glæsilega hönnuð 15,6" fartölva með Intel i3 örgjörva, 8GB vinnsluminni og 128GB SSD diski sem gerir hana ofurspræka í vinnslu.

BESTA FRÁ RAZER



## RAZER BLACKWIDOW CHROMA

Vinsælasta mekaníska leikjalyklaborðið okkar úr Chroma línunni frá Razer. 16,8 milljónir lita sem stýrt er í gegnum Synapse hugbúnaðinn. 1000Hz Ultrapolling og aðeins 1ms svartími fyrir skjótari viðbragðstíma.

RAZER RAZ-RZ0301220600R3N1

**37.995**

ALVÖRU UPPLAUSN

## GTX970 MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Spilaðu leikina í alvöru gæðum um jólin með STRIX GTX970. DirectCUII kælikerfi með allt að 40% betri kælingu sem skilar hljóðlausri leikjaspilun í hefðbundnu álagi. Hæsti gæðaflokkur og 3 ára ábyrgð.



ASUS ASU-STRIXGTX960DC40C

**79.995**

7.1 UMHVERFISHLJÓMUR

## KRAKEN CHROMA HEYRNARTÓL Í LEIKINA



RAZER RAZ-RZ0401250100R3M1

**27.995**

10.000 DPI

## RAZER DEATHADDER CHROMA



RAZER RAZ-RZ0101210100R3G1

**12.995**

VINSÆLASTA HEIMILISTÖLVAN



## HAGKVÆM HEIMILISTÖLVA

Nett og traust heimilistölva með 3 ára ábyrgð á móðurborði og skjákorti. Háhraða AMD A6 örgjörvi með Radeon 5 skjákjarna og 8GB vinnsluminni. 2TB harður diskur fyrir gögnin.

COOLER MASTER CA H2.1 ELITE

**89.995**

MARGFALDUR HRAÐI



SAMSUNG SAM-MZ75E250BEU

## SAMSUNG 250GB 850 EVO

Gefðu borðtölvunni eða fartölvunni nýjan kraft með SSD uppfærslu. Hraður SSD diskur úr vinsælu 850 EVO línunni með 3D V-NAND tækninni frá Samsung.

**19.995**

ALVÖRU BASSI

## 2.1 HÁTALARASETT MEÐ BASSA



PHILIPS PHS-SPA4355

**9.995**

PASSAR Í VASA

## HANDHÆGUR 1TB FLAKKARI MEÐ USB 3.0



TOSHIBA TOS-HDTB310EK3AA

**12.995**

Með fyrirvara um verðvillur og myndabrengl.



Netgíró

**Þú getur greitt jólainnkaupin hjá okkur 1. febrúar 2016 vaxtalaust með jólareikningi Netgíró.**

Kr. 195 tilkynningar- og greiðslugjald og 3,95% lántökugjald.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

## Merkisatburðir



**1897** **Stundaklukka er sett upp í turni Dómkirkjunnar í Reykjavík og er hún þar enn. Klukkan er gjöf frá Thomsen kaupmanni.**
**1919** Síðustu dómarnir eru kveðnir upp í Landsyfirrétti.
**1947** Stjórnarskrá Ítalíu er samþykkt af stjórnlagaþinginu.
**1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík gengur í gildi og leysir aðra, sem var meira en hálfrar aldar gömul, af hólmi.
**1988** New York-samningarnir eru undirritaðir milli Kúbu, Angóla og Suður-Afríku og fengu Sameinuðu þjóðirnar stjórn Namibíu.
**1989** Ion Iliescu verður forseti Rúmeníu.

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Tönsberg**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 19. desember.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Hermann Tönsberg** **Kristín Arnardóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bragi Helgason**
**Hlíðarvegi 23 í Bolungarvík,**

andaðist fimmtudaginn 17. desember á hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði. Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík þriðjudaginn 29. desember kl. 14.00.

**Þorbjörg Maggý Jónasdóttir** **Sigríður Jóna Bragadóttir**
**Helgi Bragason** **Ásdís Gústavsdóttir**
**Brynjar Bragason** **Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---





ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



**Guðmundur Ari Sigurjónsson er höfundur bókarinnar 9 þrep æskulýðsstarfs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Allir eiga rétt á að blómstra

**Guðmundur Ari Sigurjónsson, tómstunda- og félagsmálafræðingur, gefur út 9 þrep æskulýðsstarfs. Útgáfuteitið hefst klukkan hálf sex í kvöld og er haldið í Iðu Zimzen á Vesturgötu.**

„Fyrsta þrepið er að trúa því að allir eigi rétt á að blómstra,“ segir Guðmundur Ari Sigurjónsson, höfundur bókarinnar 9 þrep æskulýðsstarfs. Þar leitast Guðmundur Ari við að skoða hver megintilgangur og helstu markmið æskulýðsstarfs séu. Sjálfur hefur hann starfað við æskulýðsstörf um árabil og er menntaður tómstunda- og félagsmálafræðingur.

„Ég er búinn að starfa í félagsmiðstöð í tíu ár, hef ferðast svolítið um og fengið samanburð annars staðar frá. Á Íslandi sinnum við miklu og góðu æskulýðsstarfi, en það er allt einhvern veginn í hausnum á fólki. Ég vildi færa alla þessa þekkingu saman í eina bók,“ segir Guðmundur Ari og heldur áfram. „Það þurfa ekki allir að finna upp hjólið í sínu horni.“

Bókin 9 þrep æskulýðsstarfs inniheldur helstu kenningar tómstundafræða ásamt verkfærum sem stuðla að faglegu starfi með ungu fólki.

Útgáfuteiti bókarinnar er haldið í Iðu Zimzen, á Vesturgötu 2a, á milli hálf sex og sjö í kvöld. Þar kemur höfundurinn sjálfur til með að lesa upp úr bókinni og boðið verður upp á léttar veitingar. **olof@frettabladid.is**

---

✝

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Jakob Rothenborg**

varð bráðkvaddur á heimili sínu í Kaupmannahöfn 15. desember sl. Útför hans verður gerð frá Sions Kirke, Österbro, í dag, þriðjudaginn 22. desember 2015, kl. 12.30.

**Guðrún Sigríður Jakobsdóttir** **Hans W. Rothenborg**
**Jens Rothenborg**
**Jórunn Rothenborg** **Erlendur Birgisson**
**Alexander Erlendsson** **Daniel Hans Erlendsson**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna María Björnsdóttir**
**Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,**

lést á heimili sínu 17. desember. Jarðsungið verður frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

**Ásta Björnsdóttir**
**Ólafur Björnsson** **Rósa Ingvarsdóttir**
**Anna Gunnlaug Egilsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Elsku móðir okkar og tengdamóðir,

**Steinunn Aradóttir**
**frá Tjörn,**

andaðist 20. desember.

**Bjarney P. Benediktsdóttir** **Sævar Kr. Jónsson**
**Sigurgeir Benediktsson** **Guðrún Pétursdóttir**
**Arnborg S. Benediktsdóttir** **Þorgeir Sigurðarson**
**Karl Benediktsson** **Brita Berglund**
**Eydís S. Benediktsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Okkar ástkæra móðir, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Sigurðardóttir**

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 14. desember. Útförin fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ þriðjudaginn 29. desember kl. 16.00.

**Auður Alfreðsdóttir Olsen** **Guðni Tyrfingsson**
**Ásdís Olsen** **Þórður Víkingur Friðgeirsson**
**Sigurður Olsen** **Kolbrún Jónsdóttir**
**Bergþóra Sigurðardóttir** **Kristján Ásbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Góðar gjafir og Gleðileg Jól

## SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI



ÚTSÝNISSJÓNAUKAR - STJÖRNUSJÓNAUKAR




40" LG 40UF695V 700Hz PMI
TILBOÐ 119.990

49" LG 49UF695V 700Hz PMI
TILBOÐ 179.990

55" LG 55UF695V 1200Hz PMI
TILBOÐ 209.990

60" LG 60UF695V 1200Hz PMI
TILBOÐ 309.990

**LG UF695V**
Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Quad-Core örgjörvi. NetCast nettenging með opnum vafra. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. 4K HEVC þjöppun. Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 2 x USB 2.0, USB 3.0 og 3 x HDMI. Magic Remote og síma- / spjaldtölvu app.

## JBL BLUETOOTH HÁTALARAR Í ÚRVALI

VERÐ FRÁ 4.295




## HEIMABÍÓ

SOUNDBAR HÁTALARAR OG HEIMABÍÓKERFI Í ÚRVALI FRÁ JBL, YAMAHA, SONOS, LG OG HARMAN KARDON

JBL LG YAMAHA



SONOS harman/kardon

# Sjónvarpsmiðstöðin

SM.IS

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,

**Eydís Ingibjörg Lúðvíksdóttir (Systa)**

Degnelokken 89, Danmörku,

lést á sjúkrahúsinu í Óðinsvéum, Danmörku, þann 16. desember 2015 eftir stutt veikindi. Bálför hefur farið fram, útför á Íslandi verður auglýst síðar.

**Hildigunnur Árnadóttir Clausen Carl Balslev Clausen**
**Lúðvík Örn Árnason Valdís Ragnh. Ingadóttir**
**Anna Lúna, Lúkas, Ester Eir, Eydís Embla, Emelía Eik, Carmen Ýr og Frosti Brimir**



✝

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hörður Frímannsson**

verkfræðingur, Sóltúni 2,

andaðist sunnudaginn 6. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd við fráfall hans. Sérstakar þakkir til hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

**Elsa Harðardóttir**
**Hjördís Harðardóttir Guðmundur Tómasson**
**Björn Harðarson Bryndís Ólafsdóttir**
**Kristín Erla Harðardóttir Helgi Esra Pétursson**
**afa- og langafabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Örn Gunnarsson**

Þingvallastræti 27, Akureyri,

lést laugardaginn 19. desember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**María Jóhannsdóttir**
**Arna Borg Einarsdóttir Helgi Magnússon**
**Birkir Einarsson Anna Sylvía Sigmundsdóttir**
**Eydís Einarsdóttir Stefán Viðar Finnsson**
**barnabörn og langafabarn.**



✝

Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**Guðjón Bjarni Karlsson**

frá Ísafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ísafold 16. desember síðastliðinn. Útför fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

**Geirlaug Karlsdóttir Hörður Sófusson**
**Dagný Karlsdóttir**
**Auðunn Karlsson Friður Jónsdóttir**
**Sigurður Karlsson Hallfríður Jónsdóttir**
**Anna Karlsdóttir Erlendur Erlendsson**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Herdísar Ingibjargar Einarsdóttur**

Gullsmára 11, Kópavogi.

Starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi færum við sérstakar þakkir fyrir alúðlega umönnun. Hugheilar jólakveðjur til ykkar allra.

**Birgir Ísleifsson**
**Einar Birgisson Lára Hafsteinsdóttir**
**Linda Birgisdóttir Óskar Júlíusson**
**Birgir Birgisson Berglind Jack**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Valgeir Ólafsson verslunarstjóri, Egill Reynisson og Gauti Reynisson, eigendur Húsgagnahallarinnar, Anna S. Vernharðsdóttir, deildarstjóri á fæðingarvakt, og Edda Sveinsdóttir ljósmóðir. MYND/LANDSPÍTALINN

# Fyrir verðandi mæður og þreytta feður

**Í tilefni hálfrar aldar afmælis Húsgagnahallarinnar á árinu gáfu eigendur hennar níu La-z-boy stóla á fæðingarvakt Landspítalans nýlega.**

„Fæðingarvakt Landspítalans hefur níu herbergi til afnota og við gáfum stól inn á hvert þeirra. Þar geta bæði verðandi mæður og þreyttir feður hvílt sig þegar stund er milli stríða og hríða," segir Egill Reynisson sem á Húsgagnahöllina á Bíldshöfða með bróður sínum, Gauta Reynissyni. Egill segir nýju stólana leysa af hólmi nokkra gamla af sömu gerð sem einnig hafi verið gjöf frá Húsgagnahöllinni á sínum tíma og voru farnir að láta á sjá eftir mikla notkun.

Húsgagnahöllin var stofnuð 1965 af Jóni Hjartarsyni og var til að byrja með á Laugavegi 26. Jón byggði húsið á Bíldshöfða og þar hefur verslunin verið í áratugi. Þeir bræður tóku við henni fyrir þremur árum. „Við vorum með Betra bak og Dorma fyrir, bættum svo Húsgagnahöllinni við árið 2012 sem einni rós í hnappagatið og höfum gert margt til að betrumbæta Húsgagnahöllina," segir Egill. Hann segir La-z-boy stólinn eitt aðalvörumerki verslunarinnar. „Þó stóllinn hafi ekki unnið til neinna hönnunarverðlauna þá er hann vinsæll," segir Egill og telur að seld hafi verið um 30 þúsund stykki frá því hann kom fyrst til landsins í gegnum ameríska herinn um 1990. **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Ósk Gísladóttir**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut þann 19. desember. Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Tómas Sigurðsson**
**Ingvi Tómasson Rut Kjartansdóttir**
**Trausti Tómasson Hrafnhildur Hrafnsdóttir**
**Judit Traustadóttir Hjálmar Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, dóttir og systir,

**Björk Þórarinsdóttir**

Hólmaþingi 8, Kópavogi,

lést 17. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristinn Pétursson**
**Alexander Kristinsson Þröstur Kristinsson**
**Þórarinn Ingi Jónsson**
**Smári Þórarinsson**
**Rósa Þórarinsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

**Torfa Guðbrandssonar**

fyrrverandi skólastjóra.

Innilegar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Ísafoldar fyrir einstaka alúð og umönnun. Jafnframt sendi ég fjölskyldu og vinum hugheilar jóla- og nýárskveðju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Aðalbjörg Albertsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar hjartkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Fríðu Sveinsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir einstaka umhyggju og umönnun. Með ósk um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.

**Bragi Þorsteinsson**
**Helga Bragadóttir Jóhann Sigurjónsson**
**Halldóra Bragadóttir Árni B. Björnsson**
**Sveinn Bragason Unnur Styrkársdóttir**
**barnabörn og langömmudrengur.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,

**Lúðvík Rúdólf Kemp Guðmundsson**

lést á hjartadeild Landspítalans 17. desember. Útförin fer fram í Grensáskirkju, 30. desember, kl. 13.00.

**Guðrún Elín Thorarensen**
**Ásta I. Lúðvíksdóttir**
**Guðmundur I. Lúðvíksson**
**Jón Lúðvíksson**
**Eygló R. Lúðvíksdóttir**
**Bryndís A. Lúðvíksdóttir**
**tengdabörn og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær móðir okkar, amma og systir,

**Bergljót Ellertsdóttir**

fv. skrifstofukona á Hafnarskrifstofunni í Reykjavík, Gnoðarvogi 40, Reykjavík,

lést 9. desember á líknardeild LSH í Kópavogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey samkvæmt ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH í Kópavogi. Við þökkum auðsýndan hlýhug og samúð.

**Auður Matthea Matthiasdóttir**
**Aldís Hugbjört Matthiasdóttir**
**Ellen Guðmundsdóttir**
**Karen Bergljót Knútsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid
BÖKUNARSETT
Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.
Sanseraðir litir
FULLT VERÐ ... 107.990
( Hrærivél 92.995 + bökunarsett 14.995 )
TILBOÐSVERÐ .. 92.995
FULLT VERÐ .... 104.990
( Hrærivél 89.995 + bökunarsett 14.995 )
TILBOÐSVERÐ ... 89.995
Ýmsir litir
Sodastream GENESIS
VERÐ ÁÐUR ... 14.995
TILBOÐ ......... 12.995
Kai PureKomachi2
3STK HNÍFASETT
Magnað jólatilboð
VERÐ ÁÐUR ... 11.985
TILBOÐ ........... 7.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ÍSLENSKU JÓLASVEINARNARNIR
VERÐ FRÁ ... 1.795
Babyliss Curl Secret krullujárn
Kaupauki að andvirði 5.995
VERÐ ÁÐUR .... 19.995
TILBOÐ .......... 16.995
Le Creuset
POTTUR 24sm
VERÐ ... 37.995
Le Creuset
PANNA 26sm
VERÐ ... 23.995
Hárblásari PRO
2300W AC
5 ÁRA ÁBYRGÐ
VERÐ ÁÐUR ... 14.995
TILBOÐ ........... 9.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Ný lína með losanlegum plötum
Russell Hobbs
Allt að 42% minni fita
COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 13.995
TILBOÐ ........... 9.995
FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 16.995
TILBOÐ ......... 11.995
ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ ... 18.995
TILBOÐ ......... 13.995
Rosenthal
KÖKU DISKUR
VERÐ ... 12.995
Rosenthal
VASI
30sm
VERÐ ... 12.995
Le Creuset
ELDFAST MÓT
32sm
VERÐ ..... 8.995
Le Creuset
Salt- og piparkvarnir
VERÐ ... 8.495
ÍSLENSKA PÖNNNUKÖKU PANNAN
„Eins og amma á"
VERÐ ..... 9.995
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR ... 9.995
TILBOÐ ......... 6.495
Rosenthal
VASI
TUTEN
10sm
VERÐ ..... 6.495
Rosenthal Curl
KERTASTJAKAR
2stk
VERÐ ..... 9.995
TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR .... 9.995
JÓLATILBOÐ ... 5.995
Wilfa
BLANDARI
1200W
TRYLLITÆKI
VERÐ ... 17.995
Dolce Gusto
MiniMe
NESCAFÉ Dolce Gusto
Dolce Gusto
Circolo
YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!
Kynning alla daga til jóla!
VERÐ ÁÐUR ... 19.995
TILBOÐ ......... 12.995
VERÐ ÁÐUR ... 36.995
TILBOÐ ......... 24.995

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Norðlæg átt og nokkuð bjart norðanlands fyrri hluta dags, en snjókoma eða él fyrir sunnan og austan. Stöku snjókorn gætu fallið suðvestan- og vestanlands og því er ekki útilokað að allir landsmenn verði varir við einhvern snjó. Hiti um frostmark.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -5° | -1° |
| ↙11 | ↙18 | ↘16 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 1° | -4° |
| →10 | →9 | ↓12 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -5° | -10° | -9° |
| ↙10 | ↙15 | ↓10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -8° | -6° | -14° |
| ↘13 | ↘3 | ↙12 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. mál skips
6. 49
8. samkyn-hneigður
9. hlé
11. búsmali
12. nes
14. einkennis
16. tveir eins
17. stroff
18. bar
20. átt
21. innyfla

**LÓÐRÉTT**
1. kvenflík
3. skammstöfun
4. sárasótt
5. viður
7. niðurlag
10. saur
13. gifti
15. eining
16. klampi
19. tímabil




LÁRÉTT: 2. lest, 6. il, 8. hýr, 9. lot, 11. fé, 12. skagi, 14. aðals, 16. oo, 17. fit, 18. krá, 20. sa, 21. iðra.
**LÓÐRÉTT:** 1. pils, 3. eh, 4. sýfilis, 5. tré, 7. lokaorð, 10. tað, 13. gaf, 15. stak, 16. oki, 19. ár.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | 5 | 8 | 1 |
| 6 | | | 7 | | | | | |
| 8 | 4 | | 9 | | 2 | 3 | | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 9 |
| | | | 2 | | | 4 | | 3 |
| 9 | 1 | | | 4 | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 6 | | | 9 | |
| 2 | 6 | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

## Skák Gunnar Björnsson

Stöðumynd dagsins kom upp hjá Albin Planic, sem átti leik gegn Rafael Vaganian í Hastings árið 1974.



**Svartur á leik**

**22...Dc7+!!** (22...Dc6+ leiðir til sömu niðurstöðu). Hvítur gaf því hann verður mát eftir **23. Dxc7 Rb3#**. Það urðu mjög óvænt úrslit í fyrstu umferð Katar-mótsins þegar Carlsen varð að sætta sig við jafntefli

**www.skak.is:** Íslandsmótið í atskák.




# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





EMBRACING FAITH®
BÆNAVALSHRINGUR
MÁLMLIST
ALL rigths reserved E.F. original consept and design since 1997. © By Brynja SverrisdóttirGrafisk honnun CREATIVE PEACE Team . PHOTOS BRIAN GRIFFIN & JAMES LYNDSEY
SKARTGRIPAVERKSTÆÐI HJÁLMARS TORFASONAR
LAUGAVEGI 71, 101 RVK. SÍMI 552 1550
GULLSMIÐIR SIGTRYGGUR & PÉTUR, AKUREYRI
GaLOre Di AniMali
YOUR PERFECT DAY
HOTEL HILTON NORDICA
www.embracingfaith.co.uk
EMBRACING FAITH® & NATURE FINE JEWELLERY. DESIGN BY
MADE IN ITALY




























**OPIÐ TIL 22:00 Í KVÖLD**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
**1.399** kr/kg

22% AFSLÁTTUR



Vinningshryggur
2014

KJÖTSEL HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
**2.548** kr/kg



15% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
**2.398** kr/kg



15% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL
HANGILÆRI M/BEINI
**2.379** kr/kg



15% AFSLÁTTUR



# Opið til 22:00 í kvöld






„Það er sterk reynsla að vera á staðnum,“ segir Soffía Auður um Hala í Suðursveit þar sem Þórbergssetrið er. MYND/ÞORVARÐUR ÁRNASON

# Rýndi í kynjamyndir klettanna í Suðursveit

**Þórbergur Þórðarson var upphafsmaður skáldævisögunnar samkvæmt kenningum Soffíu Auðar Birgisdóttur bókmenntafræðings. Ég skapa þess vegna er ég – nefnist ný bók hennar um verk Þórbergs.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



**Ég hef rannsakað bækur Þórbergs í mörg ár og nálgast verk hans út frá mörgum mismunandi sjónarhornum því höfundarverk hans er svo fjölbreytt. Ég held því fram að hann sé upphafsmaður skáldævisögunnar því hann blandar saman ævisögu og skáldskap í öllum sínum verkum,“ segir Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur sem hefur sent frá sér bókina Ég skapa þess vegna er ég.**

Soffía Auður kveðst hafa lesið Bréf til Láru sem unglingur. „Ég heillaðist strax af Þórbergi því mér fannst hann svo fyndinn og klár,“ segir hún en nú trúir hún ekki öllu sem stendur í bókum hans. „Nei, þar er mikið skáldað. Eftir að menn eins og Pétur Gunnarsson og Halldór Guðmundsson fóru að rýna í dagbækur Þórbergs á Landsbókasafninu kom í ljós að margt í ritverkum hans stóðst ekki ef þau voru mæld á sannleikskvarða.“

Soffía Auður skrifar reyndar sérstakan kafla um sannleikshugtakið. „Þórbergur hefur ávallt verið talinn hafa verið mikill sannleiksleitandi, þá er fyrst og fremst verið að tala um hugmyndakerfi sem hann aðhylltist, pólitík, trúmál og fleira, hann var til dæmis einn fyrsti jógaiðkandinn á Íslandi. En hann leyfir sér að fara frjálslega með staðreyndir í listrænum tilgangi. Ég nefni dæmi um frægar sögur, annars vegar um fyrstu lyftingu hans, þegar hann missir sveindóminn í kirkjugarðinum. Í bókinni fara þeir tveir félagar saman með einni frauku upp í kirkjugarð en þegar betur er að gáð voru fraukurnar tvær, það kom fram í viðtali við félagann sem var með honum og birtist í blaði á áttunda áratugnum. Það voru sem sagt tvö pör þarna í garðinum en óneitanlega er frásögnin meira krassandi hjá Þórbergi. Hin fræga framhjáganga er annað dæmi, þegar hann gekk framhjá bæ elskunnar sinnar í Hrútafirðinum. Það er skáldskapur, því samkvæmt heimildum kom hann þar við. Hvort tveggja sýnir að listræn frásögn Þórbergs er ofar staðreyndasannleikanum.“

Soffía segir Þórberg hafa verið fróðan um bókmenntir, íslenskar og erlendar og mun lærðari rithöfund en margur haldi. „Þórbergur stundaði fimm ára háskólanám í norrænum fræðum þó hann fengi ekki að útskrifast með háskólagráðu því hann hafði ekki stúdentspróf. Svo var hann í alls konar menntamannaklíkum og kynntist straumum og stefnum í gegn um esperanto, því hann var altalandi og alskrifandi á því tungumáli. Margar af greinum hans sem til eru á íslensku voru fyrst skrifaðar á esperanto. Svo las hann líka þýsku og ég sýni fram á áhrif Heinrich Heine á ljóðagerð Þórbergs. Vel á minnst, eitt af því sem fólk þekkir lítið er ljóðagerð hans og ég er með kafla um hana í bókinni. Einnig er kafli um Suðursveitarbækurnar sem ég kalla endurgjald hans til heimahaganna. Hann notar rómantísk minni þegar hann lýsir náttúrunni í Suðursveit á háleitan hátt – jafnvel kindunum.“

**ÉG FÓR OFT AÐ HALA OG FÉKK AÐ DVELJA ÞAR EF MIG VANTAÐI VINNUFRIÐ. ÉG Á EFTIR AÐ FARA ÞANGAÐ OG LESA UPP ÚR BÓKINNI Á ÞÓRBERGSSETRINU.**

Þórbergur var djúpur, klár og meðvitaður höfundur að mati Soffíu Auðar. Söguna um það þegar hann hélt að hann væri óléttur segir hún auðvelt er að lesa sem táknsögu. „Þetta er ekki eitthvert óráðshjal geðbilaðs manns eins og sumir samtímamenn hans héldu, heldur táknsaga um sköpunina,“ segir hún sannfærandi. Bókartitillinn hennar Soffíu, Ég skapa þess vegna er ég, er einmitt fenginn úr óléttusögunni í Bréfi til Láru.

Bókin er í níu köflum og eins og hún nefnir í upphafi spjalls er þar farið inn í höfundarverk Þórbergs á margs konar hátt. En lokakaflinn fjallar um samtímabókmenntir og það hvernig þeir sem skrifa skáldævisögur í dag tengja sig gjarnan beint við Þórberg. Hún segir það greinilegast í bókum Jóns Gnarr og tiltekur líka Oddnýju Eiri Ævarsdóttur og fleiri höfunda. „Sú tegund bókmennta sem Þórbergur skrifaði – skáldævisagan – er orðin vinsælasta bókmenntaform dagsins í dag.“

Soffía Auður hefur búið á Hornafirði í hátt í áratug. Spurð hvort henni hafi komið vel að vera í upprunahéraði Þórbergs meðan á þessum skrifum stóð, svarar hún:

„Já, tvímælalaust. Bæði að vera í umhverfinu sem hann skrifaði um og líka að hafa aðgang að fólkinu hans. Það var mjög gefandi. Ég fór oft að Hala og fékk að dvelja þar ef mig vantaði vinnufrið. Ég á eftir að fara þangað og lesa upp úr bókinni á Þórbergssetrinu. Það er sérstök reynsla að vera á staðnum. Þórbergur skrifar til dæmis langan kafla um klettana og steinana í Suðursveit sem eru fyrir honum risavaxið listasafn. Þegar ég fór að rýna í þá eina vetrarnótt undir fullu tungli þá framkölluðust margar af þeim kynjamyndum sem hann lýsir.“

## UM ÓLÉTTUFRÁSÖGNINA Í BRÉFI TIL LÁRU

Víða í verkum [Þórbergs] kemur fram að þörfin til að skapa er öðrum þáttum sterkari í lífi hans. Hvergi er þetta þó eins ljóst eins og í óléttusögunni. Og þar dregur hann einnig fram að þessari þörf fylgi þjáning þess sem (upp)lifir hugsanir sínar „sem bjargfastan veruleika“. Slíkt kalla læknar „hysterí“, bendir Þórbergur á: „Það er ruslaskrína, og þeir kasta í hana öllum þeim drottins dásemdarverkum, sem þeir geta ekki grillt í smásjá. Ég kalla þetta þroskað ímyndunarafl. Að vísu ekki að eins samvitund við umheiminn, heldur og samvitund við möguleika umheimsins.“ Óléttusagan er frásögn af „samvitund við möguleika umheimsins“ og í þeirri samvitund er fólginn leyndardómur listrænnar sköpunar. Hinu þroskaða ímyndunarafli fylgir bæði blessun og bölvun, ítrekar Þórbergur, og sá sem vill vera fær um listræna sköpun þarf að geta „fundið jafnvel fjarstæðustu firrur hluta af sjálfum sér“ líkt og sá sem er óléttur finnur fóstrið vera hluta af líkama sínum: „Að öðlast sannan skilning á einhverju er að ná samvitund við það, finna til þess sem hluta af sjálfum sér, verða eitt með því.“ Þessa grundvallarhugmynd Þórbergs má víða sjá að verki eins og vikið verður að oftar í greiningu minni á skrifum hans.

# 20-50%

# JÓLAAFSLÁTTUR

## 22.-24. DESEMBER



**50% AFSLÁTTUR** AF BINGÓ



**50% AFSLÁTTUR** AF HOUSE DOCTOR JÓLAVÖRUM




**50% AFSLÁTTUR** AF JÓLAFÖNDRI




**50% AFSLÁTTUR** AF JÓLALJÓSUM




**20% AFSLÁTTUR** AF RAFHLÖÐUM



**40% AFSLÁTTUR** AF EXPLORE SKÓLATÖSKUM



**20% AFSLÁTTUR** AF KREAFUNK ÞRÁÐLAUSUM BLUETOOTH HÁTÖLURUM



**20% AFSLÁTTUR** AF HERSCHEL TÖSKUM

*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir meðan birgðir endast. Vöruval er mismunandi eftir verslunum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**

# Stórt framfaraskref fyrir bæði Hof og Hörpu

## Nýr samstarfssamningur á milli Hörpu í Reykjavík og Hofs á Akureyri opnar fyrir ýmsa möguleika bæði fyrir listamenn sem og í ráðstefnuhaldi, ferðamálaþjónustu og menningarstarfsemi almennt.

Í gær var undirritaður samstarfssamningur um menningarbrú á milli Hörpu í Reykjavík og Hofs á Akureyri. Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss og stjórn Menningarfélags Akureyrar (MAk) fyrir hönd menningarhússins Hofs standa að samningnum sem er liður í viðleitni menningarhúsanna beggja til að efla menningarstarf og auka sýnileika menningarframleiðslu um allt land.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, sem er yfirmaður tónlistarsviðs Menningarfélags Akureyrar, segir að í fyrsta lagi sé verið að auðvelda listamönnum sem starfa innan þessara tveggja húsa að geta verið báðum megin. „Við gerum samkomulag um fimmtíu prósent á leigu. Þannig að ég t.d. get farið með sinfóníuhljómsveit til Reykjavíkur án þess að fara á hausinn. Og ef ég er með markaðslega sterk verkefni eins og Dimmu og sinfóníuna um daginn þá er þetta bara mjög vel gerlegt og getur komið afar vel út. Eins var það með Þetta er grín, án djóks á vegum Leikfélags Akureyrar um daginn. En báðir þessir viðburðir tókust einstaklega vel bæði listrænt og markaðslega séð. Núna er þetta einfaldlega orðið skynsamlegur kostur að koma með framleiðslu að norðan og sýna fyrir sunnan.“

Framundan er stórsýningin Píla Pína í Hofi og Þorvaldur segir að þar sé á ferðinni fyrsta sýningin þar sem allar þrjár einingar MAK koma saman. „Þetta er fyrsta tilraunin í þessu að MAK í heild framleiði sýningu. Þetta er mikil hagræðing sem felst í þessu fyrir okkur fyrir norðan og svo ef vel tekst til er núna orðið möguleiki að það verði einhverjar sýningar fyrir sunnan. Eins er líka mikill ávinningur í þessu fyrir Hörpu sem á það t.d. til að sprengja utan af sér ráðstefnurnar sem þar eru haldnar, t.d. um ferðamál og annað slíkt, og þá er gott að geta leitað hingað norður.

En svo má ekki gleyma að Harpa er líka í framleiðslu, eins og t.d. rússneska ballettinum sem var þar fyrir skömmu. Með þessum samningi opnast möguleikinn á að slíkar sýningar komi norður og það er frábært fyrir Akureyringa. En svona heilt á litið má segja að þetta feli í sér fyrir bæði húsin aukningu á öllu og fólk á vonandi eftir að njóta þess bæði hér fyrir norðan og fyrir sunnan. Svo er Sinfóníuhljómsveitin inni í þessu og stefnt að því að hún komi árlega til okkar sem er líka mikið gleðiefni.“

Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, var á leiðinni í flug þegar náðist í hann en hann tekur heils hugar undir ánægjuna með þennan tímamótasamning. „Ég get varla sagt þér hvað mér finnst þetta gott mál. Það sem er meginatriði frá okkar bæjardyrum séð er að Harpa er hús allra landsmanna. Við þurfum þá líka að sýna það með einhverjum hætti og þetta er stórt skref í rétta átt til þess.“

**magnus@frettabladid.is**



**Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, yfirmaður tónlistarsviðs MAK, Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, Sigurður Kristinsson, formaður stjórnar MAK, og Jón Páll Eyjólfsson, leikhússtjóri LA, við undirritun samningsins.**

Mozart
við kertaljós
Dómkirkjunni
í kvöld, 22. desember, kl. 21.00
Camerarctica
Miðasala við innganginn
Miðaverð 2500/1500




GEFÐU
HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf
kirkjunnar

# Máttlaus örlagasaga

**BÆKUR**

**Hrólfs saga – Fönnin hylur sporin**

★★☆☆☆

**Iðunn Steinsdóttir**

**Útgefandi:** Salka
**Fjöldi síðna:** 151

Frásagnir af hörmulegum kjörum niðursetninga og annarra fátæklinga á Íslandi fyrr á öldum eru engin sérstök nýlunda en eru þó oft sláandi og snerta djúpt við lesendum. Ástæðan er þó ekki bara sú að aðstæður, regluverk samfélagsins og framkoma fólks gagnvart þeim sem minnst máttu sín í samfélaginu var óendanlega grimmdarleg og örlög manna sorgleg heldur vegna þess að höfundar hafa náð að skapa samúð með persónum sínum eða lýsinga á aðstæðum sem standa manni lifandi fyrir hugskotsjónum.



Ný bók Iðunnar Steinsdóttur, Hrólfs saga, sver sig í ætt þessara bóka sem fjalla um ömurleg kjör almennings á Íslandi. Bókin er byggð á hörmulegum örlögum langafa hennar, Hrólfs Hrólfssonar, sem var niðursetningur og seinna vinnumaður sem varð úti aðeins þrjátíu tveggja ára frá konu og fjórum börnum. Iðunn útskýrir í eftirmála tilurð bókarinnar og þær heimildir sem hún nýtti sér til að grafast fyrir um örlög þessa forföður síns. Saga Hrólfs er sannarlega sorgleg en bókin er því miður ekki nógu vel heppnuð sem skáldverk.

Í fyrsta lagi er persóna Hrólfs of einhliða. Hann er eiginlega gallalaus; hann er vinnusamur, bókelskur, góður faðir, jákvæður gagnvart nánast öllum sem hann kynnist og gagnrýni hans á þær aðstæður sem hann býr við afskaplega máttlaus. Farið er nákvæmlega í gegnum alla þá bæi sem hann er vistaður á sem barn en heimilisfólkið á þeim rennur saman í hugum lesenda því stutt er staldrað við á hverjum stað. Fardagar, heyskapur, veðurfarslýsingar, jólamatur og svo nýir fardagar. Inn á milli koma stuttar senur sem hægt hefði verið að vinna þannig að lesendur gætu tengt við grimm örlög niðursetningsins, eins og þegar hann áttar sig á að það að tengjast heimilisfólki sé tilgangslítið þar sem hann muni fljótlega vera sendur annað eða þegar lyktin af mömmu hans er horfin úr efnisbút sem hann var með úr fötum hennar. En farið er svo hratt yfir sögu að þessar senur hverfa fljótt úr meðvitund lesenda og ná ekki að búa til varanleg tengsl við sögupersónuna eða aðstæður hans. Að sama skapi er ekki undirbyggt nógu vel eða staldrað nógu lengi við það sem er kannski helsta nýmæli þessarar sögu, hjónaband Hrólfs og þau skítlegu brögð sem notuð eru til að koma fjárhagslegri ábyrgð á fjölskyldunni frá einum hreppi yfir á annan.

Í öðru lagi er höfundur sífellt að nefna sögulega atburði sem gerast þau ár sem sagan spannar. En þeir eru afskaplega laustengdir heildarsögunni og lesandi fær aldrei á tilfinninguna að þeir hafi listrænt markmið, þ.e.a.s. að þeim sé ætlað skáldskaparlegt hlutverk í söguuppbyggingunni. Hvaða máli skiptir vegagerð yfir Svínshraun, skipskaði Norðmanna við Hrísey, stofnun Gránufélagsins eða bygging Hegningarhússins og Alþingishússins í Reykjavík fyrir sögu Hrólfs? Það verður aldrei ljóst og lesanda fer að gruna að þeim sé bætt inn vegna þess að heimildir höfundar nefna þá. Það er ekki nægjanleg ástæða þegar breyta á frásögn af lífi raunverulegrar persónu í skáldskap.

En það er einmitt skáldskapurinn sem ég saknaði mest við lestur þessarar bókar. Skáldskapurinn hefur tól til að gera sögur fólks og samfélaga að einhverju sem snertir við okkur þvert yfir tíma og rúm. Í gegnum hann getur óréttlæti fortíðarinnar sagt okkur eitthvað um manneskjuna, söguna, samfélagið eða okkur sjálf en þessi saga nær því miður ekki að gera neitt af þessu.

**Ásdís Sigmundsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skortur á skáldskaparlegri uppbyggingu og heildarsýn gerir örlagasögu að bitlausri frásögn.

# Skylmingar hjá Kammersveitinni

**TÓNLIST**

**Hljómsveitartónleikar**

★★★★☆

**Kammersveit Reykjavíkur flutti verk eftir Biber, Muffat, Schmelzer og Bach.**

**Einleikarar:** Una Sveinbjarnardóttir, Áshildur Haraldsdóttir og Jeremy Joseph.

**Áskirkju**
**Sunnudaginn 20. desember**

Hallgrímur Helgason rithöfundur hneykslaði einu sinni lesendur Alþýðublaðsins sáluga með textum við þekkt jólalög. „Það á að gefa Grýlu börn að bíta í á jólunum“ byrjaði einn. „Við skulum fara, þett'er algert fól, farðu þarna feiti, jóla-asshole“ hljómaði annar ef ég man rétt.

Jólatónlist er meira en svoleiðis lög og miklu meira en öll þessi linnulausa jólapoppsíbylja sem heyrist á hverju götuhorni. Fyrir marga er engin músík eins viðeigandi og sú sem var samin á barokktímanum, í tíð Bachs og félaga. Hún er formföst og hátíðleg, líkt og jólin. Svo er hún líka glaðleg og full af fjöri ef þannig ber undir. Barokktónlist er því algeng á klassískum tónleikum í desember. Eins og t.d. á hinum árvissu jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur sem jafnan eru haldnir í Áskirkju. Ég fór þangað á sunnudaginn en vil byrja á því að biðjast afsökunar á því að hafa komið of seint. Fyrsta verkið á dagskránni, sónata eftir Biber, var byrjuð þegar ég kom og ætla ég því ekki að fjalla nánar um hana hér. En næst var Passacaglia eftir Georg Muffat. Fyrir þá sem ekki vita er passacaglia einskonar dans sem grundvallast á síendurteknu bassastefi. Að því leyti til á hún ýmislegt sameiginlegt með poppmúsík. Passacaglian er þó miklu alvarlegri og flóknari.

Verk Muffats hljómaði afar fallega. Hljómsveitin var fullkomlega samtaka. Heildarhljómurinn var þéttur og sterkur. Túlkunin var gædd áhrifamikilli stígandi með kröftugum hápunkti.

Balleto, danssvíta eftir Johann Heinrich Schmelzer var einnig skemmtileg.



**Kammersveit Reykjavíkur á æfingu**

Hún ku eiga að draga upp mynd af skylmingaskóla. Eftir því var tónlistin eldhvöss og kvik, full af glettum og gríni. Flutningurinn var magnaður og grípandi, en jafnframt gríðarlega fágaður og nákvæmur. Tveir einleikskonsertar eftir Bach voru á efnisskránni, konsert í a moll BWV 1044 og Brandenborgarkonsert nr. 5. Einleikararnir voru Una Sveinbjarnadóttir á fiðlu, Áshildur Haraldsdóttir á flautu og hinn suðurafríski Jeremy Joseph á sembal. Þau voru frábær. Fiðluleikur Unu var tær og hnitmiðaður, flautuleikur Áshildar var innilegur og blæbirgðaríkur og semballeikur Joseph var í einu orði sagt dásamlegur. Hann var svo öruggur og hröð tónahlaup voru svo akkúrat og glitrandi að það var unaðslegt áheyrnar. Hljómsveitin var líka pottþétt á sínu, hún spilaði af aðdáunarverðri fagmennsku. Maður fylltist jólaanda á þessum líflegu tónleikum. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Sérlega glæsileg dagskrá með flottum einleikurum.

# Til hamingju, Gunnar Helgason,

## með tilnefninguna til Barna- og unglinga-bókaverðlauna Vestnorræna ráðsins!

Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars:

Mamma klikk eftir Gunnar Helgason er skrifuð af einlægni og stílfimi og tekur á alvarlegum málum. Ungir lesendur eru teknir alvarlega og sagan býður þeim upp á lestrarreynslu sem krefst þess að þeir nýti eigin túlkunarhæfileika.

WEST NORDIC AND YOUNG PEOPLE'S LITERATURE PRIZE nomination




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39











# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

**22. DESEMBER 2015**

## Tónleikar

**Hvað?** Jólaró
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Hækkandi sól verður fagnað með notalegum tónleikum við kertaljós í Fríkirkjunni. Á dagskrá verða bæði íslensk og erlend hátíðarlög sem verða sungin í ein- eða tvíröddudum sönglögum í bland við einleik á píanó. Góð leið til þess að slaka á í jólastressinu og safna kröftum. Miðasala á tix.is og verð á milli 1.500 til 2.000 kr.

**Hvað?** Kvartett Önnu Grétu
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel
Á þessu djasskvöldi Kex Hostels kemur fram kvartett píanóleikarans Önnu Grétu Sigurðardóttur. Auk hennar skipa hljómsveitina þeir Ari Bragi Kárason, Valdimar K. Sigurjónsson og Einar Scheving. Þau munu flytja fjölbreytt úrval þekktra djasslaga. Anna Gréta hlaut íslensku tónlistarverðlaunin á síðasta ári sem bjartasta vonin í flokki djass- og blústónlistar. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Jólafílingur Valdimars
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Valdimar Guðmundsson ætlar að vera í jólagír og syngja skemmtileg jólalög í bland við önnur lög. Honum til halds og trausts verða Dísa Jakobs og Ómar Guðjóns. Aðgangur ókeypis.



Jógasetrið verður með morgunjóga vegna vetrarsólstaðna í dag.






## Leikhús

**Hvað?** Um Það Bil
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Í þessu nýja verki eftir Jonas Hassan Khemiri fá áhorfendur að kynnast fjölskrúðugum hópi fólks þar sem hver og einn glímir við markaðslögmálin með sínum hætti, nístandi gamanleikjum um fyrrnefnd markaðslögmál sem sumir segja að stjórni öllu. Verkið var frumsýnt í Dramaten í Stokkhólmi á liðnu hausti og hefur notið gífurlegra vinsælda. Miða er hægt að nálgast á midi.is og er miðaverð frá 2.000 kr. til 6.700 kr.

## Samkomur

**Hvað?** Jólablót Ásatrúarfélagsins
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Öskjuhlíð
Jólablót Ásatrúarfélagsins verður haldið á vetrarsólstöðum í kvöld. Blótið verður helgað í Öskjuhlíð, fyrir neðan lóð í eigu félagsins. Jólablótsveislan verður síðan haldin í sal Flugvirkjafélagsins í Borgartúni 22 klukkan 19.00. Í boði verður glæsilegt jólahlaðborð og kaffi eftir það. Allsherjargoði helgar blótið og börnin tendra jólaljósin og fá glaðning. Verð á jólablótið er 5.000 kr. en börn undir 12 ára fá frítt. Hægt er að kaupa aðgang á skrifstofu Ásatrúarfélagsins eða með því að greiða inn á netbanka félagsins. Miðar verða ekki seldir við innganginn.

**Hvað?** Vetrarsólstöðu Sadhana
**Hvenær?** 06.00
**Hvar?** Jógasetrið, Skipholti 50C
Vetrarsólstöðu Sadhana í jógasetrinu hefur verið eitt fjölmennasta Sadhana ársins undanfarin ár. Morgunninn þykir besti tíminn fyrir jóga og hugleiðslu. Morgun Sadhana á að hjálpa til með að sigra daginn, sigra letina og stilla innri hljóðfæri. Komið verður saman árla morguns á þessum sérstaka degi og hækkandi sólu fagnað. Það er frítt inn og allir velkomnir.

**Hvað?** Jóla Drag-Súgur
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gaukurinn
Jólaskemmtun Drag-Súgs verður haldið hátíðlega í kvöld. Jónathan Duffy verður kynnir kvöldsins en á dagsrá eru fullt af eldheitum atriðum með svellköldum drottningum og heitum jólasveinum. Jólastjarna kvöldsins verður Andrea Gylfadóttir. Tilboð á barnum fyrir þá sem eru klæddir í drag eða sem jólasveinar eða Grýla. Miðaverð er 1.000 kr.



**Anna Gréta verður á Kexi Hosteli í kvöld**

## Íþróttir

**Hvað?** Björninn mætir SR
**Hvenær?** 19.45
**Hvar?** Skautahöllin í Laugardal
Síðasti leikur Bjarnarins í öðrum flokki á þessu ári. Leikirnir á milli þessara félaga hafa alltaf verið æsispennandi.




№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28.—30. maí
í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa

Stofnaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar

Icelandair

Arion banki

Center Hotels

Lexus

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur




2 | 21:05
**LEGENDS**
Martin Odum starfar fyrir bandarísku alríkislögregluna FBI. Hann er sá besti í bransanum þegar kemur að því að starfa á bak við tjöldin og komast í innsta hring glæpasamtaka. Hörkuspennandi þættir!

FRÁBÆR ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 20:15
**EMPIRE**
Skemmtileg þáttaröð um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifa og hrærast í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.



2 | 21:50
**OFFICE X MAS PARTY**
Skemmtilegir raunveruleikaþættir sem fjalla um þrjá vinnustaði en þar halda starfsmenn sína árlegu jólagleði þar sem slett er ærlega úr klaufunum.




2 | 22:40
**CHRISTMAS BOUNTY**
Skemmtileg gamanmynd um kennara sem reynir með öllum ráðum að leyna fyrir unnusta sínum hvað hún vinnur við í hjáverkum.



| 22:00
**THE COMPANY YOU KEEP**
Dramatísk mynd um ungan blaðamann sem kemst á snoðir um dvalarstað manns sem hefur verið á flótta undan yfirvöldum í mörg ár.



3 | 20:15
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakka stöðin | 19:00
**SVEPPI OG VILLI BJARGA JÓLASVEININUM**
Sveppi og Villi fá veður af því að jólasveinarnir þurfi hjálp til að sinna skyldum sínum. Þeir ákveða að hjálpa þeim.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**07.10** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** The Middle
**08.25** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** The Night Shift
**11.05** Lying Game
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.40** American Idol
**15.10** Home Alone 3
**16.50** Surviving Jack
**17.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** **Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar.
**19.25** Anger Management
**19.50** **The Big Bang Theory** Níunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.
**20.15** Empire
**21.05** Legends
**21.50** Office Xmas Party
**22.40** Christmas Bounty
**00.15** Covert Affairs
**01.00** Flesh and Bone
**02.05** Catastrophe
**02.30** Diana
**04.20** Mistresses
**05.05** Backstrom
**05.50** Bones 10

## SPORT

**11.30** Körfuboltakvöld
**13.10** Real Madrid - Rayo Vallecano
**14.50** Spænsku mörkin
**15.20** Evrópudeildarmörkin
**16.10** Carpi - Juventus
**17.50** Internazionale - Lazio
**19.30** Ítölsku mörkin 2015/2016
**20.00** Southampton - Liverpool
**21.40** League Cup Highlights
**22.10** UFC Fight Night. Dos Anjos vs. Cerrone
**00.20** UFC Now

## SPORT 2

**07.00** Arsenal - Man. City
**08.40** Messan
**11.25** Wolves - Leeds
**13.10** Football League Show
**13.40** Messan
**14.55** Premier League World
**15.25** Swansea - West Ham
**17.05** Arsenal - Man. City
**18.45** Messan
**20.00** Premier League Review
**20.55** Hull - Reading
**22.40** Everton - Leicester
**00.20** Premier League Review

## GOLFSTÖÐIN

**08.45** 2015 FedExCup Playoffs Official Film
**09.35** 2013 Augusta Masters
**12.55** 2014 Augusta Masters
**17.20** Golfing World
**18.10** Champions Tour Year In Review
**19.05** PGA Tour
**23.05** Champions Tour Year In Review

## STÖÐ 3

**18.40** Ground Floor
**19.05** Schitt's Creek
**19.30** Project Runway
**20.15** One Born Every Minute
**21.05** Labyrinth
**22.45** Mayday: Disasters
**23.35** Last Ship
**00.20** Project Runway
**01.05** One Born Every Minute
**01.50** Labyrinth
**03.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveininum
**07.05** Dóra könnuður
**07.29** Mörgæsirnar
**07.50** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.55** UKI
**09.00** Lukku-Láki
**09.23** Kalli á þakinu
**09.47** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Skógardýrið Húgó
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur
**12.55** UKI
**13.00** Lukku-Láki
**13.23** Kalli á þakinu
**13.47** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Brunabílarnir
**14.24** Skógardýrið Húgó
**14.49** Ævintýraferðin
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur
**16.55** UKI
**17.00** Lukku-Láki
**17.23** Kalli á þakinu
**17.47** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Brunabílarnir
**18.24** Skógardýrið Húgó
**18.49** Ævintýraferðin
**19.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveininum
**19.05** Alpha og Omega

**Dóra könnuður, kl. 07.05, 11.00 og 15.00**



## GULLSTÖÐIN

**08.00** The Big Bang Theory
**08.25** Friends
**08.50** The New Girl
**09.15** Modern Family
**19.25** Veggfóður
**20.10** Hið blómlega bú – hátíð í bæ
**20.45** Dallas
**21.30** Klovn
**22.00** Nikita
**22.45** Chuck
**23.30** Cold Case
**00.20** Veggfóður
**01.05** Hið blómlega bú – hátíð í bæ
**01.35** Dallas
**02.20** Klovn
**02.50** Nikita
**03.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.50** James Dean
**11.25** Harry Potter and the Goblet of Fire
**14.05** The Jane Austen Book Club
**15.50** James Dean
**17.30** Harry Potter and the Goblet of Fire
**20.10** The Jane Austen Book Club
**22.00** The Company You Keep
**23.55** **Pacific Rim** Stórmynd frá 2013 með Idris Elba, Charlie Hunnam og Rinko Kikuchi í aðalhlutverkum. Mannfólkið heyr stríð við ógurleg sjávarskrímsli og byggir risastór vélmenni til að berjast fyrir framtíð mannkynsins. Þegar stríðið virðist tapað er síðasta vonin fyrrverandi flugmaður og óreyndur lærlingur sem stýra gömlu risavélmenni í von um að bjarga heiminum.
**02.05** Her
**04.10** The Company You Keep
**06.30** **One Direction: This Is Us** Frábær mynd um strákabandið One Direction sem hefur notið mikilla vinsælda allt frá stofnun og nú fá aðdáendur einstaka innsýn í sögu sveitarinnar og líf strákanna.

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**10.15** Tímaflakkið
**10.40** Njósnakrakkar 2: Eyja týndra drauma
**12.20** Falið lífríki – Íkornar
**13.10** Kengúru-Dundee
**14.00** Bækur og staðir
**14.05** Af draumaakri
**15.50** Ítölsk jól hjá Nigellu
**16.50** Cilla
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Jólin með Jönu Maríu
**18.00** Jól í Snædal
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Íþróttalífið
**20.40** Jólin hjá Mette Blomsterberg
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Quirke
**23.50** Leyniríkið
**00.35** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.20** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Secret Street Crew
**10.40** Pepsi MAX tónlist
**12.35** Dr. Phil
**13.15** Younger
**13.40** Design Star
**14.30** Judging Amy
**15.15** Survivor
**16.00** The Voice
**17.30** Dr. Phil
**18.10** Christmas Feast with Heston Blumenthal
**19.00** Gordon's Ultimate Christmas
**19.50** Black-ish
**20.15** The Good Wife
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Elementary
**22.30** The Ghost Writer
**00.40** Extant
**01.25** Code Black
**02.10** Quantico
**02.55** Madam Secretary
**03.40** Elementary
**04.25** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚRVAL, FERSKLEIKI OG GÆÐI

FERSKT með FLUGI



*Ný uppskera af grænum vínberjum frá suður afríku*



- Blæjuber
- Kirsuber
- Trönuber
- Jarðarber
- Rifsber
- Brómber
- Hindber
- Bláber
- Vínber



Strengjabaunir



Snjóbaunir



Belgbaunir





## MIKIÐ ÚRVAL AF FERSKUM KRYDDJURTUM

- Bergmynta
- Basilika
- Kerfill
- Garðablóðberg
- Mynta
- Rósmarín
- Salvía
- Dill
- Kóríander
- Fáfnisgras
- Sítrónumelissa
- Súra
- Sítrónugras
- Steinselja
- Sítrónublóðberg



## KARTÖFLUR FRÁ FRAKKLANDI

- Ratte
- Violet queen
- Cherie
- Celtiane
- Vitelotte

## FERSKIR SVEPPIR Í ÚRVALI



Portobello — Íslenskir sveppir — Kastaníusveppir — Ostru — Beech Agaric



Kantarellur — Maitake — Wood Ear — Shitake — King Brown

24 Hagkaup
OPIÐ allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Íslandsvinir ársins 2015

Landið okkar fagra var gestgjafi margra erlendra stórstjarna á árinu. Gestirnir voru ýmist að vinna eða í fríi en flestir lýstu yfir ánægju sinni með landið samkvæmt samfélagsmiðlum.



## Jessie J

Það var um miðjan september sem stórsöngkonan Jessie J hélt tónleika hér á landi fyrir fullri laugardalshöll. Tónleikarnir vöktu mikla lukku en það seldist upp á þá nánast um leið og miðarnir fóru á sölu. Það sem vakti þó mesta athygli var þegar Jessie rétti Yrsu Íri, sem var áhorfandi í salnum, míkrófóninn og hún byrjaði að syngja eins og engill. Miðað við myndirnar á samfélagsmiðlum frá Jessie þá var hún yfir sig hrifin af landinu þrátt fyrir stutt stopp.



## Justin Bieber

Ein frægasta manneskja heims, poppsöngvarinn Justin Bieber, kom til Íslands um miðjan september síðastliðinn. Hann staldraði stutt við en honum tókst þó að taka upp tónlistarmyndband sem er mögulega ein besta landkynning sem Ísland hefur fengið í mörg ár. Hann dvaldi á hóteli á Suðurlandi ásamt vinum sínum og ljósmyndara. Honum hefur greinilega líkað vel við landið okkar þar sem hann ætlar að dvelja á Íslandi í viku á næsta ári á meðan hann æfir fyrir tónleikaferð sína um Evrópu.



## Channing Tatum

Leikarinn kom til landsins í fyrri part maí á þessu ári. Hann kom víða við en ásamt því að kúka á Vatnajökli fór hann einnig út að borða með rapparanum Gísla Pálma á Snaps. Hann sást einnig á laugaveginum og úti að borða á Grillmarkaðinum. Hann dvaldi hér á landi í viku ásamt þremur vinum sínum en þeir voru megnið af tímanum á Vatnajökli í ævintýraferð.



## Mads Mikkelsen

Danski leikarinn Mads Mikkelsen kom til landsins á svipuðum tíma og Justin Bieber. Þar sem mest öll athyglin var á Bieber þá gleymdist Mads nokkurn veginn í öllu fjölmiðlafárinu. Mads var staddur hér á landi til þess að leika í Star Wars-myndinni Rogue One. Það sást til hans að snæðingi á Snaps í miðbæ Reykjavíkur.

## Shak Rukh Khan

Konungur Bollywood-kvikmyndasenunnar, Shak Rukh Khan, var staddur hér á landi í lok ágúst. Shak er einn tekjuhæsti leikari heims og er með margar milljónir fylgjenda á samfélagsmiðlum. Hann var staddur hér á landi til þess að taka upp nýjustu kvikmynd sína, Dilwale. Nokkrir indverskir leikarar, þar á meðal Aamir Khan, hafa lofsungið Ísland sem friðsamlegt og fallegt land. Þar sé hægt að lifa lífinu óáreittur þar sem enginn þekki þá.

### ÞESSI KOMU LÍKA TIL LANDSINS Á ÁRINU:

- Patti Smith
- Wu Tang Clan
- Skrillex
- FKA Twigs
- Busta Rhymes
- Chrissy Teigen
- Jimmy Carr
- Paul Allen
- Stormzy
- Skepta
- Damien Rice
- Annie Leibovitz



## Bill Gates

Það fór kannski ekki mikið fyrir Íslandsheimsókn ríkasta manns heims en athygli vakti að hann neytti aðeins bandarísks matar á meðan á dvöl hans stóð. Talið er að hann hafi dvalið í lúxusvillu á Suðurlandi í lok júlí og þaðan ferðaðist hann víðsvegar um svæðið. Hann fór meðal annars að skoða Gullfoss og í nætursund í Bláa lóninu. Með honum á landinu var fjölskylda hans ásamt kokkum, öryggisvörðum og þjónum. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Gates kom til landsins en hann var meðal annars viðstaddur tónleika Justins Timberlake í ágúst 2014.



Aamir Khan hefur komið nokkrum sinnum til Íslands.



Zara Larsson í tónlistarmyndbandi sem tekið var upp á Íslandi.

## Zara Larsson

Sænska söngkonan Zara Larsson er á hraðri uppleið um þessar myndir með lag sitt Never Forget You en myndbandið við lagið er tekið upp hér á landi. Samkvæmt samfélagsmiðlum þá var hún hér í byrjun árs, eða 7. janúar. Talið er að hún hafi verið að taka upp tónlistarmyndbandið á þeim tíma.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Opið til kl. 22:00

## í öllum verslunum Krónunnar




*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**Jóladagatal**

**50% afsláttur**

**Jóla-smákökur**

* Gildir 22. desember 2015





**699** kr. pk.
Bandarískt T&A Sweet Gem salat





**649** kr. askjan
Jarðarber í öskju, 250 g

**Ferskar strengjabaunir, mikið magn**




**899** kr. pk.
PG Haricot baunir, frá Guatemala, 450 g

**Ferskt með flugi alla daga til jóla**



**599** kr. pk.
Bandarískt rósakál, 280 g



**599** kr. pk.
Brómber frá Mexíkó í boxi, 125 g



**549** kr. pk.
Hollenskir Portobello sveppir, 200 g



**749** kr. pk.
Hollenskir grillsveppir í boxi, 500 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# Vulnicura ein af plötum ársins í erlendum miðlum



**Björk Guðmundsdóttir** hefur haft í nógu að snúast á árinu. Platan Vulnicura er fimmta besta plata ársins að mati The New York Times.

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is



Árið 2015 hefur sannarlega verið ár Bjarkar en hún hefur komið víða við. Umfjöllun hefur verið mikil og í fjölmiðlum á breiðum grundvelli.

Í janúar á þessu ári kom út áttunda breiðskífa Bjarkar sem ber titilinn Vulnicura og hefur hún fengið mikla umfjöllum þetta árið. Eins og menn muna lak platan út í lok janúar en samhliða því var hún einnig gefin út stafrænt. Vulnicura er gefin út af One Little Indian og hefur hún fengið frábæra dóma og skorar hátt á mörgum listum yfir plötur ársins hjá hinum ýmsu miðlum. Platan er talin í mörgum af helstu fjölmiðlum heimsins, sem fjalla um menningu, á meðal áhugaverðust listaverka á sviði tónlistarinnar árið 2015. „Mér finnst þetta vera ein af bestu plötum Bjarkar frá upphafi, ákveðin fullkomnun birtist í tónlistarsköpun hennar á þessari plötu. Hún fer í hóp bestu platna ársins hjá mér. Annars á hver og ein plata sitt móment í núinu en út frá mörgu finnst mér þessi plata vera alveg stórkostleg,“ segir Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu. Í heimi tónlistargagnrýnenda er Vulnicura ein af plötum ársins.

Þetta var þó ekki eina útgáfan hennar á árinu því einnig komu út plöturnar Vulnicura Strings, níu útgáfur af 12 tommu Vulnicura Remix og Vulnicura Live sem inniheldur upptökur af tónleikum á árinu. Vulnicura Live kom þó eingöngu út á LP í mjög takmörkuðu upplagi í nóvember og var aðeins seld í Rough Trade-búðunum, þegar þær verslanir höfðu tilkynnt að Vulnicura væri plata ársins. Hún kemur þó út á almennan markað í kringum Grammy-verðlaunahátíðina í febrúar, til að fagna tilnefningu Bjarkar. Platan hennar, Vulnicura, er tilnefnd til Grammy-verðlaunanna í flokki alternative-platna en þetta er í fjórtánda sinn sem hún er tilnefnd til Grammy-verðlauna.

Fyrir utan plötuútgáfurnar og tónleikaferðir var sett upp sýning tileinkuð Björk í MoMa, nýlistasafninu í New York. Á sýningunni var blandað saman tónlist, myndefni, hljóðfærum og búningum Bjarkar. Þar var meðal annars að finna ýmis hljóðfæri sem Björk hefur unnið með, athyglisverða búninga, myndefni og upptökur af tónleikum. Sýningin, sem var opnuð í vor, stóð yfir í þrjá mánuði.

Björk kom fram á fjölda tónleika víða um heim á árinu en þurfti því miður að aflýsa fyrirhuguðum tónleikum sínum síðastliðið sumar og haust.

Fréttablaðið tók saman niðurstöður nokkurra fjölmiðla erlendis sem settu plötuna á lista yfir plötur ársins.



## Gengi Vulnicura hjá fjölmiðlum í BNA og Bretlandi:

### Í BANDARÍKJUNUM

**2. sæti** - Time Out New York
**5. sæti** - The New York Times
**6. sæti** – NPR
**7. sæti** - The Washington Post
**9. sæti** - The Denver Post
**15. sæti** – Pitchfork
**16. sæti** - Consequence of Sound
**28. sæti** – Spin Magazine
**33. sæti** - American Songwriter
**42. sæti** - Rolling Stone

### Í BRETLANDI

**2. sæti** - Crack Magazine
**5. sæti** – The Guardian
**5. sæti** – The Line of Best Fit
**5. sæti** - Dazed
**6. sæti** – The Sun
**11. sæti** - Uncut
**12. sæti** – Elle
**13. sæti** – The Wire
**38. sæti** – Noisey
**25. sæti** – NME












**Netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fegurðardrottningarfeill í Las Vegas

Manuela Ósk Harðardóttir var á Miss Universe-keppninni í Las Vegas á sunnudagskvöld, þar sem skammt var stórra högga á milli. Hún útilokar ekki að um auglýsingabrellu hafi verið að ræða þegar röng drottning var krýnd.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

**Ég var svo þrotuð, og hugsaði bara að ef eitthvað kæmi fyrir mig væri það líklegast eitthvað sem ætti að gerast. Ég varð mér úti um kósí föt og hreiðraði um mig með nammi uppi á hóteli, þar sem öllu var lokað og algjörlega bannað að fara út," segir Manuela Ósk Harðardóttir, fyrrverandi ungfrú Ísland, sem nú dvelur í Las Vegas. Má með sanni segja að Manuela hafi haldið úti stórbrotinni spennusögu á Snapchat-reikningi sínum, sem er þéttsetinn aðdáendum, þegar hún upplifði eitt vandræðalegasta augnablik í sögu Miss Universe-keppninnar skömmu áður en hún var lokuð inni á hóteli vegna möguleika á hryðjuverkaárás á Planet Hollywood í Las Vegas, þar sem hún var stödd.**

Sinnti Manuela hlutverki dómara í tískupallagöngu keppenda, og var því í salnum á sunnudagskvöldið. Má með sanni segja að Vegas-ferðin hennar hafi verið skrautleg, en líkt og flestir hafa orðið varir við var röng fegurðardrottning krýnd, þegar grínistinn Steve Harvey tilkynnti fyrir fullum sal að ungfrú Kólumbía hefði hreppt hnossið, þegar ungfrú Filippseyjar hafði raunverulega verið valin. „Þetta var rosalegt, ég var sjálf í mjög góðu sæti, mitt á milli filippseyska fylgiliðsins og þess kólumbíska. Fólk greip bara um andlitið þegar Steve steig á sviðið aftur og sagðist hafa gert mistök. Það varð dauðaþögn og fólk var bara í sjokki," segir Manuela, sem segir Íslendinga líklega ekki átta sig á umfangi keppninnar, og þeirra mistaka sem áttu sér stað. „Fylgjendur filippseysku stelpunnar tóku þátttöku hennar mjög alvarlega, og í hvert einasta skipti sem hún kom á sviðið bilaðist hópurinn. Þarna voru fullorðnir karlar í sparifötum og með kórónur, þetta var ótrúleg upplifun." Manuela segir þó að ekki hafi komið til handalögmála þegar í ljós kom að röng stúlka bæri kórónuna.

„Fólk var bara rosalega vonsvikið, ég meina, hversu flókið er að segja rétt nafn? Hvernig er hægt að klúðra þessu?" spyr hún, og bætir við að sjálf hafi hún ákveðnar hugmyndir um að þetta hafi verið fyrirfram ákveðið atriði, og fleiri séu á því máli. „Það fóru strax sterkar sögusagnir á flug um það, og fólk sem þekkir þennan keppnisbransa eins og lófann á sér sagði að það hefði verið svolítið skrítið að ekki hefði verið klippt á útsendinguna eins og er alltaf gert þegar búið er að afhjúpa sigurvegarann. Núna voru myndavélarnar hins vegar enn á sviðinu, og allt í þögn. Ég veit að áhorf á keppnina hefur fallið, svo það ýtir enn frekar stoðum undir þessa samsæriskenningu," segir Manuela, og bætir við að ef satt reynist, sé það hryllilega illa gert gagnvart þeirri kólumbísku. „Stemningin varð líka svolítið eins og enginn hefði unnið, sú filippseyska gat eiginlega ekkert glaðst í þessum aðstæðum, hin grátandi og allt frekar skrítið."


Ungfrú Kólumbía, Ariadna Gutierrez, og ungfrú Filippseyjar, Pia Alonzo Wurtzbach, voru heldur vandræðalegar eftir ruglinginn. Manuela segir dauðaþögn hafa ríkt í salnum.

> **ÞETTA VAR ROSALEGT, ÉG VAR SJÁLF Í MJÖG GÓÐU SÆTI, MITT Á MILLI FILIPPSEYSKA FYLGILIÐSINS OG ÞESS KÓLUMBÍSKA. FÓLK GREIP BARA UM ANDLITIÐ ÞEGAR STEVE STEIG Á SVIÐIÐ AFTUR OG SAGÐIST HAFA GERT MISTÖK. ÞAÐ VARÐ DAUÐAÞÖGN OG FÓLK VAR BARA Í SJOKKI.**

En ekki tók betra við eftir að keppni lauk, því þá fékk Manuela þær fréttir að talið væri að hugsanlega hefði verið gerð hryðjuverkaárás í móttöku hótelsins, þar sem hún var einmitt stödd. „Þetta var mjög dramatískt, þetta er auðvitað rosalega stór keppni og ég fæ bara þær upplýsingar að mögulega hryðjuverkaárás hafi átt sér stað á Planet Hollywood, þar sem ég var. Ég var svolítið lengi að koma mér af stað út, svo ef ég hefði farið fyrr, hefði ég vel geta lent í þessu, þar sem fólk sem kom af keppninni var þarna á meðal," útskýrir hún og hneykslast á hve dramatískir Bandaríkjamenn geti verið, en hún var eins og áður segir lokuð inni á hótelinu þar til búið var að blása hryðjuverkaógnina af. „Ætli ég sé ekki dálítið góð í að koma mér í alls konar ævintýri,fólk getur svo bara stokkið á vagninn á Snapchat, manuelaosk," segir Manuela að lokum, og hlær, blessunarlega heil á húfi á leið sinni til Los Angeles þar sem hún ætlar sér að eyða jólunum með fjölskyldunni.
gudrun@frettabladid.is



Manuela mætti í kjólnum sem Tyson gaf henni fyrir þrettán árum, Snapchat-vinum hennar til mikillar gleði. Sjálf sagðist hún hafa frétt af Tyson í salnum, án þess að hitta hann þó.

netto

Jólaopnun Nettó

| | 17.-22. desember | 23. Þorláksmessa | 24. Aðfangadag | 25.-26. jóladag & annan | 30. desember | 31. gamlárs | 1. janúar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri Borgarnes Egilsstaðir Grindavík Búðakór Höfn Salavegur Reykjanesbær Selfoss | 10-22 | 10-23 | 10-13 | lokað | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Grandi Mjódd | opið 24t | opið 24t | opið til 13 | lokað | opið 24t | opið til 15 | lokað |

aðra daga gildir venjuleg opnun | nánar á netto.is

## Fágað indí-popp

**TÓNLIST**

**Dikta**

★★★☆☆

**Easy St.**

**Sena, 2015**

Easy St. er fimmta breiðskífa Garðbæinganna í Diktu og sú fyrsta í fjögur ár. Hljómsveitin hefur notið stöðugra vinsælda á Íslandi í rúman áratug og líklega hefur ríkt talsverð eftirvænting fyrir plötunni. Á heimasíðu sveitarinnar kemur fram að vinna við hana hafi staðið yfir undanfarin tvö ár en skífan var að mestu tekin upp í Þýskalandi með þarlendum upptökustjóra, Sky van Hoff – sem hefur meðal annars reynslu við tónlistarstjórn efnilegra hljómsveita í þýsku útgáfunni af þættinum X-Factor.

Það er á hreinu að mikið er lagt í hljóminn og alla úrvinnslu þeirra 11 laga sem prýða plötuna. Þetta er einhvers konar indí-popp, sem einkennist af hægri og látlausri laglínu uns viðlagið skellur á þegar allt fer á fullt. Textarnir fjalla mikið um vináttu og ástina, já, aðallega ástina og hvernig hún glataðist en hve mikilvægt það er að berjast fyrir henni samt sem áður. Angurværðin svífur sannarlega yfir vötnum en fáir eru betri að tjá þá stemningu en Haukur Heiðar, sem hefur algerlega röddina í dæmið – brothætt en traust í senn.




Nú þegar hafa lögin We'll Meet Again og Sink or Swim fengið talsverða spilun í útvarpi en bæði lögin eru einkennandi fyrir lagasmíðar Diktu. Sándið er mjög poppað en líklega einmitt það sem þessi tónlist krefst, fágað indí-popp af sama meiði og bresku hljómsveitirnar Keane eða jafnvel Coldplay. Gallinn er sá að öll lögin renna meira og minna saman í eitt, ef undan eru skildar ballöðurnar Out Of Breath, Anonymous og I Miss You. Jú, Hope For the Best gæti reyndar reynst óvæntur smellur. En þótt það sé eflaust ótrúlega skemmtilegt að starfa sem ljósameistari á tónleikum sveitarinnar þá vantar ef til vill eftirminnilegri brýr og eftirminnilegri melódíur í viðlögunum til að heildarmyndin gangi jafn vel upp og hún gengur jafnan hjá Diktu.

**Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Fimmta breiðskífa Diktu er unnin af mikilli fagmennsku. Aðdáendur verða ekki fyrir vonbrigðum.




| | 23. DESEMBER | 24. DESEMBER | 25. DESEMBER | 26. DESEMBER | 27. DESEMBER | 28. DESEMBER | 29. DESEMBER | 30. DESEMBER | 31. DESEMBER | 01. JANÚAR | 02. JANÚAR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | TIL KL. 01 | LOKAÐ | LOKAÐ | FRÁ KL. 11 | 24/7 | 24/7 | 24/7 | TIL KL. 00 | LOKAÐ | FRÁ KL. 11 | 24/7 |
| HÖFÐABAKKI | 16-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 16-22 | 11-22 | 16-22 | 16-22 | 16-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| GARÐATORG | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| HJARÐARHAGI | 11-01 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-03 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| FJARÐARGATA | 11-01 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-03 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| SPÖNGIN | 11-01 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-03 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| UNDIRHLÍÐ | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-01 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-01 | 11-01 |
| NÝBÝLAVEGUR | 11-01 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-03 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| KRINGLAN | 11-23 | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | 13-18 | 11-19 | 11-19 | 11-19 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-21 |
| LÓUHÓLAR | 11-01 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-03 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| SKÚLAGATA | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-03 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| HAFNARGATA | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| RJÚPNASALIR | 16-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 16-22 | 11-22 | 16-22 | 16-22 | 16-22 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| SMIÐJUVELLIR | 16-22 | LOKAÐ | LOKAÐ | 16-22 | 11-22 | 16-22 | 16-22 | 16-22 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| EYRAVEGUR | 11-22 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| HÁAHOLT | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| ÞÖNGLABAKKI | 11-22 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| HRAUNBÆR | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| DALBRAUT | 11-00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-22 | 11-00 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |



Gunnar Hrafn er kannski ekki gamall en hann er með ansi fína ferilskrá. Hann munar ekki um að bregða sér í persónu Charlie Brown. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Búinn að finna fjölina

Gunnar Hrafn Kristjánsson talar fyrir hinn þekkta Charlie Brown í nýrri mynd um Smáfólkið. Myndin er eingöngu talsett af börnum.

Gunnar Hrafn Kristjánsson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni um Smáfólkið sem frumsýnd verður annan í jólum. Myndin þykir merkileg fyrir þær sakir að í fyrsta skipti er kvikmynd talsett eingöngu af krökkum, sem ekki eru fordæmi fyrir á Íslandi áður, og eru þau öll undir tólf ára.

„Ég fór bara í nokkrar prufur, og svo kom í ljós að ég yrði valinn Charlie Brown,“ segir Gunnar Hrafn, alsæll með nýja hlutverkið. Segist hann ekki hafa þekkt Charlie Brown þannig séð, hann hafi jú kannast ágætlega við Snoopy, hundinn hans, áður en hann tók að sér verkið. „Hann er samt skemmtilegur karakter, alltaf niðurdreginn og svona,“ segir Gunnar Hrafn hlæjandi, og bætir við að óhætt sé að fullyrða að um sé að ræða andstæðu við hann sjálfan. „Ég er vanur að leika hressa týpu, svo það var svolítil breyting fyrir mig að tala eins og ég sé niðurdreginn,“ útskýrir hann, sem þrátt fyrir ungan aldur komið víða við í þessum geira.

„Ég hef verið að tala inn á myndir síðan ég var átta ára, þá inn á Kartöflukrílin,“ segir hann, og telur upp myndir á borð við Rio, nýjustu Tarzanmyndina, Danna tígur og Hvolpasveitina, sem hann hefur unnið að. Auk þess hefur hann verið valinn Jólastjarna Björgvins, og lék í Fólkinu í blokkinni.

Skyldu menn vera farnir að finna fyrir frægðinni, rétt tólf ára gamlir? „Já, það má segja það. Ég er aðallega þekktur fyrir Fólkið í blokkinni, og það er alveg verið að stoppa mig til að fá myndatöku,“ skýrir Gunnar hógvær. „Mér finnst það bara gaman, krakkarnir í bekknum kalla mig seleb, en nú er ennþá skemmtilegra því nú er komið nýtt seleb, hann Hálfdán Helgi, sem var valinn Jólastjarnan í ár, eins og ég í fyrra,“ segir hann ánægður og svarar játandi þegar spurt er hvort þeir ræði bransann sín á milli í skólanum.

Gunnar Hrafn segist sannarlega hafa fundið fjölina sína þó hann sé ekki eldri en raun ber vitni. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt, ég er búinn að finna minn stað,“ segir hann að lokum spenntur yfir að fá að berja myndina augum sjálfur en hingað til hefur hann aðeins séð ensku útgáfuna. gudrun@frettabladid.is

## Börnin náttúrulegri leikarar



„Þetta gekk vonum framar, þetta er langt ferli og Dreamwork sem framleiðir myndina verður að samþykkja allar raddirnar sem notaðar eru,“ segir Rósa Guðný Þórsdóttir hjá Stúdíó Sýrlandi sem hélt utan um hópinn. „Við byrjuðum á að leita að börnum í vor, fengum til okkar fjörutíu til fimmtíu börn, sem svo var valið úr, og á endanum voru börnin fjórtán, sem skipuðu þannig allan leikarahópinn,“ útskýrir Rósa, en hún veit ekki til þess að áður hafi mynd verið talsett eingöngu af börnum á Íslandi.

Rósa segir skemmtilegt að vinna með börnum, þau hafi oft forskot á fullorðna leikara þegar á að vera eðlilegur þar sem þau komi meira með sinn karakter að borðinu, börn þurfi meiri leikstjórn og aðstoð en menntaðir leikarar, eðlilega, það er ekki einfalt að talsetja og krefst mikillar tækni, hins vegar séu börn sem valin eru í slíkt oft gædd náttúrutalenti.

# Talsverðar líkur á aukatónleikum

Talsverðar líkur eru á því að Justin Bieber muni halda aukatónleika hér á landi í ljósi gríðarlegrar eftirspurnar. „Við erum á fullu að reyna að landa aukatónleikum og þetta lítur bara ágætlega út,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari hjá Senu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins færu aukatónleikarnir fram þann 8. september, eða daginn fyrir þá tónleika sem uppselt er á. Uppselt varð á tónleikana á um 44 mínútum.

„Eftirspurnin er svo margfalt meiri en framboðið. Það að við náum að landa aukatónleikum er það sem leysir öll vandamálin, það er sárvöntun á öðru sjóvi,“ segir Ísleifur. Hann getur þó ekki staðfest hvort og hvenær mögulegir aukatónleikar færu fram að svo stöddu.

Hann segir að eftirspurnin hafi komið á óvart. „Þetta kemur mér auðvitað á óvart, að það þurfi tvenna nítján þúsund manna tónleika í þrjú hundruð þúsund manna landi. Þetta eru tæplega 13% af þjóðinni, þetta hlýtur að vera heimsmet,“ segir Ísleifur hress.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Bieber spenntur fyrir Íslandi. „Mér skilst að hann hafi beðið sérstaklega um að það væru tónleikar í túrnum á Íslandi og að hann sé spenntur fyrir því að koma aftur til Íslands.“



Poppprinsinn er ákaflega vinsæll um heim allan og hefur eftirspurnin eftir miðum á tónleika hans verið brjálæðisleg um heim allan. Justin Timberlake hélt tónleika í Kórnum í fyrra og þá voru 16.000 miðar í boði en 19.000 miðar voru í boði á tónleika Biebers. „Við ákváðum að fara extra varlega síðast en húsið tekur 19.000 manns.“

Ekki liggur fyrir hver eða hvort upphitunaratriði verða á tónleikum Biebers. – glp

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*









Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com

# NÝTT Á RÚMIÐ FYRIR JÓLIN




**15% AFSLÁTTUR**

22.015 KR.

~~25.900 KR.~~

## ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT

**ELEGANTE RÚMFÖT – JÓLASENDINGIN KOMIN**

**JÓLATILBOÐ**

### SERTA DELUXE HEILSURÚM

VERÐDÆMI: 160 x 200 cm.
með hlífðardýnu og laki.

**169.000 KR.***

~~213.200 KR.~~

**Í BOÐI VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI**

**14.981 KR. Á MÁN**



FÁANLEGT Í STÆRÐUNUM
120/140/160/180/192 X 200 CM.

* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl

**15% AFSLÁTTUR**

### TIMEOUT HÆGINDASTÓLL OG SKEMILL

**322.980 KR.**

~~379.800 KR.~~



**15% AFSLÁTTUR**

### QUADRO SVEFNSÓFAR

með vandaðri latex heilsudýnu.
Dýnustærð 140 x 200 cm.

**231.920 KR.**

~~289.900 KR.~~




**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

# HEILSUKODDAR OG DÚNVARA Í SÉRFLOKKI

OPIÐ Í DAG 10-20
ÞORLÁKSMESSA 10-22
AÐFANGADAG 10-13



### TEMPUR ORIGINAL

Þessi veitir góðan stuðning. Hentar vel þeim sem sofa á hlið.



**18.900 KR.**

15% AFSLÁTTUR

### TEMPUR TRADITIONAL

Traditional koddinn er fáanlegur mjúkur, medium og stífur. Veldu kodda sem hentar þér best.



**16.915 KR.** ~~19.900 KR.~~

### TEMPUR CLOUD COMFORT

Tilvalinn fyrir þá sem vilja Tempur stuðning en mýktina líka.



**24.875 KR.**

## DÚNVÖRUR

Satin dúnsæng og dúnkoddi.
100% Satinbómull í áklæði.
Sæng: 90% moskusdúnn,
10% smáfiður.

SATIN DÚNKODDI
**8.900 KR.**
~~13.900 KR.~~

SATIN DÚNSÆNG
**23.900 KR.**
~~32.900 KR.~~



ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

## EINSTÖK MÝKT

### BELLA DONNA ALOE VERA LÖK

Fáanleg í öllum stærðum og ótal litum.



## HEILSUINNISKÓR

Tilvalin jólagjöf. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um hann.

| 1 PAR | 2 PÖR | 3 PÖR |
|---|---|---|
| 3.900 KR. | 6.980 KR. | 9.900 KR. |



AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA
22. des. kl. 10–20 | 23. des. kl. 10–22 | 24. des. kl. 10–13

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Veröld a la Arnarnes

Eitt hádegishléið ætlaði ég að fara að rífa í mig samloku á torgi í Malaga þegar geitungur mikill kemur aðvífandi og ætlaði að deila henni með mér. Varð ég reiður mjög og lamdi til þess röndótta en án árangurs.

Þá datt mér í hug að rífa smá bút af samlokunni, leggja hann á tröppurnar þar sem ég sat og setja samlokuna í pokann uns geitungurinn færi að gamna sér yfir skorpunni. Þegar hann gerði það tók ég samlokuna upp aftur og át geitungi til samlætis. Úr varð hin mesta gæðastund.

Linkind mín var ekki lengi að spyrjast út og innan skamms var ég orðinn vinsæll mjög í skordýraheimum, þó ég segi sjálfur frá. Nú síðast í gærkvöldi seig kónguló fyrir framan nef mitt meðan ég var að fylgjast með Norðfjarðarsögu Egils Ólafssonar af tölvuskjá. Mín fyrsta hugsun var að klippa á þráðinn og kremja kóngulóna undir ilskónum en ég hætti við. Hún sveiflaðist hins vegar í þræðinum þar sem ég andvarpaði en því næst fór ég að dást að aðförunum og varð úr hin skemmtilegasta stund.

Þessar litlu verur hafa sannfært mig um að við mannfólkið séum orðin svo dekruð að okkur finnst við eiga rétt á því að verða ekki fyrir neinum inngripum í lífinu. Það á að útiloka allt slíkt rétt eins og veröldin væri Arnarnes. Eru ekki múrar heimsins byggðir með þessu viðmóti? Og af mönnum sem vilja frekar breyta veröldinni en viðhorfi sínu. Vilja loka sig inni í vandalausri veröld. En það eru einmitt oft þessi inngrip sem gera lífið skemmtilegt. Lífið er nefnilega það sem kemur fyrir meðan við erum upptekin við aðrar áætlanir einsog Frið-jón sagði.

Í morgun rakst ég svo á ófrýnilegt suðrænt skordýr á baðherbergisgólfinu. Ilskórinn var kominn á loft en þá minntist ég þess að mér stafar mun meiri hætta af þessum smákallalegu viðbrögðum en litlum meinleysingja á gólfinu.








